



Töfraskinna

BÓKMENNTIR FYRIR MIÐSTIG

Lestrarráð!

Kæri nemandi

Allir námsmenn þurfa að temja sér góðar námsvenjur. Hér eru góð ráð sem gætu hjálpað þér við lestur.

Áður en þú byrjar lesturinn

- Skoðaðu bókina vel, myndir, kort og gröf.
- Lestu efnisyfirlit og kaflaheiti.
- Um hvað fjallar bókinn?
- Hvað veist þú um efnið?

Á meðan þú lest

- Finndu aðalatriðin.
- Skrifaðu hjá þér minnispunkta.
- Gott er að gera skýringarmyndir eða hugarkort.
- Spurðu um það sem þú skilur ekki, t.d. orð og orðasambönd.

Eftir lesturinn

- Rifjaðu upp það sem þú last.
- Veltu fyrir þér hvað eru aðalatriði og hvaða atriði skipta minna máli.
- Hugsaðu um það sem þú hefur lært og tengdu við það sem þú vissir áður.
- Reyndu að endursegja textann með eigin orðum.

Töfraskinna

BÓKMENNTIR FYRIR MIÐSTIG

ISBN 978-9979-0-2098-1

- © 2016 höfundar og réttthafar texta
- © 2016 Emil Hjörvar Petersen, Harpa Jónsdóttir
- © teikningar: Sigmundur Breiðfjörð
- © Sjá skrá yfir réttthafa ljósmynda á bls. 136

Ritstjóri: Sigríður Wöhler

Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

Yfirlestur: Ingunn Óladóttir grunnskólakennari

Ljósmynd á forsíðu: Shutterstock

1. útgáfa 2016

Menntamálastofnun Kópavogi

Leturgerð meginmáls: Shonar Bangla, 15 pt.

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

Prentvinnsla: Oddi ehf. – umhverfsvottuð prentsmiðja

Öll réttindi áskilin

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem

með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan

sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis

útgefanda.

Töfraskinna

BÓKMENNTIR FYRIR MIÐSTIG



MENNTAMÁLASTOFNUN

Efnisyfirlit

Kæru lesendur..... 5

1. KAFLI

Tíminn	6
Tímakistan.....	8
Furðusögur	16
Gegnum glervegginn	17
Flóttinn	24
Gullgerðarmaðurinn	26
Teningur Mortimers	28
Málshættir um gull	31
Japönsk ljóð - tönkur	32

2. KAFLI

Vættir og vörtur	34
Harry Potter og viskusteinninn	36
Nátttrölllið	48
Íslenskt vættatal: Tröll	50
Grimmssystur: Ævintýraspæjarar	52
Helgi tattú	55

3. KAFLI

Að leggja orð á streng	57
Veidigyðjan	58
Handrit	72
Astrópía	75
Myndasöguhandrit	80
Fenrir	84
Völuspá og Tolkien	86

4. KAFLI

Halló, er einhver þarna?	88
Þær koma!	90
Hungurleikarnir	94
Raunveruleikasjónvarp	101
Veriði velkomin til Mars	102
Geimverurnar og barnið	105
Vísindaskáldskapur	106
Japönsk ljóð - hækur	108

5. KAFLI

Undir norðurljósum	110
Skuggasjónaukinn	112
Mýrdalsjökull	120
Ísbirnir	124
Samar og jojk	126
Svartir steinar	128
Fyrstu skrefin	130
Desemberbréf	133
Heimildir	134
Teikningar og ljósmyndir	136

Staldráðu við ...



Ræðið saman, veltið fyrir ykkur, segið ykkar skoðun og hlustið á aðra.



Skrifið um efnið. Stundum er mikilvægt að rökstyðja skoðun sína. Leyfið hugmyndum ykkara að njóta sín. Þið getið skapað ykkar eigið skáldverk.



Gerðið ykkar eigin rannsókn á efninu. Finnið ítarlegri upplýsingart.d. á bókasafninu, á veraldarvefnum eða með því að tala við aðra.



Tjáið og túlkið, t.d. með því að setja upp leikþátt, spunaverk, lesa upp, teikna, syngja eða dansa.



Vinnið saman í hóp. Þið þurfið bæði að setja fram ykkar hugmyndir og hlusta á hugmyndir hinna í hópnum. Mikilvægt er að hópurinn sé samstíga og þá þarf stundum að miðla málum, þ.e. að gefa eftir sína skoðun ef meirihluti hópsins vill það.



Íhugun. Hugsaðu málið.

Heyr rödd formæðranna

Heyr bróðir
heyr systir
heyr rödd forfeðranna:
Hvers vegna læturðu jörðina þjást
eitraða og kvalda?

Heyr bróðir
heyr systir
heyr rödd formæðranna:
Jörðin er móðir okkar
Sálgum við henni
deyjum við sjálf

Er þinn skaði þegar skeður
ert þú líka ánetjaður
Heyr
þau spyrja þig:
Hefurðu gleymt uppruna þínum
Þú átt bræður
þú átt systur
í regnskógum Suður-Ameríku
á hrjóstugri strönd Grænlands
Hefurðu gleymt uppruna þínum

— Mari Boine
(ísl. þýðing: Einar Bragi)

Jojk er einstakur söngur Sama sem lýsir gjarna tengslum manns og náttúru. Þið lesið meira um þetta í síðasta kafla bókarinnar.

Kæru lesendur

Velkomin á vit ævintýranna.

Í þessari bók fáid þið meðal annars að kynnst frásögnum þar sem undur og furður ráða ríkjum og hið ómögulega verður mögulegt. En þið fáid einnig að kynnst hversdaglegri ævintýrum, ægikröftum náttúrunnar og sköpunarkrafti ykkar sjálfra. Hér eru ekki aðeins sögur, heldur einnig ljóð, blaðagreinar, myndasögur, viðtöl og fræðitextar. Margir textanna eru furðusögur þar sem allt getur gerst. Textarnir koma víðsvegar að, frá Íslandi sem og öðrum löndum.


Frásagnarlistin hefur fylgt mannkyninu frá alda öðli og segja má að hún sé einn af hornsteinum menningarinnar. Hugsid ykkur: höfundur ímyndar sér atburðarás og skrifar hana niður en svo meðtaka lesendur textann og hver þeirra túlkar það sem hann les á sinn hátt. Hver lestrarupplifun er einstök, því að ímyndunarafli hvers og eins er einstakt. Þannig eru töfrar frásagnarinnar ótakmarkaðir og brunnur hugmyndaflugsins ótæmandi.

Verkefnin í bókinni eru fjölbreytt. Ykkur mun til dæmis gefast tækifæri á að spreyta ykkur í ritlist, meðal annars með því að skrifa örsögu, þjóðsögu, ljóð og myndasöguhandrit. Önnur verkefni byggjast á rannsóknum, hópvinnu og umræðum um lífið og tilveruna.

Megi Töfraskinna færa ykkur jafn mikla ánægju við lestur og verkefnavinnu og hún færði okkur við að velja texta og semja.



Emil Hjörvar Petersen og Harpa Jónsdóttir





1. KAFLI TÍMINN

Ert þú í tímahraki? Þarftu oft að flýta þér? Í þessum upphafskafli byrjar klukkan að tifa, en láttu það ekki reka á eftir þér við lesturinn. Hér hittum við meðal annars Dímon, konung Pangeu, sem óttast framrás tímans meira en allt annað. Einnig verður á vegi okkar gullgerðarmaðurinn Nicolas Flamel sem hefur einsett sér að lifa að eilífu. En Mortimer, sjálfur dauðinn, hefur allt aðrar skoðanir á lífi og dauða. Hinum agnarsmáu nálfum liggur mikið á og Áróra prinsessa flýtir sér að finna foreldra sína því eitthvað er búið við borgina innan við múrinn. Tikk, takk. Tikk, takk ...



Tímakistan — Andri Snær Magnason

Þegar Dímon, konungur Pangeu missir eiginkonu sína, einsetur hann sér að sigra allan heiminn. Exel, bókhaldari hans, stjórnar ríkinu meðan á herförinni stendur. Síðasta vígið er sjálft norðurskautið en þar hittir Dímon gamla konu sem gengur við staf úr náhvalstönn og færir honum skelfilegar fréttir. Nú er hann loksins á leiðinni heim.

Dímon: Konungur Pangeu

Hrafntinna: dóttir hans

Vorsól: látin móðir Hrafntinnu

Þórdís: fóstura Hrafntinnu

Jako: Öldungur sem talar

aðeins í spakmælum

Exel: bókhaldari konungs

Ráðfinnur: ráðgjafi konungs

Stríðið við tímann

Pangeubúar tóku á móti Dímoni með lúðrablæstri og skrudgöngum. Dímon horfði stoltur á steinlögð strætin og gyllta turna hallarinnar. Mest hlakkaði hann þó til að sjá Hrafntinnu. Hún beið eftir föður sínum í bláum kjól. Hún var orðin svo stór að hann þekkti hana varla aftur. Hún hefði viljað stökkva í fang hans en í höllinni tíðkuðust formlegir hirðsiðir. Hún hneigði sig því þrúð, rétti fram hönd sína og fór með kveðjuna sem hún hafði lært:

– Velkominn heim, faðir minn konungur.

Konungur var virðulegur eins og konungi sæmir og sagði:

– Takk fyrir, gleður mig að hitta þig, dóttir mín góð.

Hrafntinna **gaumgæfði** föður sinn. Hann var ólíkur málverkunum og röddin ekki eins og hún hafði ímyndað sér. En það gafst ekki tími til að spjalla. Lúðrahljómur gaf til kynna að þau skyldu ganga beint inn í gyllta veislusalinn. Þar settust þau hvort við sinn endann á langborðinu þar sem tvö hundruð tignir gestir sátu í röð og fögnuðu

Hvernig siðir heldur þú að það séu?

með glasaglaumi og söng. Hrafninn hafði ekki séð þetta fólk áður, alls kyns landstjórar og herforingjar stóðu upp með reglulegu millibili og héldu langar ræður. Þetta var stór dagur því héðan í frá yrði heiminum stjórnað frá konungshöllinni í Pangeu.

Hrafninn sá rétt glitta í föður sinn við hinn enda borðsins þar til aðalrétturinn myndaði fjallgarð á milli þeirra. Í matinn var heilgrillaður fill sem var fylltur með vísundi sem var fylltur með sebrahesti sem var fylltur með antilópu sem var fyllt með geit sem var fyllt með kanínu sem var fyllt með skógarmús sem var með marínerað krækiber í rassinum.

Þegar veislugestir voru farnir og Hrafninn var háttuð kom konungur og settist hjá henni.

– Það er gott að vera kominn aftur, sagði hann og strauk henni blíðlega um kollinn.

– Takk fyrir öll bréfin, sagði hún feimnislega. – En mér finnst miklu betra að hafa þig hjá mér.

Frá rúmi hennar sást glitta í stjörnur í loftglugga. Konungur benti á eina rauða stjörnu sem blikaði skærust allra.

– Þessi stjarna heitir eftir móður þinni, hún heitir Vorsól. Hún vakir yfir þér og fylgist með þér.

Hrafninn starði **hugfanginn** á stjörnunni og fékk kökk í hálsinn. Konungur dró bréf úr vasa sínum og rétti Hrafninnu. Það var skrifað á kálfskinn og lokað með gylltum innsiglum.

– Ef eitthvað gerist, Hrafninn, ef eitthvað kemur fyrir mig og þú lendir í vanda skaltu opna þetta bréf. Það vísar leiðina að koti við litla tjörn þar sem móðir þín hvílir. Þar á þér að vera óhætt. En þú mátt aðeins opna það ef allar aðrar leiðir eru ófærar.

Hrafninn sá að hann var alvarlegur á svip. Hún kinkaði kalli og tók við bréfinu.

Konungur kyssti hana létt á kollinn. – Þú ert svo sannarlega fögur eins og svala, sagði hann, strauk henni um vangann og sagði góða nótt. Hún fann hvað hönd hans var stór og mjúk, hún hlustaði á rödd hans

sem var djúp og hljómmikil. Hún brosti innra með sér. Nú var allt orðið gott.

– Góða nótt, sagði hún og svaf djúpum og sælum svefni.


Þegar Hrafninn vaknaði var eitthvað undarlegt á seyði. Það var kominn dagur en úti var ekki fullkomlega bjart og ærandi garg barst að utan.

Hrafninn leit út og sá að turnar hallarinnar voru eins og svartir fjaðrahattar, sérhver flötur var þéttsetinn sendikrákum. Þær svifu kringum turnana í **uppstreyminu** og það heyrðist vart mannsins mál fyrir krunki. Hrafninn horfði á hirðmenn vopnaða háfum grípa krákurnar, flokka bréfin og setja í bunka sem þeir báru inn til konungs. Hrafninn fékk sér morgunmat en konungur var hvergi sjáanlegur.

– Hann er víst að stýra veröldinni, sagði Þórdís.

Þannig leið dagur, vika og önnur vika án þess að hún sæi föður sinn. Hann var alltaf inni á skrifstofu að stjórna.

Hverjir ætli hafi sent öll þessi bréf með sendikrákunum?



uppstreymi: það að eitthvað streymir upp (t.d. hlýtt loft).

Hrafnitinn ákvað loks að leita hann uppi. Hún tók pönduna í fangið og skáskaut sér framhjá fólki sem var á þönum með alls kyns pappíra. Hún komst loks að skrifstofunni þar sem konungur sat á bak við risavaxinn bunka af skjölum og reglugerðum. Fyrir aftan hann hékk risastórt kort af öllum heiminum. Exel stóð með langan lista og þuldi:

– 11.493 hafa óskað eftir viðtali, herra konungur, og 398 landstjórar vilja fá þig í opinbera heimsókn. Þín biða 3.578 lög til undirritunar, 2.567 tilskipanir, 465 líflátsdómar, fjórar náðanir og enn biða 14.522 krákur með ólesin skilaboð.

– Þær mega biða, stundi konungur, – ég verð að leggja mig.

– Því miður, konungur, þær éta uppskeruna ef biðin verður of löng. Við slepptum 2.000 krákum í nótt en í morgun komu 3.000 nýjar með áriðandi beiðnir. Heimurinn stýrir sér ekki sjálfur.

Hrafnitinn gekk feimnislega nær. Konungur leit upp, brosti þreytulega en sagði svo:

– Farðu nú aðeins út í garð og leiktu þér. Ég kem rétt strax, ég þarf að svara mikilvægu bréfi.

Hrafnitinn gekk dauf í dálkinn út í garðinn sinn með pönduna í eftirdragi og hitti Jako. Hún settist við tjörnina og horfði á stóru hornsílin synda hjá. Litli nashyrningurinn nagaði heytuggu og dádýrin sváfu undir sveppi.

– Þögnin **sefar** ekki sorgina, sagði Jako.

– Af hverju er hann svona upptekinn?

– Sá sem safnar öllu sprekinu gæti brennt sig á bálínu.

– En hvenær verður hann búinn að stýra heiminum? spurði Hrafnitinn. – Núna hefur hann engan tíma!

– Líklega aldrei, sagði Jako. – Heiminum verður ekki stýrt með einu höfði.

Konungur sat í miðjum valdavef heimsins, ringlaður í höfðinu yfir öllu sem þurfti að stýra og stjórna. Hann var yfirleitt farinn á fund áður en Hrafnitinn vaknaði svo hann gat aldrei sagt góðan dag og

Hvað á Jako við?

hann náði yfirleitt ekki að segja góða nótt heldur. Hann var ekki viss hvort hann var kónguló eða fluga föst í neti tímans.

– Get ég farið með Hrafninu í lundinn í sumar? spurði hann Exel.

– Því miður ertu fullbókaður í þrjú ár og fimm mánuði fram í tímann.

– Er ekki stundum betra að stjórna meira með því að stjórna minna? spurði konungur vongóður.

– Stjórnlaust mun ríkið liðast í sundur, sagði Exel.

Þegar konungur fékk loksins næturhvíld leit hann inn til Hrafninu og sá stúlkuna sína sofa værum svefni. Hún var orðin svo stór að tærnar stungust undan sænginni. Hann lagðist í rúmið sitt og lá andvaka. Um leið og hann lokaði augunum ómuðu orð konunnar á ísbreiðunni í höfði hans: Það sigrar enginn heiminn sem ekki getur sigrað tímann. Öll þessi ár, allir þessir sigrar voru í raun til einskis á meðan tíminn lék lausum hala. Það var eins og orðin hefðu verið húðflúruð á sál hans með náhvalstönninni. Tíminn tortímir þér að lokum. Augnablikið þegar hún snart hann með sprota sínum hvarf ekki úr minni hans og kuldinn vék ekki úr brjóstinu. Eins og lag sem límist á heilann hljómuðu orðin Allt hverfur, allt deyr, allt er til einskis í holu brjósti hans. Honum fannst krákurnar öskra:

– ARG ARRГ AALLT HVERFUR! ARRГ ARG AALLT ER TIL EINSKIS! ARG ARRГ AALLT DEYR!

Stöðugt tif í höfði hans var að gera hann sturlaðan. Tikk tikk tikk tikk. Eins og vekjaraklukka eða dropar að detta. Það var sama hvert hann horfði. Honum fannst allur heimurinn **storka** sér. Fjöllin gnæfðu yfir honum milljón ára gömul. Öldurnar hlógu að honum og gusuðust eins og þær myndu gusast til eilífðar. Stjörnurnar tindruðu og tóku ekkert tillit til hans. Hann var bara lítið kusk sem myndi brátt fjúka burt.

Konungur lötraði þreyttur inn á skrifstofu. Hann leit yfir skjalabunkann og málverkin af sér og prinsessunni fögru. Hann horfði á skartið, vopnin og klæðin. Til hvers var þetta allt ef mölur

Hvernig lítur
náhvalstönn út?

og ryð myndu að lokum granda þessu öllu? Ef allt yrði tímanum að bráð? Hann leit á landakortið sem sýndi hvernig ríkið þandi sig nú að ystu mörkum veraldar. Hann hugsaði um alla staðina, öll undrin, allan matinn og lystisemdirnar, allar hallirnar sem hann átti en myndi aldrei stíga fæti í.

- Hvað á ég margar hallir? spurði hann Exel.
- 9.822, sagði Exel.
- Hvað tekur langan tíma að sofa eina nótt í þeim öllum?
- 246 ár með ferðalögum, sagði Exel.
- Hvað á ég mikið af víni? spurði hann.
- 746.425 lítra af eðalvíni, konungur.
- Hvað er ég lengi að drekka það?
- 409 ár ef þú drekkur fimm flöskur á dag.
- Get ég stýrt ríkinu ef ég drekk fimm flöskur á dag?
- Þú gætir ekki gengið, konungur, sagði Exel.
- Hvað á ég marga gæðinga? spurði konungur.
- 54.983, sagði Exel.

Honum myndi aldrei endast ævin til að njóta þeirra heldur. Dímon varð reiður og þrumaði:

– Það er ÉG sem stýri ríkinu! Ég náða menn og dæmi til dauða, ég sigra orrustur, ég get steipt guðum og látið fólk tilbiðja mig í þeirra stað en samt er mér úthlutaður sami tími og aumasta þræl! Betlari getur orðið hundrað ára en ég gæti þess vegna hrokkið upp af á morgun. Til hvers að sigra heiminn ef heimurinn rænir síðan tíma mínum? Exel, þú sem getur breytt lofti í gull, þú hlýtur að kunna ráð við grimmd tímans.

Exel sló eitthvað inn á vélina sína, hristi höfuðið og sagði þurrlega:

- Þetta er því miður bláköld staðreynd, konungur.

Þú munt eldast og deyja og gleymast að lokum. Eins og allt í heiminum. Því miður.

Ofan úr turni sínum horfði konungur á Hrafninnu hlaupa á eftir dádýrunum, þeim Mána og Tindi. Tilhugsunin um að mesta gersemi

veraldar myndi eldast, hrörna, deyja og gleymast, þótti honum verst. Hún myndi hverfa í gráðugt gin tímans eins og móðir hennar og allir sem prýddu málverkin í höllinni. Hann rétt skrapp að heiman til að sigr heiminn en þegar hann kom aftur höfðu tólf ár liðið.

Skyndilega var eins og Dímon rankaði við sér. Hann lét kalla til sín alla æðstu yfirmenn ríkisins og baðaði út höndunum á meðan hann gaf frá sér eftirfarandi tilskipun:

– Hver sá sem finnur leið til að varðveita æsku og fegurð prinsessunnar og gerir mér kleift að sigr tímann, minn skæðasta óvin, hlýtur að launum hálf konungsríkið!

Ráðfinnur fölnaði og randaflugurnar mynduðu upphrópunarmerki yfir höfði hans. Hann spurði eins og ráðgjafa er von og vísa:

– Er nauðsynlegt að gefa frá sér hálf konungsríkið?

Ráðfinnur lét ekki á því bera að skynsemi hans öskraði:

– HIMNARNIR HJÁLPI MÉR! KONUNGURINN ER GENGINN AF GÖFLUNUM!

En konungur spurði á móti í hreinni einlægni.

– Hvers virði er mér hálf ríkið ef ég hef engan tíma til að njóta þess. Hann benti á konu sem skrúbbaði gólfið skammt frá.

– Já, ef ég lifi ekki lengur en **auvirðileg** gólftuska!

En konungur vissi ekki að þetta var gáfuð kona og margfróð. Hún hristi hausinn og skrifaði með tuskunni á gólfið:

– Gættu að óskum þínum!

Konungur fraus í sporunum. Hann stirðnaði upp og þrumaði:

– Hvað sagðir þú?

Konan leit upp og svaraði engu. Augu hennar voru alhvít eins og strútsegg.

– Þú stýrir ekki örlögum þínum, heldur ég! Fyrir ljónin!

Konungur strunsaði áfram en Ráðfinnur stóð vandræðalegur hjá. Hann sá ekki betur en að konungur væri að tala við sjálfan sig. Hann sá enga konu.

Staldráðu við ...



1. Öldungurinn Jako talar aðeins í spakmælum. Finnið öll spakmælin hans í kaflanum og reynið að útskýra hvað þau merkja. Berið svörin ykkar saman við svör hinna hópanna. Athugið að það er ekki endilega eitt rétt svar, það getur vel verið hægt að leggja mismunandi skilning í spakmæli.



2. Veltið fyrir ykkur eftirfarandi spurningum:
 - a) Er hægt að sigra tímann? En heiminn?
 - b) Er það eftirsóknarvert? Hvers vegna/hvers vegna ekki?
 - c) Ef þú gætir stjórnað tímanum, hvað myndirðu vilja gera? Hvaða tíma myndirðu spara?



3. Veldu eitt verkefni:
 - a) Þú ert aðalritari hirðarinnar. Skrifðu tilkynningu til þegna Pangeu þar sem væntanleg heimkoma konungsins er kynnt.
 - b) Þú vinnur í konungshöllinni. Hannaðu og skrifaðu boðskort í veisluna þar sem heimkomu konungsins er fagnað.
 - c) Þú ert yfirkokkur hallarinnar. Hannaðu og skrifaðu matseðil veislunnar. Mundu eftir meðlæti með réttunum og öllu tilheyrandi.
4. Konungurinn er ekki viss um hvort hann sé kónguló eða fluga, föst í neti tímans. Hvort finnst þér lýsa aðstæðum hans betur og hvers vegna? Skrifðu stuttan texta. Ef þú vilt getur þú látið skýringamynd fylgja með.



5. Konungurinn á svo mikið að hann mun aldrei geta notið þess alls. Ræðið hvað þið mynduð gera ef þið væruð jafn efnuð og konungurinn. Hvað mynduð þið gera við allan auðinn?



6. „Allt hverfur, allt deyr, allt er til einskis,“ segir gömul kona við konunginn þegar hann er búinn að sigra allan heiminn. Hvað heldur þú að hún eigi við? Finnst þér hún hafa rétt fyrir sér?

Hvaða furðusögur
hefur þú lesið?

Furðusögur

Hugtakið furðusaga var áður notað yfir ævintýri en hefur nú fengið víðtækari merkingu sem samheiti m.a. yfir fantasíur, vísindaskáldsögur og hrollvekjur.

Í 4. kafla Töfraskinnu er vísindaskáldskapur áberandi. Í þessum kafla og í þeim næsta flokkast margar af sögunum undir fantasíur. Fantasíur eru sögur þar sem má finna yfirnáttúruleg öfl og hið ómögulega verður mögulegt. Fantasíum má skipta í tvo meginflokkar: háfantasíur og lágfantasíur.

Háfantasíur fjalla gjarnan um hetjur í tilbúnum heimi þar sem ævintýri, svaðilfarir, undur og stórmerki eiga sér stað. Álfar og kynjaverur eru áberandi og einnig barátta góðs og ills. Dæmi um þetta er *Hringadróttins saga* eftir J.J.R.Tolkien.

Lágfantasíur standa okkur nærri og endurspeglar stundum samtímann. Þær gerast í raunveruleika eða hliðarheimi, með áherslu á baráttu og valdatafl frekar en undur og töfra. Dæmi um þetta er *Harry Potter* eftir J.K.Rowling.



Gegnum glervegginn — Ragnheiður Gestsdóttir

Óréttlæti, harðstjórn, misskipting auðs og uppreisn þeirra sem búa við kúgun og sára fátækt eru algeng þemu furðusagna. Í bók Ragnheiðar Gestsdóttur, *Gegnum glervegginn*, lifa borgarþúar í vellystingum innan rammgerðra múra á meðan allir aðrir líða skort. Áróra prinsessa hefur alist upp alein, innilokuð í glerhvolfi alla sína ævi, en nú er hún sloppin út og komin til borgarinnar.

10. kafli Borgin (brot)

— Hver ertu og hvers vegna í ósköpunum ertu komin hingað?

Áróra ræskir sig og horfir andartak niður á bera fætur sína sem eru **blóðrisa** eftir klifrið. Svo stendur hún upp, leysir klútinn af höfðinu og hristir höfuðið, svo síðar gullnar flétturarnar hrynja niður á axlir og bak. Kannski er bara best að láta stúlkuna sjálfa komast að því hvað er á seyði.

— Neeiiiiii ...

Stúlkann stendur upp og hörfar ósjálfrátt aftur á bak í átt að dyrunum.

— Nei! Þú mátt ekki segja neinum, ekki kalla á verðina ... stynur Áróra upp og réttir hendurnar fram biðjandi. Stúlkann áttar sig og hristir höfuðið.

— Nei, auðvitað ekki. Ég skal ekki kalla á neinn. Þeir myndu líka örugglega taka mig ... nei, ég segi auðvitað ekkert. En ég skil ekki ... ertu hún? Ertu í alvöru Áróra prinsessa? Hvað ertu að gera hér? Og svona til fara, í lörfum eins og fátæk sveitastelpan! Ég hélt að þú værir óhult í glerhvolfinu þínu!

— Já, ég er Áróra. En ég fór úr **Hvolfinu** fyrir mörgum dögum. Vissirðu það ekki? Ég hélt að allir væru að leita að mér! Það voru verðir úti um allt og ég held að þeir hafi meira að segja kveikt í húsum í þorpinu þar sem við vorum.

— Ég hef ekkert heyrt um að þú værir horfin. Þau þegja örugglega yfir því hérna í Borginni svo fólk verði ekki hrætt og áhyggjufullt. Þú ert í svo miklu uppáhaldi hérna, það birtast oft af þér myndir á

blóðrisa: rispaður, skrámaður

Hvolf: hvelfing, (hér) glerhjúpur sem afmarkar ákveðið svæði og lokar því alveg

skjánum okkar og í myndablöðunum ... En hvers vegna fórstu? Og hvers vegna komstu?

Áróra sest aftur á stólinn og býr sig undir að segja sögu sína en þá gellur við hávær hringing.

— Oooo ... það er verið að kalla á mig, stynur stúlkan. — Ég verð að hjálpa frúnni að klæða sig fyrir veisluna í kvöld. Það verða tilkynnt úrslitin í keppninni um fallestasta hvíta brönugrasið og svo verður matarveisla og ball á eftir ... en þá höfum við líka góðan tíma til að tala saman, hún kemur örugglega mjög seint heim. Hvíldu þig á meðan, svo kem ég með mat handa þér — nei, ég meina, handa yðar hátign ...

Áróra skellir upp úr.


— Ekkert yðar hátign! Ég heiti bara Áróra! Og ég verð mjög glöð ef þú kemur með bita handa mér, ég er svo svöng! Má ég leggja mig aðeins í rúmið þitt?

— Auðvitað!

Stúlkan sendir henni geislandi bros um leið og hún lagar á sér svuntuna og býr sig til að svara bjölluhringingunni. Svo snýr hún sér við í dyrunum og hvíslar:

— Ég heiti annars Mjöll! Það hét ég allavega heima í þorpinu mínu, hérna er ég aldrei kölluð annað en **perna** eða bara þú þarna!

Perna:
þjónustustúlka




Þegar Mjöll er farin leggur Áróra sig út af í rúmið hennar og nýtur þess að finna þreytuna líða úr líkamanum. Hér er hlýtt og gott og rúmið er sæmilega mjúkt, þótt það jafnist ef til vill ekki á við þægilega, gamla rúmið hennar í Hvolfinu. Það er meira að segja hægt að kveikja og slökkva ljósín að vild. Hér í þessu litla herbergi á Mjöll prýðilegt skjól og athvarf en svo verður hún augljóslega að hlaupa til um leið og bjallan hringir og snúast í kringum fólk sem getur ekki einu sinni kallað hana réttu nafni. Hún þurfti að fara að klæða frúna, sagði hún. Áróra kímir ofurlítið. Hún kunnir nú meira að segja að klæða sig sjálf meðan hún var í Hvolfinu, þótt hún kynni ekki margt þá og vissi ennþá minna ...

Áróra hrekkur upp af værum blundi þegar Mjöll smeygir sér aftur inn fyrir og lokar á eftir sér.

— Jæja, nú getum við verið í friði alveg fram á kvöld, segir hún og réttir Áróru stóran disk, hlaðinn ilmandi brauðsnúðum og köldum kjötsneiðum ásamt fullri könnu af köldum og svalandi ávaxtasafa.

Áróra tekur hraustlega til matar síns og segir Mjöll alla sögu sína á milli sopanna og matarbitanna. Mjöll fylgist stóreyg og spennt með frásögninni af flóttanum og ferðalaginu og kinkar íbyggin kolli þegar hún heyrir um Leynihvelfinguna.



— Já, ég hef heyrt því hvíslað að til sé staður þar sem fólk felur sig fyrir vörðunum, segir hún. — Margir sem búa utan við Borgina hafa í rauninni samúð með þeim sem andmæla því hvernig landinu er stjórnað en þora ekki að segja neitt sjálfir — ekki upphátt, að minnsta kosti. Flestir eru dauðhræddir við verðina.

— Hvað um fólkíð hér í Borginni? spyr Áróra. — Hér hlýtur líka að vera til fólk sem vill breyta einhverju, er það ekki?

Mjöll hugsar sig aðeins um.

— Ég held að flestir hérna vilji ekkert um það vita hvernig lífið er utan við Borgina, svarar hún svo. — Það er miklu þægilegra að hugsa ekki um það.

— Hvað hefur fólk eiginlega fyrir stafni hérna? spyr Áróra. — Ég sá verksmiðjurnar fyrir utan og líka býlin og gróðurhúsin sem framleiða matinn. Allt sem notað er hér í Borginni kemur utan frá. Svo er líka þjónustufólk hér inni — eruð það ekki þið sem eldið matinn og þvoið og þrífið? Og klæðið meira að segja fólkíð í fötin, eða hvað?

Mjöll kímir við.

— Frúin getur nú alveg klætt sig sjálf, svona flesta daga, segir hún. — En þegar mikið er um að vera þarf hún hjálp með fötin og hárgreiðsluna. Það er reyndar býsna oft sem eitthvað er um að vera, drottningin hefur ákaflega gaman af að skemmta sér og finnur upp á ýmsu ...

Drottningin. Áróra finnur ofurlítinn sting í hjartað.

— Eins og hverju, til dæmis? spyr hún.

— Í kvöld lýkur keppninni um fallegasta hvíta **brönugrasið**. Það er aldeilis eftirsóknarvert að vinna þá keppni, skal ég segja þér! Það er búið að raða upp fleiri hundruð pottum af brönugrösnum í hallarsalnum og í kvöld sker drottningin úr um hvaða blóm er fallegast ... Nú, fyrir viku var haldin keppni um fallegasta gæludýrið og þar áður var fegurðarsamkeppni ungbarna og líka keppni í kökuskreytingum. Hvíta súkkulaðikakan með gullduftinu og marsípanrósunum sem frú Lilja bjó til vann þá keppni! Svo eru reglulega haldnir kappleikir í eftirlætisíþróttum konungsins, knattleik og handahlaupum! Dansleikir

brönugras: planta af ætt brönugrasa. Til eru sjö íslenskar tegundir en flest brönugrös eru ættuð úr hitabeltinu. Oft kölluð orkídeur.

eru auðvitað haldnir að minnsta kosti vikulega og svo hittist fólk og borðar saman eða drekkur jurtate, það er mikið í tísku núna ...

— Í tísku? Hvað er það?

Mjöll horfir undrandi á hana en útskýrir síðan þolinmóð:

— Sko, stundum er eitt í tísku og stundum annað. Þá vilja allir gera eitthvað eða vera einhvern veginn — til dæmis í útliti. Allir þurfa að vera eins. Og það er hennar hátign sem ræður ferðinni! Til dæmis háraliturinn, drottningin er með ljóst hár og þess vegna vilja allar konurnar vera ljóshærðar. Þá lita þær á sér hárið sem eru ekki með ljóst hár, til dæmis frúin sem ég vinn hjá. Og svo eru það auðvitað fötin, í fyrra komst allt í einu í tísku að hafa pilsasíddina handarbreydd fyrir neðan hné, svo þá þurfti ég að stytta alla kjóla frúarinnar. Nokkrum vikum síðar kom svo drottningin valsandi út í garðinn einn morguninn í skósíðum kjól, svo þá var ekki um annað að ræða en að þanta nýja kjóla úr verksmiðjunni og henda öllum hinum!

— Þá hafa börnin við Múrinn kannski orðið glöð að fá ný föt, segir Áróra biturlega. — Það er verst að fólkið hérna skuli klæðast svona þunnum fötum, þau duga lítið í vetrarkuldanum fyrir utan Borgina! En hvers vegna er svona heitt hérna innan við borgarmúrana þótt það sé ennþá vetur? Kemur heita loftið úr opunum efst á veggjunum?

Mjöll kinkar kalli.

— Já, einmitt. Hér er mátulega heitt allt árið — loftið er hitað á veturna og kælt á sumrin! Vélarnar eru í gangi dag og nótt til að hita eða kæla ... mér verður oft hugsað heim í þorpið mitt og óska þess þá að amma mín gamla gæti fengið eitthvað af hlýjunni inn til sín þegar kalt er, hún er svo slæm af gigt, blessunin ... og hugsaðu þér ef þau gætu kveikt ljós án þess að þurfa að nota kerti!

Áróra hugsar til þess sem Glóð sagði um orkuna, hvernig borgarbúar notuðu nær alla orku sem til væri í landinu svo lítið væri eftir fyrir alla hina. Skyldi drottningin, móðir hennar, hugsa út í það? Eða konungurinn, faðir hennar? Nei, nú er henni ekki til setunnar boðið mikið lengur. Hún verður að komast til þeirra.

Staldræðu við ...



1. Takið saman upplýsingar í textanum sem lýsa aðstæðum borgarbúa. Ræðið saman og ritari hópsins skráir.
2. Berið niðurstöður ykkar saman við þær aðstæður sem Íslendingar búa almennt við. Hvað er líkt? Hvað er ólíkt? Berið niðurstöður ykkar saman við niðurstöður hinna hópanna.



3. Reynið að sjá fyrir ykkur dag í lífi vel stæðra borgarbúa í heimi sögunnar. Veljið ykkur karl, konu eða barn.
 - a) Hvernig líður dagurinn? Búið til dagskrá fyrir einn dag.
 - b) Þegar dagskráin er tilbúin skuluð þið búa til vinnuáætlun fyrir þjónustufólkið sem sér um að dagskráin gangi snurðulaust.



4. Mjöll talar um frúna sem fylgir tískunni og drottninguna sem er tískufyrirmynd.
 - a) Hvað er tíska í ykkar augum?
 - b) Er tíska eitthvað sem tengist aðeins konum og stúlkum?



5. Finnið 5 orð í textanum sem ykkur fannst erfitt að skilja og skrifið þau niður. Vinnið saman í hópum eða á töflu með kennara og sameinið orðalistann. Hjálpið að og finnið merkingu orðanna annaðhvort með því að fletta þeim upp eða ræða saman um þau.



Vísir þú að ...?

Þegar Mjöll kallar Áróru „yðar hátign“ þá er hún að þera prinsessuna. Það kallast þerun þegar persónufornöfnin „vér“ og „þér“ eru notuð.

Í fornu máli voru „við“ og „þið“ einungis notuð um tvo einstaklinga, það kallast tvítala. Um fleiri en tvo voru notuð fornöfnin „vér“ og „þér“. Þegar tvítalan (við, þið) tók við hlutverki fleirtölu varð gamla fleirtölumyndin að hátíðlegu máli, þeringum. Til dæmis „Faðir vor“, „vér Íslendingar“ og „má bjóða yður kaffi?“

Vér og þér beygjast svona:

vér, um oss, frá oss, til vor
þér, um yður, frá yður, til yðar.

Prófið að búa til 2–3 spurningar þar sem þið þérið hvort annað og reynið einnig að svara með þerun.

Til dæmis:

Viljið þér smakka appelsínubita hjá mér?
Já, þakka yður fyrir.



Í Persíu (sem heitir nú Íran) voru skór með hælum hluti af klæðnaði hermanna. Þegar persneskir hermenn börðust á hestbaki auðvelduðu hælarnir þeim að standa stöðugir í ístöðunum.

Flóttinn — Terry Pratchett

Nálfar eru agnarsmáar álfaverur sem lifa á jörðinni en geimskip þeirra brotlenti hérna fyrir fimmtán þúsund árum. Nálfurinn Magni man þegar ættbálkur hans taldi meira en 40. En svo kom hraðbrautin, refir og haukar og hvert rigningasumarið á fætur öðru. Nú eru þau aðeins tíu eftir, átta þeirra fjörgömul, næstum tíu ára. Magni neyðist til að grípa til örþrifaráða og finna aðra nálfu. Flóttinn er fyrsta bókin af þremur um ævintýri nálfanna. Hér er upphafið.

UM NÁLFA OG TÍMANN

Nálfar eru smáir. Yfirleitt eru smáar lífverur fremur skammlífar. En ef til vill lifa þær hratt.

Ég skal útskýra þetta nánar.

Ein **skammæjasta** lífveran á reikistjörnunni Jörð er hin algenga dægurfluga. Hún lifir aðeins einn einasta dag. Elstu lífverur í heimi eru hins vegar broddfurur, þær elstu eru 4.700 ára gamlar og lifa enn.

Dægurflugum gæti virst þetta fremur ósanngjarnt. En það sem skiptir máli er þrátt fyrir allt ekki hversu lengi maður lifir, heldur hversu langt lífið virðist.

Í augum dægurflugunnar getur ein klukkustund verið á við heila öld. Ef til vill sitja einhvers staðar gamlar dægurflugur kvartandi og kveinandi yfir því að mínútan sem nú er að líða sé hreint ekkert á við mínúturnar áður fyrr þegar þær voru ungar, þá skein sólin svo miklu skærar og lirfurnar báru enn virðingu fyrir eldri kynslóðinni. Tré eru á hinn bóginn ekki þekkt fyrir viðbragðsflýti. Ef til vill hafa



Hvenær virðist tíminn líða hratt? En hægt?

nálfar: (hér) 10 cm háar mannlegar verur sem lifa í felum meðal mannanna.
skammær: sem deyrr snemma

Þau aðeins tíma til þess að gjóa augum á skýjafar himinsins rétt áður en fúinn og trjáormarnir gera sig heimakomna í bolum þeirra.

Þetta er allt spurning um **afstæði**. Því hraðar sem lifað er þeim mun meira virðist tagna á tímanum. Nálfum dugar eitt ár jafnvel og mönnum tíu ár. Mundu það. En hafðu engar áhyggjur af því. Þeir velta því ekkert fyrir sér. Þeir hafa ekki einu sinni hugmynd um það.

Staldráðu við ...



1. Reynið að finna eins mörg orð tengd tíma og þið getið. Veljið einn eða fleiri ritara til að skrifa niður og berið niðurstöður ykkar saman við hina hópana. Þið getið notað orðabækur og önnur hjálpartæki. Ef til vill getið þið sameinað listana og búið til einn lista fyrir bekkinn.



2. Er eitt ár langt eða stutt? Haldið þið að fullorðnir svari þessari spurningu öðruvísi en krakkar? Er kannski ekki hægt að svara henni?



Vissir þú að ...?

Dægurflugur fá nafn sitt af því að fullorðnar flugur lifa flestar í innan við einn sólarhring, rétt nógu lengi til að makast og verpa. Hér á landi finnst aðeins ein tegund dægurflugna og kallast hún einfaldlega dægurfluga en hefur einnig verið nefnd fisdægra.

Talið er að elstu tré jarðar séu broddfurur. Þær vaxa hátt yfir sjávarmáli frá Kaliforníu til Colorado. Vitað er um tré sem eru um það bil 4.800 ára gömul, til dæmis tré sem er nefnt Methuselah, væntanlega eftir Metúsalem, afa Nóa í Gamla testamentinu. Það vex í Hvítu fjöllum (White Mountains) í Kaliforníu.

Gullgerðarmaðurinn — Michael Scott

Gullgerðarmaðurinn er fyrsta bókin af sex í bókaflokknum Leynardómurinn um hinn ódauðlega Nicolas Flamel. Sagan fjallar um ævintýri gullgerðarmanns og tvíburasystkinanna Josh og Sophie, sem flækjast óvænt inn í mikla og spennandi atburðarás. Hér er upphaf sögunnar.

Ég er goðsögn.

Dauðinn getur ekki heimt mig til sín, sjúkdómar geta ekki skaðað mig. Þeir sem sjá mig eiga erfitt með að segja til um aldur minn en samt fæddist ég á því herrans ári 1330, fyrir meira en 670 árum. Ég hef mörgu sinnt á lífsleiðinni: verið læknir og kokkur, bóksali og hermaður, kennt tungumál og efnafræði, verið hvort tveggja lögreglumaður og þjófur.

En áður en ég var þetta allt saman var ég gullgerðarmaður. Ég var gullgerðarmaðurinn.

Ég var víðfrægur sem mesti gullgerðarmaður allra tíma, eftirsóttur af konungum og furstum, af keisurum og meira að segja páfanum sjálfum. Ég gat breytt hvaða málmum sem var í gull, ég gat breytt grjóti í dýra steina. En það sem mest var um vert: Ég uppgötvaði leynardóma eilífs lífs í bók um forna töfra.

Nú hefur Perenelle, konu minni, verið rænt og bókinni stolið. Án bókarinnar eldumst við hjónin. Áður en máninn verður fullur á ný hrörnum við og deyjum. Og fari svo hefur hið illa, sem við höfum svo lengi barist gegn, unnið sigur. Fornarnir ráða þá jörðinni á ný og þeir þurrka mannkynið út.

En ég gefst ekki upp bardagalaust.

Því að ég er hinn ódauðlegi Nicolas Flamel.



Hvað á Nicolas Flamel við þegar hann segir að hann sé goðsögn?

Úr Dagbók Nicolasar Flamels gullgerðarmanns.
Skrifað þennan dag, fimmtudaginn 31. maí,
í San Francisco, borginni minni

Staldráðu við ...



1. Nicolas Flamel hefur lifað í mörg hundruð ár og sinnt ýmsu á lífsleiðinni. Ef þú lifðir jafn lengi, hvað myndirðu vilja fást við?
2. Veldu eitt af störfum Nicolasar sem þér finnst mest spennandi. Skrifaðu umsóknarbréf til Nicolasar þar sem þú lýsir áhuga á því að fá að starfa með honum í því starfi. Það þarf að koma fram af hverju þú heldur að þú getir tekið þetta að þér og af hverju þér finnst starfið áhugavert.
3. Hvaða mátt hafði bókin sem rætt er um í textanum?
4. Hvað hefur Nicolas langan tíma til að finna bókina áður en hann og konan hans deyja?



Vísir þú að ...?

Gullgerð eða alkemismi á öldum áður var sú list að kanna efni heimsins og fólst meðal annars í því að reyna að breyta efnum í gull. Einnig reyndu gullgerðarmenn að skapa lífselexír, drykk sem gæfi eilíft líf, rétt eins og Nicolas Flamel í Gullgerðarmanninum hefur tekist.

Frakkinn Nicolas Flamel var til í alvöru og var þekktasti gullgerðarmaður Evrópu á 14. öld. Hann fæddist árið 1330 og ekki er fullvíst að hann hafi dáið. Sagan segir að hann og konan hans hafi fundið viskusteinininn fræga, yngt sig og lifi enn einhvers staðar í Asíu. Hvað heldur þú?

Teningur Mortimers — Kenneth Bøgh Andersen

Teningurinn sem Mortimer, dauðinn sjálfur, ber um hálsinn er enginn venjulegur teningur. Hann hefur hundrað hliðar og með honum útdeilir Mortimer æviárum manna. Nú hefur teningnum verið stolið og allar manneskjur fæðast ódauðlegar. Mortimer biður Filip, prúða drenginn úr áttunda bekk, um hjálp.

Hræðilegur glæpur

...

„Það er búið að stela teningnum mínum.“

„Teningnum þínum?“ endurtók hann hissa og leit ósjálfrátt niður á bringu Mortimers þar sem hundraðhliðateningurinn átti að hanga í silfurkeðju. Annar af stóru teningunum tveimur. Teningur Dauðans. Sá sem deildi út æviárum manna. En þar var enga keðju að sjá. Engan tening. „Hvenær?“

„Fyrir rúmum tveimur vikum. Fyrst hélt ég að ég hefði týnt honum, að ég hefði lagt hann einhvers staðar frá mér. Ég var búinn að leita í öllu húsinu áður en ég uppgötvaði það.“

„Uppgötvaðir hvað?“

„Að aðaldyrnar voru ekki alveg lokaðar. Einhver hafði komið hingað inn og stolið teningnum á meðan ég svaf.“

„Hefurðu einhverja hugmynd um hver það getur verið?“ Mortimer hristi höfuðið. „Ekki nokkra. Ég veit samt að það er einhver sem þekkir mig og venjur mínar vel. Sjáið til, ég sef bara einu sinni á ári. Hinn 31. apríl, þegar vorið er byrjað fyrir alvöru, þegar Vída vinnur af fullum krafti og allt byrjar að spíra. Þá sef ég mínum djúpa svefni. Þú manst eftir Vídu, er það ekki Filip?“

Filip kinkaði kolli. Hann mundi vel eftir Vídu, tvíburasystur Mortimers. Filip hafði bara hitt hana einu sinni, þegar hann var hér síðast. Vída hafði fært hann aftur til lífsins. Hún var lífið. Hann skildi allt í einu hvað Mortimer hafði sagt og taldi á fingrunum:

Ap., jún., sept., nóv. – jú, hann mundi þetta rétt. Það var alls ekki 31 dagur í apríl. Svo datt honum annað í hug.

„Þú sagðir að teningnum hefði verið stolið fyrir hálfum mánuði,“ sagði hann, „en það er næstum hálf ár síðan það var apríl.“

„Já, hjá þér,“ svaraði Dauðinn. „En tíminn er öðruvísi hér.“

„Æ, já,“ sagði Filip, svolítið pirraður á sjálfum sér. Hafði hann ekki uppgötvað rétt í þessu að 31. apríl væri ekki til? Auðvitað var tíminn öðruvísi hérna niðri. Allt var öðruvísi hérna.

„Það sem gerðist er ekkert minna en stórslys.“ Mortimer hækkaði röddina þar til hann var næstum farinn að kveina. Hann hristi höfuðið örvæntingarfullur og gekk um gólf í stofunni. „Á meðan ég hef ekki teninginn verða allir sem fæðast ódauðlegir. Afleiðingarnar eru hryllilegar! Ekki bara fyrir okkur Vídu heldur líka fyrir vesalings manneskjurnar sem hafa ekki lengur dauðann að hlakka til.“

„Dauðinn er nú ekki eitthvað sem maður hlakkar til,“ mótmælti Filip varlega.

Mortimer stoppaði og starði á hann. „Jú víst,“ urraði hann. „Maður veit það bara ekki.“

„Nú skil ég ekki.“

„Og **Lúsifer** sagði að þú værir svo gáfaður drengur en hann er auðvitað faðir lyginna.“ Dauðinn smellti í góm og stillti sér upp við gluggann. Hann horfði á náttmyrkrið leggjast hratt yfir grátt landið. „Það eru margar manneskjur sem myndu segja það sama og þú Filip; að dauðinn sé eitthvað hræðilegt, óhjákvæmileg kvöl sem maður myndi helst vilja vera án.“

„Og er það ekki þannig?“

„Nei!“ hrópaði Mortimer svo bæði Filip og Satína hrukku við. Gömlu augun skutu gneistum. Filip hafði ekki séð hann svona æstan áður.

„Ég er stærsta skelfing mannkynsins, því enginn ótti er eins sterkur og óttinn við dauðann. En það ætti ekki að vera þannig! Fólk hefur ekki hugmynd um hvað ég geri fyrir það í raun og veru. Dauðinn er



ekki hvímeið afleiðing lífsins. Þvert á móti. Það er dauðinn sem gerir lífið þess virði að lifa því. Maður kann aðeins að meta það sem maður getur misst. Skilurðu? Án dauðans verður lífið óspennandi og alveg tilgangslaust!“

Filip skildi ekki alveg það sem Mortimer sagði. En samt skildi hann þetta kannski. „Þetta er eins og það sem Lúsífer kenndi mér. Ef við höfum ekki það vona, þá höfum við heldur ekki það góða. Þetta hangir allt saman. Og það sama gildir um lífið og dauðann?“

„Einmitt!“ Mortimer baðaði út handleggjunum. „Því án dauðans deyr lífsgleðin, drepin af lífinu sjálfu. Og það er ekki einu sinni það versta. Hvernig liti heimurinn út eftir bara 50 ár? Hugsaðu þér vesalings fólkið sem lendir í banvænum slysum en hjartað heldur áfram að slá. Fórnarlömb umferðarslysa, jarðskjálfta, bruna, flóða – skelfilegt, skelfilegt! Heimurinn fylltist af lifandi líkum sem þrá ekki annað en frið dauðans en gætu aldrei fengið óskina uppfyllta. Getið þið séð það fyrir ykkur?“

Staldráðu við ...



1. Í Gullgerðarmanninum telur Nicolas Flamel líf sitt og ódauðleika mikils virði, hann getur ekki hugsað sér að deyja. Mortimer heldur því aftur á móti fram að dauðinn geri lífið þess virði að lifa því. Búið til leikpátt þar sem þessir heiðursmenn hittast og ræða málin. Þið getið bætt fleiri persónum við ef þið viljið, annaðhvort úr köflunum, eða persónum sem þið búið til sjálf.



2. Hvað finnst þér? Njótum við lífsins því við vitum að dauðinn kemur á endanum? Eða myndir þú kjósa eilíft líf, ef það væri mögulegt?

Málshættir um gull

„Margur verður ginnkeyptur á gullinu.“

„Góð orð eru gulli betri.“

„Morgunstund gefur gull í mund.“

„Ekki er allt gull sem glóir.“



Staldráðu við ...



1. Hvað teljið þið að málshættirnir merki?
2. Búðu til þinn eigin málshátt um gull.
 - a) Tengdu gull við annað fyrirbæri, líkt og er gert í hinum málsháttunum.
 - b) Sjáðu hvort bekkjarfélagarnir geti giskað á hvað málshátturinn þinn þýðir.

Japönsk ljóð: tönkur

Tanka er japanskt ljóðform sem lýtur ævafornum bragarhætti. Form tönkunnar er bundið, þannig að 31 atkvæði skiptist á 5 ljóðlínur. Tönkur eru órímaðar og hafa hvorki fastan takt né stuðla. Japanskar tönkur eru fyrst og fremst náttúru ljóð en yrkisefnin geta verið hvað sem er: ást, von, vonbrigði, lífið sjálft.

Hverfileiki

Við hvað skal líkja	5 atkvæði
lífi voru hér á jörð?	7 atkvæði
Hvítan varrsímann	5 atkvæði
eftir kænuna sem lét	7 atkvæði
úr vör í morgunsárið -	7 atkvæði

Manseí, Samí (700-725)



varrsími: kjölfar, rák eftir skip á vatni
kæna: lítill bátur
að láta úr vör: að halda útá sjóinn

Til manns sem kvartaði þegar gæfan brást

Í djúpum dali
þar sem sólin aldrei skín
við glöðu vori,
kæmist þú hjá þeirri raun
að blómgast og falla fljótt.

Fúkajabó, Kíóvara (908-930)

Þýðing Helgi Hálfánarson

Staldráðu við ...



1. Fyrri tankan heitir Hverfileiki. Hvað heldur þú að orðið merki? Ræddu við bekkjarfélaga, skoðið efni ljóðsins og reynið að finna út úr merkingu þess. Það er einnig hægt að fletta því upp í orðabók. Rökstyddu svarið.
2. Hvort heldur þú að það sé betra að upplifa gæfu í skamman tíma eða alls ekki?



3. Prófaðu að skrifa þínar eigin tönkur. Það gæti verið gott að gera nokkrar tilraunir til að ná tókum á forminu. Mundu að tanka hefur 5 ljóðlínur og skipting atkvæða er 5, 7, 5, 7, 7.





2. KAFLI

VÆTTIR OG VÖRTUR

Hvaða óþefur er þetta? Er einhver í táfýlusokkum? Nei, það er miklu verra. Þetta er lykt af ... af tröllum! Í þessum kafla er meðal annars slegist í háskaför með engum öðrum en Harry Potter og vinum hans, nátttröll gægist á gluggann, risi rænir ömmu og húðflúr lifna við. Haldið ykkur fast!



Harry Potter og viskusteinninn — J. K. Rowling

Bókaflokkurinn um galdratrákinn Harry Potter, vini hans og æsispennandi ævintýri þeirra hefur heillað lesendur um allan heim.

Í upphafi fyrstu bókarinnar, er Harry einmana foreldralaus strákur sem alist hefur upp hjá ömurlegum ættingjum sínum, Dudley-fjölskyldunni. Þau vanrækja Harry, láta hann sofa í skáp undir stiga og ganga í gömlum fötum. Enginn veit að Harry er einstakur strákur, allra síst hann sjálfur. Hann fær óvænta heimsókn á ellefu ára afmælinu sínu frá risanum Hagrid, sem boðar hann í nám í Hogwarts, skóla galdra og seiða. Harry kemst einnig að því að í heimi galdranna er hann álitinn hetja eftir að hafa — sem smábarn — lifað af árás hins illa Voldemorts og á sömu stundu grandað honum (sem seinna reynist þó ekki vera raunin).

Auk hans eru Ron Weasley og Hermione Granger aðalpersónur bókana. Fyrst um sinn eru þó Ron og Harry alls ekki vinir Hermione. Það breytist þó þegar fjöggra metra hátt fjallatröll ryðst inn í skólann.

Harry: Galdratrákurinn sem við þekkjum flest.

Ron: Besti vinur hans.

Hermione: Besta vinkona hans.

Seamus, Parvati Patil og Lavender: Nemendur í Hogwarts.

Percy: Einn af eldri bræðrum Rons.

Flitwick, Quirrell, Dumbledore, McGonagall og Snape: Prófessorar og kennarar við Hogwarts-skóla.

Peeves: Ærsladraugur sem gengur aftur í Hogwartskastala.

Blóðugi Baróninn: Draugur sem gengur aftur í Hogwartskastala.

Stóri salurinn: Samkomusalurinn í Hogwartskastala.

Hufflepuff og Gryffindor: Tvær af fjórum heimavistum skólans.

Harry og félagar eru í Gryffindor.

Málverkið af feitu konunni: Hún er dyravörður Gryffindorsturns.

10. KAFLI [brot]

Hrekkjavakan

...

„Gleymið nú ekki litlu úlniðshreyfingunni sem við höfum verið að æfa!“ tísti í Flitwick þar sem hann stóð uppi á bókastafla eins og hann var vanur. „Smella og sveifla, munið þið, smella og sveifla. Og segja töfraorðin rétt. Það er líka mjög mikilvægt. Munið eftir galdramanninum Baruffio sem sagði ess í staðinn fyrir eff og lenti á gólfinu með flóðhest ofan á sér.“

Þetta var erfitt. Harry og Seamus smelltu og sveifluðu en fjöðrin sem þeir áttu að senda upp í loftið lá hreyfingarlaus á borðinu. Að lokum varð Seamus svo óþolinmóður að hann ýtti við henni með töfrasprotanum sínum svo hún stóð í ljósum logum. Harry varð að slökkva í henni með hattinum sínum.

Ron sat við næsta borð og gekk ekki miklu betur.

„Wingardium leviosa!“ hrópaði hann og sveiflaði löngum handleggjunum eins og mylluvængjum.

„Þú segir þetta ekki rétt,“ heyrði Harry að Hermione hreytti út úr sér. „Það á að segja Wing-gar-dium levi-o-sa. Mundu að segja gar mjög rólega.“

„Gerðu það bara sjálf, fyrst þú ert svona klár,“ urraði Ron.

Hermione bretti upp ermarnar á skikkjunni sinni, lét hvína í töfrasprotanum sínum og sagði: „Wingardium leviosa!“

Fjöðrin þeirra lyftist upp frá borðinu og sveif um nokkrum metrum fyrir ofan höfuð þeirra.

„Frábært!“ hrópaði Flitwick prófessor og klappaði saman lófunum. „Sjáið þið — ungfrú Granger tókst það!“

Ron var í vondu skapi í lok tímans.

„Það er ekkert skrítið að enginn skuli þola hana,“ sagði Ron um leið og þeir olnboguðu sig í gegnum þvöguna á ganginum. „Hún er algjör martröð.“

Einhver rakst utan í Harry í þrengslunum á ganginum. Það var

Hermione. Harry varð litið á hana og hrökk við þegar hann sá að hún var með tárin í augunum.

„Ég held að hún hafi heyrt í þér.“

„Hvað með það?“ sagði Ron en virtist dálítið brugðið. „Það fer varla framhjá henni að hún á enga vini.“

Hermione kom ekki í næsta tíma og sást ekki allan síðari hluta dagsins. Þegar Ron og Harry voru á leið í hrekkjavökuveisluna í Stóra salnum heyrðu þeir Parvati Patil segja Lavender vinkonu sinni að Hermione væri grátandi inni á stelþnaklósettinu og vildi fá að vera í friði. Ron varð dálítið vandræðalegur yfir þessu en um leið og þeir komu inn í Stóra salinn sem var allur skreyttur í tilefni hrekkjavökkunnar var Hermione gleymd.

Þúsund lifandi leðurblökur flögruðu frá lofti og veggjum og enn fleiri svifu yfir borðunum eins og dökkir skýjabólstrar svo kertaljósín í graskerjunum flöktu. Kvöldverðurinn birtist skyndilega á gullfötum eins og í veislunni fyrsta kvöldið.

Harry var að moka kartöflukökum á diskinn sinn þegar Quirrell prófessor kom æðandi inn í salinn. Vefjarhötturinn hallaðist á höfði hans og á andlitinu var skelfingarsvipur. Allir stöðu á hann þegar hann hljóp að stól Dumbledores, kastaði sér fram á borðið og sagði með andköfum: „Tröll — það er tröll niðri í kjallarahvelfingunni. Fannst rétt að láta þig vita.“

Síðan steinleið yfir hann.

Það varð uppi fótur og fit. Dumbledore varð að skjóta upp nokkrum purpurarauðum aðvörunarblysum úr töfrasprotanum sínum til að fá þögn í salnum.

„Umsjónarmenn,“ þrugaði hann. „Farið með **skjólstæðinga** ykkar upp í svefnsalína strax!“

Percy var í essinu sínu.

„Fylgið mér! Fyrsta árs nemar haldið hópinn. Engin ástæða til að óttast tröllid ef þið gerið eins og ég segi! Fylgið mér! Víkið úr vegi. Fyrsta árs nemar eru á leiðinni. Gerið svo vel að færa ykkur. Ég er umsjónarmaður!“

skjólstæðingur: sá sem nýtur verndar einhvers, (hér) sá sem fær hjálp og stuðning frá umsjónarmanni

„Hvernig tókst tröllli að komast hér inn?“ spurði Harry á leiðinni upp stigann.

„Ekki spyrja mig. Það er sagt að tröll séu rosalega vitlaus,“ sagði Ron. „Kannski hefur þetta verið hrekkjavökubrandari hjá Peeves.“

Þeir fóru framhjá hópum nemenda sem voru á hlaupum í allar áttir. Þegar þeir tróðu sér gegnum þvögu af ringluðum Hufflepuffnemendum greip Harry skyndilega í handlegg Rons.

„Heyrðu — hvað með Hermione?“

„Hvað með hana?“

„Hún veit ekkert af tröllinu.“

Ron beit á vörina.

„Allt í lagi,“ sagði hann svo stuttur í spuna. „En það er eins gott að Percy sjái ekki til okkar.“

Þeir beygðu sig niður og smeygðu sér inn í hópinn frá Hufflepuff sem var á leið í hina áttina. Síðan laumuðust þeir inn á auðan hliðargang og flýttu sér í áttina að stelpnablósettinu. Þeir voru rétt komnir fyrir hornið þegar þeir heyrðu hratt fótatak að baki.

„Percy!“ hvíslaði Ron og dró Harry á bak við stóra stytta af flugskrímsli á ganginum.

Þegar þeir gæðust fram úr felustaðnum sáu þeir að hér var ekki Percy á ferð heldur Snape. Hann gekk þvert yfir ganginn og hvarf úr augsýn.

„Hvað er hann að gera?“ hvíslaði Harry. „Af hverju er hann ekki niðri í kjallarahvelfingunni með hinum kennurunum?“

„Spurðu mig ekki að því.“

Þeir heyrðu fótatak Snapes hverfa í fjarska og læddust hljóðlega eftir ganginum í sömu átt.

„Hann er á leiðinni upp á þriðju hæð,“ sagði Harry en Ron lyfti aðvarandi upp hendi.

„Finnurðu lyktina?“

Harry þefaði út í loftið og hræðileg ólykt, einhvers konar sambland af táfýlusökkum og illa hirtu almenningsklósetti, fyllti nasir hans.

Þá heyrðu þeir hljóð. Einhver rumdi lágt og steig risavöxnum fótum þunglamalega til jarðar. Ron benti — fyrir enda gangs sem lá þeim á vinstri hönd var eitthvað gríðarstórt flykki á hreyfingu í áttina til þeirra. Þeir földu sig í skugga og horfðu á það birtast í tunglskininu.

Þetta var hrikaleg sjón. Það var um fimm metrar á hæð — húðin steingrá og líflaus og ofan á risastórum og klunnalegum skrokknum trónaði lítill, sköllóttur haus á stærð við kókoshnetu. Fótleggirnir voru stuttir og digrir eins og trjábolir og fætarnir flatir og hrjúfir. Lyktin sem barst frá því var ólýsanleg. Handleggirnir voru svo langir að trékylfan sem það hélt á dróst eftir gólfinu.

Tröllid nam staðar við dyrageitt og gægðist inn fyrir. Það hreyfði löng eyrun og virtist brjóta sinn litla heila um eitthvað og **hengslaðist** síðan inn í herbergið.

„Lykillinn er í skránni,“ muldraði Harry. „Við gætum læst það inni.“

„Góð hugmynd,“ sagði Ron taugaóstyrkur.

Þeir læddust í átt að opnum dyrunum, þurrir í munnum af hræðslu, og báðu þess heitt og innilega að tröllid væri ekki á leiðinni út aftur. Harry tókst í einu stökki að ná lyklinum, skella hurðinni og læsa henni.

„Frábært!“

Sigrihrósandi hlupu þeir af stað til baka eftir ganginum en þegar þeir komu að horninu heyrðu þeir nokkuð sem fékk blóðið til að frjósa í æðum þeirra. Hátt skelfingaróp barst frá herberginu sem þeir voru nýbúnir að læsa.

„Ó, nei,“ sagði Ron sem var orðinn fölari en Blóðugi baróninn.

„Þetta er stelþnaklósettið,“ stundi Harry.

„Hermione!“ sögðu þeir báðir í kór.

Þeir áttu engra kosta völ þótt þá langaði síst af öllu að snúa við. Þeir snerust á hæli og þutu til baka að dyrunum, fálmuðu eftir lyklinum í óðagoti og sneru honum í skránni. Harry opnaði dyrnar og þeir hlupu inn fyrir.

Hermione Granger hafði hörfað upp að veggnum gegnt dyrunum og

virtist vera að yfirliði komin. Trölllið var á hægri hreyfingu í áttina til hennar og mölvaði um leið hvern vaskinn á fætur öðrum með kylfunni.

„Reynum að rugla það!“ sagði Harry örvæntingarfullur og greip krana sem lá á gólfinu og kastaði honum í vegginn eins fast og hann gat.

Trölllið nam staðar í **seilingar**fjarlægð frá Hermione. Það sneri sér við með erfiðismunum og deplaði augunum heimskulega eins og það væri að reyna að sjá hvaðan þessi hávaði kæmi. Það beindi illskulegum glyrnum sínum að Harry, hikaði og lagði síðan af stað í áttina að nýjum andstæðingi með kylfuna á lofti.

„Halló — grautarhaus!“ æpti Ron úr hinum enda herbergisins og kastaði málmröri að tröllinu. Trölllið virtist ekki einu sinni finna þegar rörið lenti á öxlinni á því, en það heyrði í Ron, nam staðar og beindi ljótu trýninu að honum. Þá gafst Harry tími til að hlaupa aftur fyrir trölllið til Hermione.

„Svona nú, hlauptu — hlauptu!“ æpti Harry og reyndi að draga hana í áttina að dyrunum en hún gat hvorki hreyft legg né lið. Hún þrýsti sér upp að veggnum og gapti af hryllingi.

Trölllið virtist vera að ganga af göflunum vegna hrópanna í þeim sem mögnuðust upp í ærandi hávaða við bergmálið. Það gaf frá sér öskur og lagði af stað í áttina að Ron sem var næstur því og hafði enga möguleika á að komast undan.

Þá gerði Harry dálítið sem var bæði afar djarft og óhemju heimskulegt. Hann tók mikið tilhlaup, stökk upp á bakið á tröllinu og læsti handleggjunum utan um hálsinn á því. Trölllið fann ekkert fyrir Harry en jafnvel tröll finna ef trépriki er stungið upp í nefið á þeim. Harry var nefnilega enn með töfrasprotann sinn í hendinni þegar hann stökk og hann hafði lent beint uppi í annarri nösinni á tröllinu.

Trölllið öskraði af sársauka, **engdist** til og frá og sveiflaði kylfunni í allar áttir. Harry hékk á baki þess í dauðans angist því trölllið gat á hverri stundu náð til hans eða veitt honum hræðilegt högg með kylfunni.

Hermione hafði hnigið í gólfið skelfingu lostin. Ron dró fram töfrasprotann sinn þótt hann vissi ekki almennilega hvað hann ætti að gera við hann og hrópaði áður en hann vissi af fyrstu töfraorðin sem komu upp í huga hans: „Wingardium leviosa!“

Kylfan flaug skyndilega úr hendi tröllsins hátt upp í loftið, snerist svo hægt við og féll með óhugnalegu brothljóði á höfuð eiganda síns. Tröllið riðaði við og skall síðan beint á andlitið með braki og brestum svo herbergið lék á **reiðiskjálfi**.

Harry stóð á fætur. Hann skalf á beinunum og náði varla andanum. Ron stóð enn með töfrasprotann á lofti og starði á afleiðingar gjörða sinna.

Það var Hermione sem rauf þögnina.

„Er það — dautt?“

„Ég held ekki,“ sagði Harry. „Ég held að það hafi bara rotast.“

Hann beygði sig niður og dró töfrasprotann sinn út úr nefi tröllsins. Hann var þakinn gráu, límkenndu slími.

„Oj, tröllahor.“

Hann þurrkaði af sprotanum á buxum tröllsins.

Skyndilega heyrðust hurðaskellir og fótatak og þau litu öll upp. Þau höfðu ekki gert sér grein fyrir hávaðanum sem þau höfðu valdið en auðvitað hafði einhver á neðri hæðinni orðið var við lætin og öskrin í tröllinu. Augnabliki síðar kom McGonagall prófessor þjótandi inn á stelpnablósettið. Snape fylgdi fast á eftir og Quirrell rak lestina. Þegar Quirrell kom auga á tröllið stundi hann lágt og lét fallast á eitt klósettið með hönd á hjartastað.

Snape beygði sig yfir tröllið. McGonagall prófessor horfði á Ron og Harry. Harry hafði aldrei séð hana svona reiða. Hún herpti saman varirnar svo þær hvítuðu. Vonir Harrys um að vinna stig handa Gryffindor fyrir sigurinn á tröllinu gufuðu samstundis upp.

„Hvað í ósköpunum voruð þið að hugsa?“ sagði McGonagall prófessor ískaldri röddu og horfði til skiptis á Ron og Harry. Harry leit á Ron sem stóð ennþá með töfrasprotann sinn á lofti. „Þið eruð heppin

að vera ekki dauð. Af hverju eruð þið ekki í svefnsalnum ykkar?“

Snape horfði á Harry með hvössu, stingandi augnaráði. Harry leit niður. Hann var að vona að Ron léti töfrasprotann síga.

Þá heyrðist mjóróma rödd úr horninu.

„Þeir voru að leita að mér, McGonagall prófessor.“

„Hermione!“

Hermione hafði loks tekist að brölta á fætur.

„Ég fór að leita að tröllinu — af því að ég — ég hélt að ég gæti ráðið við það ein — af því að ég er búin að lesa svo mikið um þau.“

Ron missti töfrasprotann sinn á gólfið. Var Hermione Granger að ljúga upp í opið geðið á kennaranum?

„Ég væri dáið ef þeir hefðu ekki fundið mig. Harry stakk töfrasprotanum sínum upp í nefið á tröllinu og Ron rotaði það með kylfunni. Þeir höfðu ekki tíma til að sækja neinn. Tröllið var í þann veginn að kála mér þegar þeir komu.“

Harry og Ron reyndu að láta eins og þessi saga kæmi þeim á engan hátt á óvart.

„Jæja, fyrst svo er ...“ sagði McGonagall prófessor og starði á þau öll þrjú.

„Hermione, kjáninn þinn, hvernig datt þér í hug að halda að þú gætir ráðið við tröll upp á eigin spýtur?“

Hermione laut höfði. Harry var orðlaus. Það var afar ólíkt Hermione að brjóta reglurnar en samt hafði hún gert það bara til að bjarga þeim út úr vandræðum. Það var álíka fjarstæðukennt og ef Snape hefði farið að deila sælgæti út til nemendanna.

„Hermione — þín vegna tapar Gryffindorheimavistin



fimm stigum,“ sagði McGonagall prófessor. „Þú veldur mér miklum vonbrigðum. Ef þú ert alveg ómeidd ættirðu að flýta þér yfir í Gryffindorturn. Nemendur eru að ljúka veisluhöldunum í stofum sínum.“

Hermione hvarf á braut og McGonagall prófessor sneri sér að Harry og Ron.

„Jæja, heppnin var með ykkur, en það hefðu nú ekki margir fyrsta árs nemar ráðið við fullvaxið fjallatröll. Hvor um sig vinnur sér inn fimm stig fyrir Gryffindor. Dumbledore prófessor verður látinn vita af því. Þið megið fara.“

Þeir flýttu sér út og mæltu ekki orð af vörum fyrr en tveimur hæðum ofar. Burtséð frá öllu öðru var mikill léttir að vera laus við óþefinn af tröllinu.

„Við hefðum átt að fá meira en tíu stig,“ nöldraði Ron.

„Þú meinar fimm. Hún tók fimm stig af Hermione.“

„Það var gott hjá henni að bjarga okkur út úr vandræðunum,“ viðurkenndi Ron. „En við björguðum henni nú líka.“

„Það hefði kannski ekki þurft að bjarga henni ef við hefðum ekki læst þetta fyrirbrigði inni hjá henni,“ minnti Harry hann á.

Þeir voru komnir að málverkinu af feitu konunni.

„Grísatrýni,“ sögðu þeir og fóru inn.

Það var mannmargt og hávaðasamt í setustofunni. Allir voru að borða matinn sem hafði verið sendur upp nema Hermione sem stóð afsíðis við dyrnar og beið eftir þeim. Það varð mjög vandræðaleg þögn. Svo sögðu þau „takk“ hvert við annað í hálfum hljóðum án þess að skiptast á augnatilliti og flýttu sér að ná sér í diska.

En upp frá þeirri stundu varð Hermione Granger vinur þeirra. Það er sumt sem ekki er hægt að upplifa í sameiningu án þess að það endi með vináttu og að ganga frá fjögurra metra fjallatrölli er eitt af því.

Staldráðu við ...



1. Tröllið sem þríeykið mætir er fjallatröll, ein tegund af nokkrum í heimi Harry Potter-bókanna. Hversu margar tegundir af tröllum ætli séu til í öðrum sögum?

- Leitaðu á bókasafninu og vefnum eftir eins mörgum mismunandi tröllum og þú getur. Þau mega vera úr þjóðsögum, goðsögum, fantasíubókum, kvikmyndum, sjónvarpsþáttum, tölvuleikjum og öðrum miðlum.
- Gerðu lista yfir tröllin og taktu fram hvar þú fannst upplýsingar um þau.



2. Hermione leiðréttir mistök Rons með því að hreyta út úr sér „Þú segir þetta ekki rétt“. Eftir tímann kallar hann hana martröð og segir að það sé ekki skrítið að enginn þoli hana. Hún heyrir það og verður að vonum sár.

- Finnst ykkur viðbrögð hans í samræmi við hegðun hennar?
- Hermione veit margt um galdra og fleira sem kemur sér vel í heimi Harry Potter-bókanna. Mynduð þið vilja vita jafn mikið um eitthvað í okkar heimi? Hvað þá?
- Hefðuð þið leiðrétt Ron? Hvernig þá?



3. Teiknaðu tvær „ljósmyndir“ af eftirfarandi atriðum eða sviðsettu þau og taktu ljósmynd eða hreyfimynd (vídeó).

- Annars vegar mynd af því þegar Harry og Ron koma inn á klósettið og sjá tröllið og Hermione. Lestu lýsinguna í textanum vel og vandlega og athugaðu hvar Hermione stendur í herberginu og hvað tröllið er að gera og hvernig það lítur út.
- Hins vegar mynd af því sem prófessor McGonagall sér þegar hún kemur inn á klósettið og sér hvað hefur gerst.



4. Þú ert blaðamaður Spámannstíðinda, dagblaðs í galdraheimi Harry Potter-bókanna. Skrifaðu frétt um innrás tröllsins.
- a) Lýstu atburðarásinni með þínum eigin orðum. Hafðu eftirfarandi í huga:

Mundu að draga fram aðalatriðin með því að hafa spurnarorð í huga, til dæmis: Hver? Hvar? Hvenær? Hvað gerðist? Hvers vegna? Hvers konar tröll er um að ræða?

Hvers vegna voru svona margir á ferli í Hogwarts-skóla þegar tröllið réðst inn? Var eitthvert sérstakt tilefni þann dag? Hverjir yfirbugðu tröllið? Úr hvaða heimavist koma þeir? Taktu ímyndað viðtal við einhvern sem var á staðnum.

- b) Skrifaðu grípandi fyrirsögn sem fær lesendur til að lesa fréttina þína.



5. Harry, Ron og Hermione verða vinir eftir atvikið á klósettinu.


- a) Hvers vegna?
b) Hvað haldið þið að þau hafi lært um hvert annað?
c) Hvað er vinátta?



Vísir þú að ...?

Þó að töfrar séu ekki til í alvörunni eru til allskyns skilgreiningar á þeim og þeirri list að stjórna hlutum með yfirnáttúrulegum aðferðum. Göldrum og töfrum er meðal annars lýst í gömlum sagnfræðiritum, þjóðsögum, goðsögum og fleiri heimildum. Galdraiðkun má finna í flestum menningarheimum og unnið hefur verið með hana á ýmsan hátt í bókmenntum og listum, til að mynda í furðusögum. Tegundir galdra og töfra eru margar og mismunandi:

- ↯ Seiður
- ↯ Töfralækningar
- ↯ Andasæring
- ↯ Svartigaldur
- ↯ Hvítigaldur
- ↯ Vúdu
- ↯ Rúnagaldur
- ↯ Gullgerð
- ↯ Umbreyting
- ↯ Álög
- ↯ Sjónhverfingar



Rannsóknarverkefni: Veldu þér eina tegund af töfrum, annaðhvort hér af listanum eða annars staðar frá, og skrifaðu einnar blaðsíðu umfjöllun um þá. Hafðu eftirfarandi í huga:

- a) Ef auðveldara reynist að finna töfraheitið á ensku reyndu samt sem áður að finna það á íslensku og nota það. Ef það finnst ekki á íslensku máttu þýða það og búa til þitt eigið íslenska heiti.
- b) Hvernig eru töfrarnir sem þú valdir framkvæmdir?
- c) Til hvers eru þeir notaðir?
- d) Hafa þeir verið iðkaðir einhvers staðar í heiminum?
- e) Fannstu upplýsingar um þá í skáldskap eða öðrum miðli? Hvernig birtast töfrarnir þar?

Nátttröllið — Þjóðsaga

Nátttröllið er þekkt tröllasaga úr Þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar. Líkt og margar þjóðsögur er hún stutt en fær samt hárin til að rísa: tröll kemur á bæjarglugga að næturlagi og reynir að lokka til sín stúlku. Hún má alls ekki snúa sér við, annars er voðinn vís. Í sögunni kveðast þau á uns dagur rís. Ekki er alveg vitað hvað línan „snör mín en snarpa, og dillidó“ merkir. Í orðabók segir að snör merki kona. Snarpur þýðir meðal annars röskur eða ákafur. Konan virðist þarna ávörpuð með þessum hætti. Dillidó er notað til að svæfa börn, líkt og korriró. Stúlkan situr og raular yfir barni sem hún svæfir.

Það var á einum stað að sá sem gæta átti bæjarins á jólanóttina meðan hitt fólkið var við aftansöng fannst annaðhvort dauður að morgni eða æðisgenginn.

Þótti heimamönnum þetta illt og vildu fáir verða til að vera heima á jólanóttina.

Einu sinni býðst stúlka ein til að gæta bæjarins. Urðu hinir því fegnir og fóru burtu. Stúlkan sat á palli í baðstofu og kvað við barn sem hún sat undir.

Um nóttina er komið á gluggann og sagt:

„Fögur þykir mér hönd þín,
snör mín en snarpa, og dillidó.“

Þá segir hún:

„Hún hefur aldrei saur sópað,
ári minn Kári, og korriró.“

Þá er sagt á glugganum:

„Fagurt þykir mér auga þitt,
snör mín en snarpa, og dillidó.“

Þá segir hún:

„Aldrei hefur það illt séð,
ári minn Kári, og korriró.“

Þá er sagt á glugganum:

„Fagur þykir mér fótur þinn,
snör mín en snarpa, og dillidó.“



Þá segir hún:

„Aldrei hefur hann saur troðið,
ári minn Kári, og korriró.“

Þá er sagt á glugganum:

„Dagur er í austri,
snör mín en snarpa, og dillidó.“

Þá segir hún:

„Stattu og vertu að steini
en engum þó að meini,
ári minn Kári, og korriró.“

Hvarf þá vætturinn af glugganum. En um morguninn þegar fólkið kom heim var kominn steinn mikill í bæjarsundið og stóð hann þar æ síðan.

Sagði þá stúlkan frá því sem hún hafði heyrt (en ekkert sá hún, því hún leit aldrei við) og hafði það verið nátttröll sem á gluggann kom.

Staldráðu við ...



1. Af hverju kemur tröllið á gluggann? Hvaða erindi á það á bænum? Hvað heldur þú að það vilji?
2. Aðrir sem gættu bæjarins á jólanótt höfðu annaðhvort dáið eða misst vitið. Hvað ætli þeir hafi gert öðruvísi en stúlkan?



Vísir þú að ...?

Segja mætti að sérstök tegund trölla hafi fjölgað sér síðustu ár og lífi meðal okkar. Það eru hin svokölluðu „nettröll“. Þessi tröll eru einstaklingar sem gera sér það að leik að blanda sér í umræður á netinu til þess eins að koma umræðunni eða fólki í uppnám.

Íslenskt vættatal: Tröll

Orðið tröll er skylt sögninni að trylla og í elstu dæmum er það einkum haft um illvættir eða fjölkynngismenn og brúkað sem skammaryrði. Mjög snemma er þó tekið að nota orðið um bergbúa þar sem karlinn heitir einnig jötunn, risi og þurs, en kerlingin flagð, gýgur og skessa. Sú merking er löngu orðin allsráðandi. Þau eru í mannsmynd en langtum stærri og hrikalegri og stundum talin einhvers konar eldri kynstofn en mennirnir. Tröll eru því heiðin og þola illa sálmasöng og hljóm í kirkjuklukkum. Þau búa langt uppi í hömrum og hellum og lifa mest á dýraveiðum og fiskifangi. Sum þeirra þola ekki dagsljós og verða að steini ef sól nær að skína á þau. Þau eru kölluð nátttröll. Íslenskir listamenn hafa yfirleitt teiknað tröllin skarpleit og stórskorin líkt og landslagið.

Tröll eru misjöfn að innræti. Sum eru grimmar og gráðugar mannætur eins og Grýla en önnur góðviljuð og liðsinna mönnum að fyrra bragði. Oftast eru þau talin heimsk en nokkur reynast spakvitur. Hvað sem öðru líður eru þau jafnan drenglynd og standa við orð sín trú sem gull. Því er tröllatryggð við brugðið. Bæði skessur og tröllkarlar áttu samt til að ræna eða seiða til sín mennska pilta og stúlkur. Ef þau undu sér þar eða tókst ekki að sleppa urðu börn þeirra svonefndir blendingar eða hálftröll. Oft er mjög erfitt að greina á milli trölla og einhvers konar landvætta.

Mörgum sögnum ber saman um að karlkyni trölla væri mjög tekið að hraka á 16. öld en skessur hafi dáið út á 19. öld. Byggðir þeirra voru um land allt og mörg höfðu sérnöfn.



Staldráðu við ...



1. Í textanum koma fyrir nokkur orð sem þarfnast útskýringa. Finndu út hvað eftirfarandi orð þýða, til dæmis með hjálp orðabókar:
 - fjölkynngi
 - brúka
 - heiðinn
 - skarpleitur
 - drenglyndur
 - landvættur
2. Í daglegu tali koma tröll stundum fyrir í orðatiltækjum og líkingamáli.
 - a) Finndu út hvað eftirfarandi orðatiltæki merkja og skrifaðu setningu þar sem þau koma fyrir:
 - að vera týndur og tröllum gefin/n
 - að vera trygg/ur sem tröll
 - að vera tröllvaxin/n
 - að vera tröll að gáfum
 - að reka upp tröllahlátur
 - b) Reyndu að finna fleiri dæmi um tröll í máli okkar.
3. Skrifaðu þína eigin stuttu tröllasögu, þar sem tröllið á í samskiptum við mannfolk. Hafðu eftirfarandi í huga:
 - a) Hvað heitir tröllið?
 - b) Hvar á Íslandi býr tröllið?
 - c) Þeir það dagsljós eða ekki? Er það nátttröll?
 - d) Er það góðviljað eða illviljað?
 - e) Hvað er það að bralla í sögunni? Hvers vegna er það í mannabyggðum?



Grimmsystur: Ævintýraspæjarar — Michael Buckley

Systurnar Sabrína og Dagný Grimm hafa þvælst á milli fósturfjölskyldna og munaðarleysingjahælisins mánuðum saman, allt frá því foreldrar þeirra hurfu sporlaust. Nú eru þær komnar til ömmu sinnar, sem trúir því að ævintýri séu raunveruleg, að Mjallhvít kenni í barnaskólanum og meira segja að skelfilegir risar klifri niður baunagrös og valdi usla. En nú er Sabrína búin að fá meira en nóg. Þetta getur ekki verið satt. Er það nokkuð?

Elvis: Hundur frú Grimm

Frú Grimm: Amma Sabrínu og Dagnýjar

Úlfar: Aðstoðarmaður frú Grimm.

Toni, Stebbi og Böddi: Hrottar sem reyndu að ráðast á systurnar og ömmu þeirra.

Grimmsystur 4. kafli

„Er eitthvað að koma? Hvað þýðir það eiginlega? Ég er búin að fá nóg af þessum sögum þínum,“ öskraði Sabrína. „Þú ert bara að reyna að hræða okkur og láta systur mína fá martraðir svo að við verðum of hræddar til að fara frá ykkur.“ Það var eins og þessi litli jarðskjálfti hefði losað um eitthvað inni í Sabrínu, reiðina og pirringinn yfir að vera yfirgefin, þvæling milli fósturheimila, vonina eftir að finna stað sem þeim liði vel á og svo vonbrigðin sem ávallt fylgdu í kjölfarið.

„Sabrína, við ræðum þetta síðar. Viltu vera svo væn að setjast inn í bílinn,“ bað frú Grimm.

„Ég vil ekki heyra eitt orð enn um álfa og púka og risa eða Jóa og baunagrasið eða Eggbert!“ sagði Sabrína ofsareið og Elvis ýlfraði. „Ég þekki muninn á ævintýri og raunveruleika!“

Hún hafði varla lokið síðasta orðinu þegar eitthvað féll niður úr himnum. Það var risavaxið og umkringdi bílinn og lyfti honum upp af jörðinni. Sabrína trúði ekki eigin augum en þarna var það, beint fyrir framan augun á henni.

Það var hönd, risastór hönd.

Augu hennar trilluðu upp handlegginn, hærra og hærra, þangað

til hún sá hausinn á risanum og óskaði þess að hún hefði ekki gert það. Graftarkýli á stærð við marenstertur stungust út úr feitri húðinni. Brotið nef hlykkjaðist eftir andlitinu, annað augað var hvítt og steindautt en hitt var hulið svefnstírum. Hár á þykkt við trjáboli stakkst út úr nasaborunum og hékk yfir munnfylli af brotnum, skökkum, grænum og gulum tönnum. Hann klæddist feldum af risavöxnum dýrum og bar höfuðið á risastóru bjarnkýri sem hjálm. Beittar vígtennur bjarnarins hjuggust inn í sköllótt höfuðið, við það að gata á honum heilann. Stígvélin voru líka úr dýrafeldum og nokkrir óheppnir græðlingar voru flæktir í reimarnar.

Risinn lyfti bílnum upp að ógeðslegu andlitinu og kíkta inn eins og barn sem rannsakar leikfang. Með lausu hendinni boraði hann í nefið.

„Hvar er Englendingurinn?“ baulaði hann. „Af hverju er hann að fela sig?“

Sabrína gat ekki séð hvað var í gangi inni í bílnum þar sem hann var kominn tugi metra upp í loftið. Hún velti fyrir sér hvort frú Grimm og Úlfar væru yfir höfuð enn á lífi. Þetta var allt svo hræðilegt að stelpurnar tóku varla eftir því að eitthvað datt úr bílnum og lenti með skelli við fætur þeirra.

„Þú getur ekki falið þig fyrir mér, Englendingur!“ öskraði risinn, lyfti risastórum fætinum og trampaði svo harkalega á fjallakofanum að hann flattist út eins og pönnukaka. Spýtnabrak og grjót hentist í allar áttir svo stelpurnar sluppu naumlega. Sabrína og Dagný gripu andann á lofti. Þrjótarnir þrír, Toni, Stebbi og Böddi, höfðu verið þarna inni. Það var ekki möguleiki að þeir hefðu náð að flýja.

Risinn leit niður á eyðilegginguna og hló geðveikislega. Hann tróð bílnum ofan í fitugan skyrtuvasa, lyfti gríðarstórum fæti og gekk í burtu með leifarnar af fjallakofanum undir skósólunum. Jörðin hristist og skókst og bylgja gekk yfir landið



líkt og þegar maður fleytir kerlingar á tjörn. Þar sem skrefin voru risavaxin var hann horfinn yfir sjóndeildarhringinn á örskotsstundu. Það eina sem eftir lifði var fjarlægur gnýr og reiðilegt urrið í Elvis.

Stúlkurnar stóðu grafkyrrar. Í Sabrínu barðist óttinn við aðra tilfinningu sem erfiðara var að viðurkenna – skömm. Frú Grimm hafði verið að segja sannleikann allan tímann og Sabrína hafði neitað að hlusta. Hún hafði látið eins og asni við gömlu konuna og fengi kannski aldrei tækifæri til að biðjast afsökunar. Hún ætlaði að hugga systur sína en Dagný vatt sér undan. Hún hljóp til að ná í það sem hafði dottið úr bílnum. Það var taska frú Grimm.

„Hún var að segja satt og þú ert búin að vera ömurleg við hana, heldurðu enn að hún sé klikkuð?“ sagði Dagný fókall.

„Ég held ekki að hún sé klikkuð,“ svaraði Sabrína en Dagný var þegar lögð af stað niður götuna. „Hvert ertu að fara?“

„Ég ætla að bjarga fjölskyldunni okkar,“ svaraði litla stúlkan án þess að hægja á sér.

Staldráðu við ...



1. Lýsið risanum, haldið ykkur við staðreyndirnar úr textanum en veljið ykkur sjónarhorn:
 - a) Hlutlaust. Lýsið risanum án þess að leggja dóm á hann á nokkurn hátt.
 - b) Með viðbjóði. Lýsið risanum eins og hann sé það viðbjóðslegasta sem þið hafið augum litið.
 - c) Með velþóknun. Lýsið risanum eins og hann sé það fallegasta sem þið hafið séð.
 - d) Undrandi. Lýsið risanum eins og hann sé það furðulegasta og merkilegasta sem þið hafið rekist á.
 - e) Eitthvert annað sjónarhorn sem ykkur dettur í hug.



2. Teiknið mynd af risanum.

Helgi tattú

Um leið og hann lést
lífnuðu þau við
pardusdýr, hauskúpur,
verur og vafningar

Sætustu dagar
sárustu nætur
sýnd hægt
á horuðum handleggjunum

Gerður Kristný



Staldræðu við ...



1. Hvernig heldur þú að húðflúrin hans Helga hafi litið út?
Teiknaðu Helga og tattúin hans.



2. Segja tattúin hans Helga eitthvað um hann? Hvernig lífi
ætli hann hafi lifað? Hvernig persóna ætli hann hafi verið?



Vísir þú að ...?

Húðflúr af ýmsu tagi hafa fylgt mannum í mörg þúsund ár. Mannamyndir sem Evrópufolk tálgaði 6000 árum fyrir Krist benda til þess að það hafi teiknað myndir á andlit sín og líkama. Fornleifafræðingar sem rannsaka Egyptaland hið forna telja að konur af ákveðnum stéttum, sennilega kvenprestar og dansarar, hafi borið húðflúr. Múmían Amunet er þekktasta húðflúraða múmían sem fundist hefur. Hún er frá því um það bil 2000 árum fyrir Krist. Líklega hefur hún verið kvenprestur í hofi Hapør, æðstu gyðju þess tíma.





3. KAFLI SVAÐILFARIR

Hefnd, blóð, sverð, úlfur, úlfur! Hryllilegt en samt hræðilega spennandi. Í þessum ófriðlega kafla kynnumst við heimi fantasíunnar í ýmsum miðlum; í fornrítum, smásögu, kvikmyndahandriti, myndasögu og ljóði. Við sláumst í för með Skaða, veiðigyðjunni frjálsu, í hefndarför hennar til Ásgarðs. Við fylgjumst með Hildi, söguhetju kvikmyndarinnar Astrópiu, þegar hún kynnist ævintýrum hlutverkaspils í fyrsta skipti. Hinn ógurlegi úlfur Fenrir ógnar með sínu gapandi gini en að lokum koma vitkinn Gandálfur og hópur frækinna dverga okkur til bjargar. Búðu þig undir að stíga inn í ævintýraheim ...



Veiðigyðjan — Emil Hjörvar Petersen

Vafalaust eru þekktustu kvenpersónur norrænnar goðafræði ásynjan Frigg og vanadísinn Freyja. Ein þeirra lítt þekktari er veiðigyðjan Skaði, en talið er að hún hafi verið tilbeðin í Skandinavíu. Í kvæðum og sögum birtist hún sem kappi og hörkutól með frelsisþrá, kona sem stendur uppi í hárinu á háttsettum ásunum.

Smásagan „Veiðigyðjan“ byggir á nokkrum frásögum úr Eddukvæðum og Eddu Snorra Sturlusonar, sem eru dýrmætustu varðveittu fornritin um ásatrú, þar sem finna má frásagnir af guðum og heimsmyndinni allri. Hér er saga veiðigyðjunnar útfærð eftir höfði höfundar.

I. Í Þrymheimi

Fjallaloftið í Þrymheimi er engu líkt. Kaldir vindar bera með sér angan af barri og segja mér sögur af dýrunum sem búa víðsvegar í hlíðum, rjóðrum og trjátöppum.

Dalurinn tekur á móti mér, ég skima yfir hvíta ábreiðuna yfir fjallgörðunum og **viðarhafið** við rætur þeirra. Ég festi á mig skíðin og hlusta á vetrarsöng trjánna; hvininn milli greina og brak og bresti morgunsins. Snjórinn er rakur og þykkur, í dag verður auðvelt að rekja spor.

Áður en ég fer á veiðar kem ég við hjá föður mínum, jötninum Þjassa. Yfirleitt sest ég stundarkorn á allt of stóran koll á veröndinni og hann færir mér eitthvað heitt að drekka, eitthvert bragðvont seyði sem ég sötra fyrir kurteisis sakir. Við erum ólík, lítum ekki sömu augum á veröldina og getum ekki búið undir sama þaki. En þessi hefð heldur fjölskylduböndunum saman.

Ég teygi mig að hurðinni, banka en enginn kemur til dyra. Legg við hlustir. Tel mig heyra þrusk fyrir innan. Þegar ég beygi mig niður til að losa um skíðin heyrir ég vængjatak nálgast og rödd kveður við ofan af þakinu.

Orðabókaleit:
Hvað merkja
undirstrikuðu orðin
og orðasamböndin
í textanum?
Að skima, hvinur,
að kveða við.

„Þarftu ekki að drífa þig niður eftir?“ spyr rámm röddin. „Ná morgunráfi dýranna?“

Á þakinu situr heljarinnar örn. Þetta er faðir minn, í arnarhamnum.

„Hvað hefurðu gert af þér núna?“ spyr ég. „Hvert fórstu í gær?“ Græðgi hans og hroki hafa komið okkur í klandur áður. Samskipti hans við æsi, vani og jafnvel aðra jötna eru stirð. Þess vegna einangraðist hann. Þess vegna ólst ég upp hér í fjöllumunum. Ég kvarta þó ekki, ég nýt frelsisins og víðáttunnar. En ég er ósátt við háttalag fjöður míns.

„Til Ásgarðs,“ svarar hann og lítur undan. „Þurfti að sinna mikilvægum erindum.“

Oftast sé ég hvort hann hefur eitthvað óhreint í pokahorninu, því þá herpir hann varirnar undir stórgerðu nefinu. En sem örn hefur hann engar varir, aðeins gogg.

„Ætti ég að hafa áhyggjur?“ spyr ég.

Hann breiðir út vænghafið og segir: „Farðu nú á veiðar, Skaði. Hafðu ekki áhyggjur af mér.“

II. Fall Þjassa

Skíðin renna vel eftir skógarbotninum. Sólargeislum fækkar eftir því sem ég ferðast lengra inn í skóginn.

Ég hægi ferðina, fer hljóðlega yfir, rýni í fönnina og ekki líður á löngu þar til ég kem auga á ungan hjört rótandi með snoppunni í fönninni, leitandi eftir æti.

Þetta verður auðveldara en ég þorði að vona.

Ég teygi mig eftir ör í örvamælinum á bakinu og legg hana á bogann. Strekki á honum. Miða. Er með hjörtinn í sigtinu. Bíð ögn lengur, því að ég vil hæfa hann í hjartastað. Ég virði dýr dalsins og vil ekki að þau þjáist, síst af mínum völdum. Þó verð ég að veiða, það er í eðli mínu.

Þegar ég dreg inn andann og bý mig undir að sleppa örinni berst öskur niður hlíðina, sambland arnarskrækja og beljandi jötunsraddar.

Orðabókaleit:
Hvað merkja
undirstrikuðu orðin
og orðasamböndin
í textanum?
Fönn, örvamælir.



Hirtinum verður hverft við, hann stekkur á brott.

Ég lít í kringum mig, sé smádyrin í trjánum koma úr fylgsnum sínum. Þau horfa á mig.

„Var þetta faðir minn?“ spyr ég upphátt.

Dýrin segja ekkert.

Fleiri skrækir óma í dalnum og þeir fara hækkandi. Ég sperri eyrun, heyrir vængjaþyt fyrir ofan mig og lít upp. Yfir trjátoppunum flýgur valur á ógnarhraða, hann hækkar flugið og stefnir hraðbyri út úr dalnum. Hvað er þetta sem hann rígheldur um með klónum? Er það hnetá? Hvers vegna liggur honum svona á?

Eftir skamma stund greini ég þyngri vængjaþyt berast úr sömu átt. Þann þyt þekki ég. Faðir minn, skrækjandi og öskrandi, þýtur á eftir valnum. Ég kalla til arnarins en hann virðir mig að vettugi. Augnaráðið boðar ekki gott; hann vill valinn feigan.

Í morgun nefndi faðir minn Ásgarð. Á hann sem sagt í útistöðum við æsina? Ofsinn í eltingaleiknum gefur aðeins eitt til kynna: Þetta á ekki eftir að enda vel. Ég verð að stöðva föður minn, verð að koma fyrir hann vitinu.

Ég elti örninn þar til ég missi sjónar á honum og tek þá stefnuna rակleidis á Ásgarð. Ég ferðast hratt yfir, veiði mér til matar á leiðinni og ann mér ekki hvíldar fyrr en ég hef uppi á honum.

* * * *

Eftir langa ferð finn ég hann. Hálfur í hamnum liggur hann í forugum vagni undir tré skammt utan vegar við landamæri Ásgarðs. Blóðið vætlar

milli fjala, faðir minn er illa lemstraður og höfuðið á honum brotið. Sviðnaðir vængirnir hylja hluta af ólögulegum líkamanum. Hann hefur greinilega reynt að breyta sér aftur í jötun en ekki tekist það.

Ég held aftur af grátum og hunsa ferðapreytuna, gnísti heldur tönnum og leita ummerkja. Eftir skamma leit finn ég fáein gullin eplafræ og gyllt hálsmen í vasa hans. Menið sýnir lífstréð, Ask Yggdrasils. Aðeins æsir og ásynjur eiga svona gersemar.

„Ég mun hefna, það sver ég,“ segi ég milli samanbitinna tanna. „Ég mun granda hverjum þeim sem ber ábyrgð á þessu.“

Að jötnasið legg ég bál að vagninum og leyfi föður mínum að brenna ofan í jörð. Að svo búnu arka ég að nærliggjandi þorpi, sel feldi og skinn sem ég hef fláð af veiðibráðum á ferðalaginu og nota gróðann upp í kaup á fleiri vopnum og verjum. Ég brynja mig ryðgaðri brjóstplötu og set á mig axlarhlífar og hjálm. Ásamt boganum vopnast ég spjóti og skildi.

Ofríki ása hefur gengið of langt. Þótt Þjassi faðir minn hafi gert eitthvað á þeirra hlut geta æsir ekki drepið þá sem þeim lystir, án dóms og laga. Þótt þeir séu guðir og ráði lögum og lofum ættu þeir líka að geta sýnt vald sitt með miskunn. En það gera þeir ekki og því svara ég í sömu mynt.

III. Í Ásgarði

Mér er meinaður aðgangur að Valhöll. Ég styð mig við spjótið, bíð og reyni að leyna því hversu uppgefin ég er.

Ég kasta mæðinni og þegar ég virði fyrir mér dýrð Ásgarðs og mikilfengleika Valhallar, gullið þakið sem gnæfir yfir varnarveggnum, læðist að mér efi. Hvað er ég að gera? Ætla ég að bjóða guðum byrginn? Já, hvers vegna ekki? Ríkidæmi þeirra og völd eru fengin á kostnað annarra, á kostnað jötna til að mynda. Þó að ég sé aðeins hálfjötunn get ég samsamað mig þeim. Jötnar eru hamslausir en þeir eiga sinn tilverurétt, þeir eru mikilvægur hluti heimsmyndarinnar, nauðsynlegir því jafnvægi sem heldur lífstrénu saman.

„Hvað viltu hér, veiðikona?“ spyr voldug rödd uppi á

Orðabókaleit:
Hvað merkja undirstrikuðu orðin og orðasamböndin í textanum?
Hraðbyri, að vilja einhvern feigan, að hunsa, að leita ummerkja, að arka, að flá, að ráða lögum og lofum, að svara í sömu mynt, kasta mæðinni, að gnæfa yfir, að bjóða byrginn, að samsama.

varnarveggnum. Vegna rísandi sólar og skinsins frá þaki Valhallar greini ég aðeins útlínur skuggavera.

Ég þiri augun og sé betur: Á veggnum fyrir ofan hliðið stendur Óðinn, kufklæddur með tvo hrafna svífandi yfir höfði sér. Við hlið hans stendur sonur hans, þrumuguðinn Þór, með hamarinn fræga, rauðskeggjaður og rauðþrúttinn í framan — að öllum líkindum vegna öldrykkju. Einnig birtist ásynjan Frigg; hennar hátign spök og íhugul á svip.

„Þið myrtuð Þjassa föður minn!“ Ég ota spjótinu að þeim. „Hann var lurkum laminn og höfuðið brotið. Skilinn eftir úti í skógi til að rotna. Hverjir bera ábyrgð á því? Ég skora hvern þann á hólmi sem var með í för! Opnið hliðið undir eins! Mætið mér!“

Óðinn lítur vonsvikinn á son sinn. „Gastu ekki farið snyrtilega að þessu? Ég bað þig að aflífa hann eftir að við náðum honum niður. Það þýðir ekki að þú hafir átt að merja bókstaflega úr honum líftóruna. Geturðu aldrei sýnt neinu virðingu?“

Þrumuguðinn fussar og ypptir öxlum. „Á ég núna að sýna jötnum virðingu?“ Hann hikstar. „Þjassi rændi Iðunni og eplunum, við vorum farin að eldast, hann ógnaði lífi okkar allra! Ekki ætlaðu að taka málstað dóttur hans fram yfir okkar?“

Heyrði ég rétt? Rændi faðir minn æskueplunum af ásunum?

Óðinn snýr sér aftur að mér. „Skaði, styður þú gjörðir föður þíns? Ert þú ef til vill samsek?“

„Ég ... ég hafði ekki hugmynd um það.“ Ég má ekki láta á mér bilbug finna, verð að standa keik. „Faðir minn átti það til að gera ýmislegt vafasamt, ég veit það, en aldrei datt mér í hug að hann skyldi ganga svo langt að ræna ykkur yngingunni. Það breytir því ekki að mér rennur blóðið til skyldunnar. Ég þarf að skora Þór á hólmi fyrir að hafa vanvirt föður minn. Hann getur notað Mjölni ef honum þóknast og verður það eflaust minn banabiti en heiður mun ég öðlast fyrir vikið, heiður fyrir mig og föður minn.“

Röddin deyr út á virkisveggnum. Fleiri æsir hafa birst uppi á

Orðabókaleit:
Hvað merkja
undirstrikuðu orðin
og orðasamböndin
í textanum?
Að skora á hólmi,
að láta (ekki) bilbug
á sér finna, að
standa keikur, að
renna blóðið til
skyldunnar.

veggnum og líta forviða á Þór og niður á mig til skiptis. Óðinn ræðir við þá í hálfum hljóðum. Ég bíð átekta.

Það er tekið að hvesa. Hvinur strjálra trjáþyrpinganna á ökrunum í kring minna á heimahagana. Ég ætti að ferðast um víðáttur fjallanna í stað þess að standa í þessari hefndarför.

Óðinn ræskir sig. „Skaði, þú ættir að ganga í raðir okkar. Á ferðum mínum um Jötunheim og heimahéraðið þitt, Þrymheim, hef ég séð þig að störfum. Og hrafnarnir staðfesta það sem ég segi: hæfileikar þínir eru miklir og gætu nýst ásum sem vönum, þú gætir kennt okkur og við getum miðlað okkar þekkingu til þín í staðinn. Við bjóðum þér að vera tekin í guðatölu, þú verður vígð sem veiðigyðja, verður ein af okkur. Þar að auki, sem sárabót fyrir dauða föðurins, máttu taka þér hvern þann eiginmann hér sem þig lystir.“

Ég er agndofa. Veit ekki hvað skal segja. Hvílíkt hrós, hvílíkt boð. Ég hef verið einstæð allt mitt líf, ein með skóginum, fjöllunum og bráðinni. Er kominn tími á breytingar? Getur dauði föður míns opnað nýja leið fyrir mig? Með því að ræna Iðunni og æskueplunum vanvirtu hann sig og mig. Get ég gift mig inn í raðir ása og vana, endurheimt þannig heiðurinn og komist í ofanálág til vegsemdar og virðingar?

„Það fellst ég á,“ segi ég að lokum og kem sjálfri mér á óvart.

Hliðið opnast og ég geng inn í forgarð Valhallar. Æsir og ásynjur taka mér fagnandi, bjóða mig velkomna, og meira að segja Þór biður mig að fyrirgefa sér. Þá fyrirgefningu get ég ekki veitt. Vopnum mínum og verjum er komið fyrir á feldi í fremur stórri laut og mér boðið besta sæti við langborðið.

Eitt af öðru setjast æsir og ásynjur niður. Í einni svipan hafa hátíðahöld hafist mér til heiðurs!

Mér eru færðar gjafir, hinn hagartri Bragi yrkir kvæði um mig, veiðigyðjuna, dvergar taka af mér mál fyrir nýja brynju og álfar sömuleiðis fyrir klæði.

En mér er ekki skemmt. Mér stekkur ekki bros á vör.

Iðunn kastar á mig kveðju og segir að faðir minn hafi ekki gert sér

mein. Hann hafi aðeins girnst æskueplin. Mér er létt að heyra það.

Bragðarefurinn Loki heilsar mér. Hann segir mér alla sólaröguna, hvernig Þjassi í arnarham hóf Loka á loft og kúgaði hann til þess að narra Iðunni með æskueplin út í skóg, þar sem örninn hóf hana á brott. Æsirnir tóku þá að eldast og Loka var skipað að bjarga Iðunni og ná eplunum aftur. Loki flaug í valsham til Þrymheims, breytti Iðunni með eplin í hnetu og flaug með hana úr dalnum. Þjassi veitti honum harða eftirför en þegar til Ásgarðs kom brugðust æsir hinir verstir við og kveiktu bál svo að arnarvængirnir sviðnuðu. Á jörðu niðri var Þjassi klófestur. „Mér þykir miður hvernig fór. Ég vildi skera hann þabba þinn á háls og leyfa honum að blæða út, það er minn háttur. En Þór á oft erfitt með að hemja bræðina.“ Þunnar varirnar falla inn á við þegar Loki brosir sínu breiðasta og um leið smeðjulegasta. Erfitt er að greina hvað glampinn í augunum merkir. „Í dag ert þú tekin í guðatölu og mátt velja þér einhvern af ásum eða vönum til að kvænast. Viltu ekki gleðjast? Í það minnsta reyna?“

Ég andvarpa.

Þá tekur Loki til við að segja mér lélegar gamansögur. Hann reynir að koma mér til að hlæja en allt kemur fyrir ekki.

„Dokaðu við, ég kem aftur!“ gellur í honum og hann hverfur bak við runna.

Eftir drygklanga stund snýr hann aftur með geit í eftirdragi. Hann klappar saman lófunum, blístrar hátt og biður um athygli.

„Þetta hlýtur þér að finnast fyndið, Skaði góð!“ Loki losar um snöruna á bandinu um háls geitarinnar og festir á skegg hennar. Hann gyrðir niður um sig buxurnar, tekur um endann á bandinu, leggur það að klofinu og bindur við hreðjar sínar. Því næst storkar hann geitinni, fælir hana og hræðir. Hún fyririst við, reynir að stökkva á brott en Loki togar á móti.

Í reipitogi við geitina, með bandið fast í klofinu, emjar hann af sársauka til skiptis við eymdarjarm hennar.

„Af hverju er ég að gera þetta?!“ æpir hann. „Hvað er eiginlega að mér?!“

Loki og geitin togast á uns hluti geitarskeggsins rifnar frá húðinni. Bragðarefurinn steypist aftur á bak og lendir við fætur mér. Geitin hleypur skelkuð á brott.

Þögn slær á hópinn. Æsir og ásynjur horfa stóreygð á okkur Loka, bíða eftir viðbrögðum mínum. Ég horfi á hann liggjandi á jörðinni, þar sem hann losar varlega um bandið í klofinu. Fiðringur fer um mig, gáski gerir vart við sig í búknum, ég ræð ekki við hann, tárast, reyni að halda aftur af brosinu en að endingu rek ég upp skellihlátur. Ég hlæ frá mér alla sorg. Með hlátrinum vígist ég að fullu inn í raðir ása og vana.

* * * *

Næst á dagskrá er makavalið. Frá því að veisluhöldin hófust hef ég haft augastað á Baldri. Sögusagnir um hversu föngulegur hann er komast ekki í hálfkvisti við að sjá hann í eigin persónu. Tignarlegt fasið, blá augun, ljóst hárið og góðleg nærveran heilla mig samstundis. Ég hugsa mér gott til glóðarinnar en þá tilkynnir Óðinn að ég skuli velja mér mann út frá fótafegurð. Það sagði hann ekki fyrr í dag. Jæja þá.

„Ókvæntir jafnt sem kvæntir stíga bak við tjald,“ segir hann. „Ef þú velur kvæntan verður núverandi maki að víkja. Og sjálfur skal ég leggja hjónaband mitt að veði. Sérðu nú, Skaði, hversu örlát við erum?“

Tveir dvergar draga inn í lautina vínrautt tjald sem hangir í langri slá. Æsir og vanir ýmist afklæðast buxum eða bretta skálmar upp að hné. Út undan mér sé ég Nönnu Nepsdóttur, eiginkonu Baldurs, krossleggja hendur og hrista höfuðið.

Mér er sagt að líta undan meðan þeir koma sér fyrir bak við tjaldið.

„Opnaðu nú augun!“ kallar Óðinn.

Við fald tjaldsins sé ég fjölmarga fætur; þykka, mjóa, loðna, slétta, hvíta, brúna. Ásynjur veltast um af hlátri.

Ég stend upp og skoða fæturna betur. Fyrir miðju kem ég auga á

Orðabókaleit:
Hvað merkja undirstrikuðu orðin og orðasamböndin í textanum?
Að narra, að gella, að fyrrast við, föngulegur.

fagurt fótapar. Stæltir kálfarnir bera af, tærnar eru vel snyrtar og hárin upp að hné eru dökk en fíngerð.

Það er engin ástæða til að velta þessu meira fyrir sér. „Þennan kýs ég. Fátt mun ljótt á Baldri!“

Ég bý mig undir að falla í faðm Baldurs, en fram fyrir tjaldið stígur allt annar guð. Það er vanurinn Njörður sem á þessa fallegu fótleggi, hinn mikli sæfari og kaupmaður. Langt skegg hans er eins og þari og augun sægræn.

Sjávarguðinn Njörður tekur í hönd mína, slær mér gullhamra, segir hár mitt vera sem bárur í fjöruborði og rjóða vangana sem sólroða við sjóndeildarhring. Ég yggli mig.

„Við gefum ykkar saman hér og nú!“ Alfaðirinn Óðinn réttir úr sér og þylur upp brúðkaupskvæði.

Ég vildi hinn fagra Baldur. Njörður er eflaust ágætur vanur, hann er auðugur, ég hef heyrt að hann eigi mikinn bústað við sjóinn sem kallast Nóatún og hann virðist ætla sér að verða góður eiginmaður. En verð ég góð eiginkona?

Að veisluhöldunum loknum fylgi ég Nirði út úr forgarði Valhallar.

Ég er orðin að veiðigyðju og á svipstundu mikils metin meðal ása og vana. Efasemdirnar bæli ég niður jafnóðum.

IV. Frelsið endurheimt

Ég hef fengið meira en nóg.

Njörður er nýkominn úr langri sjóferð en ég gef honum ekki færi á að víkja sér undan og segist vilja ræða við hann strax.

„Þú gerir ekki annað en að sigla,“ segi ég ákveðin. „Og þegar þú ert ekki úti á rúmsjó talarðu ekki um annað en siglingar og kaupmennsku.“

„Ég verð að gera það,“ mótmælir Njörður, fórnar höndum og færir sig nær arninum. „Það er í eðli mínu, það er skylda mín.“

„Hvað um mínar skyldur?“ Mér er farið að hitna í hamsi. „Stundum ertu í burtu marga mánuði í senn, einhvers staðar í fjarlægum borgum

þar sem þú reynir að græða, eins og þú eigir ekki nóg fyrir. Þótt þú komir færandi hendi sýnir það ekki að þér sé umhugað um mig. Þú þekkir mig ekki. Eftir öll þessi ár ættirðu að vita að mér er sama um gull og gjafir. Ég þarf áskoranir en veiðilendurnar á sléttunum hér í kring fela í sér enga áskorun, enga ögrun, og því rækta ég ekki hæfileika mína sem skyldi. Ég vil skóga og fjöll, ég vil fagna þegar örin hittir í mark eftir langan og strangan eltingaleik. Ég þarf að sinna guðlegu hlutverki mínu og svara kalli þeirra sem tilbiðja mig og blóta. Ég er veiðigyðja!“

Njörður reisir höfuðið snöggst svo að sultardropi skvettist af nefbroddinum. Nýr dropi myndast fljótt.

„Viltu þá ekki sigla aftur með mér, Skaði, og veiða þar sem við komum í höfn?“ Hann reynir að malda í móinn og lítur blíðlega á mig. Það drýpur af skegginu og andlitsdrættirnir minna á bylsgjadan sand í grynningum. „Ef mig rekur rétt í minni fannst þér það ánægjulegt og skipverjunum líkar vel við þig.“ Hann skýtur augunum að glugganum og þírir þau, rétt eins og hann gerir þegar hann veltir fyrir sér veðri og vindum fyrir siglingu.

Njörður hefur nokkrum sinnum áður reynt að koma til móts við mig. Eitt sinn reyndum við að skipta dvölinni niður: níu nætur í Nóatúni, níu nætur í Þrymheimi. En eftir aðeins fáeina mánuði gafst hann upp á því og ég gaf eftir — en það geri ég ekki aftur. Líkt og hann þrífst aðeins nálægt sjó, þrífst ég aðeins nálægt fjöllum.

„Í fyrstu skiptin var ágætt að sigla með þér,“ viðurkenni ég. „En með tímanum varð ég lítið annað en eiginkona þín. Hlutverk mitt var að brosa, vera blíð og auka hróður þinn. Hér á bæ finnst mér ég vera lítið annað en húsfreyja og grasekkja sem kann til veiða, síbíðandi við gluggana, horfandi yfir hafið eða slétturnar. Enginn skógur, engar fjallshlíðar, engin fylling. Aðeins bið. Ég get það ekki lengur.“

„Hvað með Frey minn og Freyju?“ spyr hann. „Þú gætir farið til þeirra. Ég er viss um að Freyja tæki glöð á móti þér á Fólkvangi. Þar eru skógivaxnar hlíðar.“

„Þau hafa komið vel fram við mig, svo sannarlega.“ Ró færir yfir

Orðabókaleit:
Hvað merkja
undirstrikuðu orðin
í textanum?
Andlitsdrættir,
grasekkja.

mig, ég finn að samtalinu fer brátt að ljúka. „En því miður hefur mér reynst erfitt að líta á þau sem mín börn, stjúpmodurhlutverkið var og er mér ekki auðvelt. Þetta snýst heldur ekki um þau. Þau þurfa að sinna sínum skyldum, ég þarf að sinna mínum — þér virðist erfitt að skilja það. Ég þarf að veiða á mínum forsendum, þannig miðla ég guðlegum eiginleikum mínum til Miðgarðs.“

„Er ... er engin leið að fá þig til að vera um kyrrt?“

„Nei.“ Ég legg hönd á vanga hans. „Þú þrífst við sjó, ég í fjöllum. Bæði viljum við okkar frelsi, en á ólíkan hátt. Við höfum reynt að láta þetta ganga upp en ég held að nú sé komið að leiðarlokum.“

„Er þetta þá útrætt?“ Njörður snýr sér að arninum. Vonbrigðin sýna sig á útiteknu enninu. „Ertu farin til fjalla?“

„Það er fyrir bestu.“ Ég tek skjöld niður af veggnum og klæði mig í leðurbrynjuna sem dvergarnir smíðuðu.

Við skiljum í góðu. Ég kveð þjónustufólkið og geng í fullum herklæðum út í rigninguna, með boga og örvamæli á bakinu.

* * * *

Eftir að ég flutti aftur heim til fjallanna í Þrymheimi hef ég aftur fundið ögrun og áskorun í veiðunum. Færni mín eykst hægt og bítandi frá degi til dags. Því meiri hróður sem fer af mér í Miðgarði og því fleiri í mannaheimi sem tilbiðja mig, þeim mun leiknari verð ég og færni minni miðla ég til baka. Ég ber ábyrgð sem veiðigyðja, sinni skyldum mínum og ég geri það á mínum forsendum, frjálts undan áhrifum ása og vana.

Ég sleit hjónabandinu, kastaði frá mér auði og hárrí tign meðal guðanna. Í staðinn endurheimti ég skóginn, fjöllin og veiðina. Það er allt sem ég þarf. Frelsið gerir mig að sannri veiðigyðju.



Vísir þú að ...?

Ásynjan lðunn varðveitir og annast yngingareplin sem goðin borða þegar þau eldast og verða í kjölfarið ung á ný. Þekkt saga úr brunni norrænna goðsagna segir frá því þegar lðunni og eplunum er rænt. Stór og mikill örn lofar Loka og Hæni að hann skuli hjálpa þeim að steikja bráð sem þeir höfðu veitt gegn því að fá hluta af henni? En örninn hrifsar til sín allt kjötið. Loki reiðist og ber til hans með stöng. Örninn grípur um stöngina, dregur Loka eftir jörðinni, hefur hann á loft og neitar að sleppa honum nema að hann sjái til þess að lðunn og eplin verði innan seilingar, svo hann geti rænt henni. Örninn er í raun jötunninn Þjassi en afleiðingar ránsins sjáum við í smásögunni „Veiðigyðjunni“. Þar er upprunalega goðsagan sögð út frá sjónarhorni Skaða, dóttur jötunsins.



Staldráðu við ...



1. Í upphafi sögunnar veitir Skaði „vetrarsöng trjáanna“ eftirtekt og lýsir honum en tré geta ekki sungið, heldur er átt við brak og bresti greinanna undan snjóþunganum. Í listgreinum hefur náttúrufrýrbrigðum verið lýst á ýmsa vegu til að vekja upp hughrif og skapa stemningu, til dæmis með því að veita frýrbrigðunum eiginleika mannfólks. Slíkt myndmál flokkast undir persónugervingar. Búðu til *persónugervingar* með því að lýsa náttúrufrýrbrigðum með gjörðum mannfólks. Dæmi: Stráin dönsuðu við vindinn.
2. Önnur leið til að búa til myndmál er að líkja mannfólki við náttúrufrýrbrigði. Sú leið flokkast undir *samlíkingar*.
 - a) Skrifðu þrjár samlíkingar, þar sem útliti eða gjörðum manneskju er líkt við frýrbrigði í náttúrunni. Dæmi: Ólafur þagði eins og steinn.
 - b) Þegar Njörður slær Skaða gullhamra gerir hann það með tveimur samlíkingum. Finndu þær í textanum og útskýrðu merkingu þeirra, hvernig hann lýsir útliti veiðigyðjunnar með líkingunum.
 - c) Í síðasta hluta sögunnar finnst veiðigyðjunni andlitsdrættir Njarðar minna á „bylgjaðan sand í grynningum“. Hvað þýðir það? Hvað sérðu fyrir þér? Hvers vegna ætli hún noti þessi samlíkingu?
3. Jötunninn Þjassi, faðir veiðigyðjunnar, er hamskiptingur; hann getur breytt sér í örn.
 - a) Munið þið eftir fleiri hamskiptingum í bókmenntum, kvikmyndum, sjónvarpsþáttum, tölvuleikjum eða öðrum miðlum? Finnið að minnsta kosti dæmi um tvo aðra hamskiptinga. Í hvernig dýr breyttu viðkomandi sér?
 - b) Ef þið væruð hamskiptingar, hvernig dýr mynduð þið vilja breyta ykkur í og af hverju?





4. Skaði er af jötnaættum en í sögunni segist hún vera hálfjötunn. Móður hennar er ekki getið í neinum varðveittum heimildum.
 - a) Hver ætli móðirin sé? Er hún mennsk eða af einhverjum öðrum kynþætti? Skrifðu persónulýsingu á henni og veittu henni stutta bakgrunnssögu.
 - b) Hvernig sérðu jötnana fyrir þér? Voru þeir ófríðir og klunnalegir eins og risar eða tröll, eða voru þeir einfaldlega annað guðakyn sem átti í sífelldum erjum við æsina? Kannski mitt á milli? Skrifðu stutta lýsingu á jötni *eða* teiknaðu mynd.
5. Frelsið sem fylgir veiðum í skógum og fjöllum er veiðigyðjunni kærast. Hún afsalar sér auði og hærri tign meðal guðanna til þess að geta ferðast frjáls um fjöllin í Þrymheimi. Ef þið væruð forrík og gætuð gert allt *nema* það sem er ykkur kærast, mynduð þið gefa frá ykkur auðinn til þess að fá frelsi til að gera það? Rökstyðjið svarið ykkar í stuttu máli.



HANDRIT

Innri tími merkir hversu langur tími líður innan sögu eða frásagnar. Sumar sögur gerast á stuttum tíma, til dæmis broti úr degi, aðrar ná yfir margar aldir.

Ytri tími merkir hvenær sagan gerist. Til dæmis í nútímanum, í fjarlægri fortíð eða í ímyndaðri framtíð.

Handrit geta verið margs konar. Þegar talað er um handrit er ýmist átt við sögulegar handskrifaðar bækur, ritaðar á skinn eða pappír; eða skrifaðan texta sem er grunnur að kvikmyndum, leiknum auglýsingum, útvarpsþáttum, tölvuleikjum og fleiru. Hér er átt við seinni gerðina, það er handrit sem önnur verk byggjast á.

Algengt er að kvikmyndahandrit skiptist í þrjá hluta sem kallast þættir. Í fyrsta þætti eru persónur kynntar til sögunnar, sögusvið og ytri tími. Tökum teiknimyndina Konung ljónanna sem dæmi. Fljótlega gerist eitthvað sem hrindir atburðarásinni af stað. Það kallast kveikja eða agn. Oft þarf aðalpersónan að fást við ókunnar eða framandi aðstæður, eins og þegar Simbi og Naala stelast í filakirkjugarðinn. Fyrsta þættinum lýkur þegar sagan tekur óvænt nýja stefnu og þannig færast hún yfir í annan þátt, eins og þegar Mufasa deyr og Simbi flýr að heiman.

Annar þáttur nefnist flækja og er oft stærsti hluti verksins. Þar er allt komið í hnút. Í Konungi ljónanna flýr Simbi að heiman og Skari tekur við stöðu föður hans sem konungur. Engin lausn á vandamálunum er í sjónmáli. Þátturinn endar á hvörfum, eins og þegar Naala kemur aftur og minnir Simba á hver hann er í raun og veru.

Þriðji þáttur er oft viðburðaríkur. Hann nær oftast hápunkti, gjarnan í átökum eða uppgjöri, eins og þegar Simbi og Skari berjast. Í kjölfarið kemur lausn, sagan endar: Simbi og Naala taka við völdum og kynna ljónsungann sinn. Hringrás lífsins heldur áfram.

Nokkur góð ráð fyrir handritshöfunda:

Áður en sjálf handritaskrifin hefjast getur verið gott að skrifa niður hugmyndir og velta fyrir sér spurningum eins og „hvað á að gerast?“ „hver/hvað lætur það gerast?“

Leiktu hvert atriði í huganum og reyndu að sjá atburðarásina fyrir þér. Hvað gæti gert hana skemmtilegri/meira spennandi/ óhugnanlegri og svo framvegis.

Skrifaðu hvert atriði í stikkorðum, áður en þú skrifar það allt. Til dæmis:

- ∩ Skólastofa
- ∩ Kyrrð
- ∩ Truflun, skellur á glugga
- ∩ Anton sprettur upp
- ∩ Lísá sér
- ∩ Kennari skammast
- ∩ Uppvakningur reynir að komast inn
- ∩ Tekst næstum
- ∩ Uppnám
- ∩ Kennarinn trúir ekki
- ∩ Skelfing

Flest handrit eru hæfileg blanda af ræðum (því sem fólk eða verur segja) og athöfnum (því sem fólk eða verur gera).



Við yfirskrift á hverju atriði er skrifað hvort það gerist úti eða inni, hvar það gerist og á hvaða tíma sólarhringsins. Til dæmis:

INNI SKÓLASTOFA — DAGUR

Fyrir neðan yfirskriftina getur komið nánari lýsing. Til dæmis:

Bekkurinn er niðursökkinn í vinnu og kennarinn gengur á milli borða og aðstoðar.

Athafnir greina frá því sem gerist. Til dæmis:

Anton stekkur upp úr sætinu og bendir skjálfandi í átt að glugganum.

Ræða, er það sem er sagt. Til dæmis:

LÍSA

Það er eitthvað þarna ...

KENNARINN

Hvað gengur á?

(daufur SKELLUR)

Hvaða læti eru þetta?

Það er venja að skrifa hljóð með hástöfum, eins og sjá má í dæminu hér fyrir ofan.

Skrifaðu atriðið, lestu það yfir og skrifaðu það svo aftur. Og aftur. Því meiri vinna sem lögð er í handritið, því meiri líkur eru á því að verkið verði gott.

Astrópía

Kvikmyndin *Astrópía* fjallar um Hildi sem lifir áhyggjulausu lífi en missir allt þegar kærasti hennar er settur í fangelsi fyrir fjársvik. Hún neyðist til að leita sér að vinnu og er að lokum ráðin í Astrópíu, búð sem selur spil, myndasögur og allt sem tengist fantasíum og vísindaskáldskap. Smám saman dregst hún inn í undraheim nördanna og áður en hún veit af er hún komin inn í hlutverkaspilahóp. Hildur hefur aldrei áður spilað hlutverkaspil, þar sem sameinað ímyndunarafli spilaranna drífur ævintýrið áfram. Hún er þó fljót að ná tökunum á því og verður fullgildur þátttakandi í ævintýrunum. Hér fáum við að gægjast bakvið tjöldin og sjáum brot úr upprunalega kvikmyndahandritinu. Hildur er sest við borðið en hefur ekki hugmynd um hvað spilararnir eru að tala um ...

Lokaútgáfa kvikmynda-handrita er í sérstöku letri, 12 punkta Courier New, sem má finna í flestum textavinnslu-forritum.

70 HEIMILI DAGS - STOFA - KVÖLD

Beta, Scat, Goggi, Hildur og Dagur sitja við borðstofuborðið. Allir nema Hildur eru iðnir við að skrifa á blöð og fletta upp í bókum. Hildur reynir að fylgjast með samræðum þeirra.

GOGGI

Ókei, ég vona að allir séu með Karakter sheetin?

BETA

Hvað fengum við mörg XP fyrir síðasta ævintýri?

SCAT

Þúsund. Og ég er enn á 5. leveli - gaman að segja frá því. Ég á ekki eftir að fá góðan galdur fyrr en eftir þrjú level!

BETA

Ég hækka um level, kasta upp á health.

DAGUR

Ég ætla að kaupa nýjan skill Goggi. Acrobatics.

70

Atriðin eru númeruð. Það er gert svo að samvinnan sé markviss, t.d. milli leikara og leikstjóra.



GOGGI

Þá ertu búinn með talent punktana.
Hildur hérna er karakterinn þinn.

Hrúga af teningum er á miðju borðinu. Goggi réttir
Hildi blað sem er smekktullt af tölum og skrytnum
orðum.

HILDUR (óörugg)

Og hvað á ég að gera við þetta?

GOGGI

Þarna eru allar viðkomandi upplýsingar
um persónuna þína. Baksaga og svona.

HILDUR

Þarf ég að hafa einhverja teninga
eða eitthvað?

GOGGI

Ó já! Ég læt þig vita þegar þú
þarft að kasta.

(við hina) (MORE)

GOGGI (CONT'D)

Jæja, ég var eiginlega að hugsa um að hoppa
bara beint út í djúpu laugina með Hildi. Ókei?

Allir kinka kolli. Ljósinn dofna og fólk kemur sér
í stemmninguna. VEGGIR raunveruleikans falla (Já,
þeir falla í raun og veru, með miklu brambolti) og
fantasíuheimurinn blæðir inn í umhverfið.

GOGGI (CONT'D)

Þú horfir yfir Jabberwocky skóg.
Í fjarska heyrum við umgang manna...

CUT TO:
merkir að
klippt sé yfir á
nýtt atriði eða
sögusvið. Hvað
ætti íslenska
orðið yrði?

71 EXT. FJALLSTINDUR - SÓLSETUR

Hildur, í skikkju stendur ein á fjallstindi og horfir
í átt að skógi. Hún gengur í átt að MANNAHLJÓÐUM.

CUT TO:

71

CUT TO:

72 EXT. SKÓGUR - KVÖLD

72

Við sjáum skuggamynd Hildar ganga inn í lítinn skógarlund þar sem persónur meðspilara hennar sitja við snarkandi eldstó.

HILDUR

Ókei, hvað er að ske?

PERSÓNURNAR birtast um leið og við heyrum viðeigandi kynningu. Tunglskinið sveipar þau ævintýraljóma. Hetjutónlistin er alveg að ganga af göflunum.

BETA/INIGO

Ég er Inigo Montoya ... ég er stríðsmaður af ætt dverga...

DAGUR/PLAYMOLAS

Ég er Playmolas, ég er álfur og sagnaþulur...

SCAT/KJARTAN

Ég er Kjartan, ég er galdrakarl...

Hildur stendur á móti þeim, hún er klædd í minileðurbikini sem skilur ekki mikið eftir fyrir ímyndunaraflið og hún er orðinn ljóshærð aftur.

HILDUR

Ég er Hildur og ég neita að líta svona út!

Tónlistin snarstoppar eins og nál sé rykkt af plötu.

CUT BACK TO:

73 INT. HEIMILI DAGS

73

ALLIR líta á Hildi, sem lyftir upp blaðinu sínu og sýnir þeim myndina.

SCAT

Mér finnst þú bara líta vel út.

Hildur hvessir augun.

CUT BACK TO:
merkir að klippt sé aftur yfir á atriði eða sögusvið sem áður hefur verið sýnt. Í þessu tilviki er klippt frá ævintýraheiminum aftur yfir í heimili Dags.

HILDUR

Þetta er alger steríótýpa.

GOGGI

Sorri, svona lítur fólk venjulega út í ævintýrum. Horfðu bara á hvaða ævintýramynd sem er!

HILDUR

Það eru myndir gerðar af kynsveltum nördum sem hafa enga hugmynd hvernig raunverulegt fólk lítur út!

Þetta hlýtur ekki mjög góðar viðtökur, karlmennirnir horfa hneykslaðir á hana en Beta horfir ánægð á Hildi.

GOGGI

Ókei, ekkert mál, þið eruð enn stödd í skóginum.

FÚSSJ!

CUT BACK TO:

74 EXT. SKÓGUR - KVÖLD

74

Allir standa á sama stað, nema í þetta sinn er Hildur komin í aðeins efnismeiri fatnað. RÖDD GOGGA bergmálar yfir hópnun.

RÖDD GOGGA (V.O.) Og þar sem þið standið...

Hildur hrekkur við.

HILDUR

Hvað var þetta eiginlega?

DAGUR/PLAYMOLAS

Goggi, er nokkurn veginn eins og Rödd Guðs. Hann lýsir öllu og segir okkur hvað við eigum að gera. Ertu reddi?

Handritshöfundar:

Ottó Geir Borg og Jóhann Ævar Grímsson

Staldraðu við ...



1. Hægt er að æfa sig í að skrifa handrit með því að skrifa upp atriði úr kvikmynd. Veldu kvikmynd, finndu stutt viðburðaríkt atriði og skrifaðu það upp í handritsformi.



2. Notið leiðbeiningarnar hér fyrir framan og skrifið stutt atriði fyrir ykkar eigin kvikmynd. Ef til vill getið þið leikið atriðið og tekið það upp.

3. Lesið brotið úr handriti *Astrópiu* vel yfir. Þegar Beta, Scat, Goggi, Hildur og Dagur spila hlutverkspilið eru þau með *karakter sheet*, þau færast upp um *level* og fá *talent* punkta. Vinnið saman í hópum og finnið allar enskusletturarnar í atriðinu. Skrifið þær niður og reynið að finna íslensk orð sem nota má í staðinn. Berið niðurstöður hópanna saman. Ef þið viljið getið þið valið bestu orðin úr listunum og búið til einn sameiginlegan lista.

4. Í handritinu eru leiðbeiningar á ensku, svo sem CUT TO:, CUT BACK TO:, (MORE), (CONT'D), EXT., INT., (V. O.) og svo framvegis. Hvað haldið þið að þetta þýði? Er betra að hafa svona leiðbeiningar á ensku en íslensku? Hvers vegna, eða hvers vegna ekki?



5. Skoðaðu hvernig skipt er á milli raunveruleikans og ævintýraheimsins í handritinu. Ef þú ættir að gera það öðruvísi, hvernig gætir þú farið að því?



Vísir þú að ...?

Sletta er orð eða orðasamband sem hefur borist yfir í daglegt mál frá öðru tungumáli en hefur ekki aðlagast öllum reglum íslenskunnar. Það mætti segja að sletta sé mitt á milli tveggja tungumála. Stundum haldast slettur í tungumálinu (t.d. bíó) en algengt er að þær falli úr daglegu tali með hverri nýrri kynslóð. Dæmi um slettur myndaðar úr ensku: ókei, feika, næs, djók, læka, mæk. Hvað þýða þessar slettur og hvaða íslensku orð getum við notað í staðinn?

Myndasöguhandrit


Nokkur munur er á kvikmyndahandritum og myndasöguhandritum, bæði í uppsetningu og ritun. Í staðinn fyrir að rætt sé um atriði og senur eins og í kvikmyndum er rætt um síður og ramma. Í myndasöguhandriti er lögð áhersla á hvað sést á hverri blaðsíðu og hvað sést í hverjum ramma, hvað persónur segja með talblöðrum og hvað stendur í myndatexta. Rammaröðunin hefst á einum (1) á hverri nýrri síðu. Þegar nýjar persónur eru kynntar til sögunnar eru nöfn þeirra skrifuð með hástöfum (SKAÐI, BALDUR, ÓÐINN). Hástafirnir eiga einnig við þegar einhver tekur til máls. Þetta er allt saman gert svo að myndasöguteiknarinn geti fylgt handritinu vel eftir, til dæmis að hann geti gert sér grein fyrir því í hvaða röð rammarnir birtast, hvaða persónur eru mikilvægar og hverjar þeirra taka til máls.

Hér sjáum við hvernig broti úr smásögunni „Veiðigyðjunni“ er breytt í myndasöguhandrit, og hvernig handritið verður að myndasögu. Í höndum teiknarans er handritið og frásögnin túlkuð á myndrænan hátt. Taktu eftir því að það sem Skaði segir sem sögumaður í smásögunni er sett hér í myndatexta en ekki í beina ræðu (talblöðru). Það er gert vegna þess að hún segir það ekki upphátt, heldur hugsar það.

Þegar saga er færð frá einu formi í annað er sagt að hún sé aðlöguð. Hér er hluti af smásögunni aðlagður að myndasöguforminu.







Staldráðu við ...



1. Lestu aftur þriðja hluta smásögunnar „Veiðigyðjan.“ Lestu síðan yfir textann um myndasöguhandrit, þar á eftir myndasöguhandritið og skoðaðu myndasöguna. Fylgstu með því hvernig sagan færir frá einum miðli til annars.



2. Hver finnst þér munurinn vera á myndasögunni og smásögunni sjálfri? Hvað er hægt að gera með myndasögu sem ekki er hægt að gera í textanum og svo öfugt, hvað er hægt að gera með textanum sem ekki er hægt að sýna í myndasögunni?



3. Finndu stutt brot úr skáldsögu eða smásögu að eigin vali.

- a) Skrifðu hjá þér hverjar persónurnar eru, hver atburðarásin er, og skrifaðu niður hugmyndir að því hvernig þú vilt aðlaga sögubrotið í handrit og að myndasögu.
- b) Skrifðu myndasöguhandritið með upprunalegu söguna til hliðsjónar. Farðu yfir textann, lagfærðu hann og endurskrifaðu.
- c) Settu upp ramma fyrir myndasögu, annaðhvort með reglustiku og blaði eða í teikniforriti. Teiknaðu svo atburðarás handritsins eftir bestu getu, ramma fyrir ramma. Skrifðu samtöl í talblöðrur. Persónurnar mega allt eins vera spýtukarlar en reyndu að fara eins vel og þú getur eftir handriti þínu.

Fenrir

Fenrir eða Fenrisúlfr er afkvæmi ássins Loka og tröllskessunnar Angurboðu. Goðin ólu Fenri upp þangað til hann varð svo stór og hættulegur að þau ákváðu að fjöttra hann. Eftir að úlfrinn hafði slitið af sér fjötrana Læðing og Dróma tókst loks að fjöttra hann með Gleipni. En til að það mætti verða fórnaði Týr hægri hönd sinni í gin úlfsins. Fenrir liggur nú í fjötrum með sverð spennu milli gómana. Þannig mun hann liggja allt til ragnaraka en þá mun honum takast að slíta sig lausan og gleypa Óðin áður en Víðar nær að drepa hann.

Fenrisúlfr

Enn að nýju úlfsins heita gin
opið. Skín í vargsins rauða kok.
Bíður þar til þráðum vopnadyr
þoka nær hin spáðu endalok.

Man er Gleipnir sjálfur sundur brast.
Sér að hvergi er fundinn annar nýr.
Bíður enginn fjötur nógu fast
felldur mun á þetta grimma dýr.

Hvessir tönn við tönn og hvílist rór
teygir limu, spennir mjúkan háls
stígur hringa, stæltur, léttur, mjór

uns þýtur hann fram og svelgir sólar hvel.
Sest að völdum, ræður ein og frjáls
systir hans jarðarbyggð, hin bláa Hel.

Hannes Pétursson



Örlítil bragfræði

Bragarháttur Fenrisúlfs kallast sonnetta, ljóðform sem varð til á Ítalíu á 13. öld. Ljóðið er ort á hefðbundinn átt, sem þýðir að það fer eftir settum reglum. Til dæmis má þar finna stuðla og höfuðstafi, sem stjórna áherslum í ljóðinu og kallast einu nafni ljóðstafir. Stuðull er fyrsti stafur eða fyrsta hljóð í orði og kallast á við annan stuðul í sömu ljóðlínu og líka á við höfuðstafinn í byrjun næstu línu á eftir. Ljóðstafir geta bæði verið samhljóðar og sérhljóðar.

Staldraðu við ...



1. Ljóðið er ort á hefðbundinn hátt og það kallast sonnetta. Hjálpist að við að finna alla stuðla, höfuðstafi, innrím og endarím í ljóðinu.



2. Lestu ljóðið í hljóði. Skrifaðu niður eitt orð sem þér finnst lýsa tilfinningunni í ljóðinu. Æfðu þig svo að lesa upp ljóðið samkvæmt þessu orði. Það er: ógnandi, ef þér finnst ljóðið vera ógnvænlegt; spennuþrungið, ef þér finnst spennan ríkjandi í ljóðinu; yfirvegað, ef þér finnst það eiga við, og svo framvegis. Lestu ljóðið upp fyrir bekkinn.



3. Lesið hvert erindi vel og vandlega, jafnvel tvisvar sinnum. Ræðið saman um efni ljóðsins. Hvað er höfundurinn að segja með ljóðinu? Hvernig myndir birtast í erindunum? Hvernig stuttmynd mynduð þið gera úr ljóðinu? Í léttum tón eða drungalegum? Reynið að sjá fyrir ykkur atriði úr myndinni og lýsið í stuttu máli, munnlega eða skriflega.

Völuspá og Tolkien

Völuspá er fornt kvæði sem varðveittist á skinnhandritum. Ljóðmælandi er völva, eða spákona, sem annað hvort segir Óðni frá gangi heimsins eða segir okkur mönnunum frá í gegnum Óðin. Í kvæðinu er sköpun heimsins rakin, sagt er frá helstu goðmögnum og verum, því er lýst hvernig heimurinn muni enda og hvernig líf muni fæðast á ný.

John Ronald Reuel Tolkien — eða J. R. R. Tolkien — er höfundur *Hobbitans* og þríleiksins *Hringadróttinsögu*, sem segir frá hobbitum, dvergum, álfum og mönnum í Miðgarði. Áður en yfir lýkur verða þessar ólíku þjóðir að standa saman gegn upprisu hins illa og svikula Saurons og orkaherja hans. Heimsmyndin sem Tolkien bjó til er umfangsmikil og eftir hann liggur feikimikið efni, útgefið og óútgefið, um tilurð heimsmyndarinnar, goðsagnir hennar og um bakgrunn alls þess sem á sér stað í Miðgarði og víðar.

Tolkien var einn helsti frumkvöðull furðusagnabókmennta og margir höfundar hafa sótt innblástur í sögur hans. Sjálfur var Tolkien undir áhrifum frá goðsögum og þjóðsögum fyrri tíma, þar á meðal norrænni goðafræði. Dvergatalið úr *Völuspá* sýnir það glögg:

Nýi og Niði,
Norðri og Suðri,
Austri og Vestri,
Alþjófur, Dvalinn,
Bívör, Bávör,
Bömbur, Nóri,
Án og Ánar,
Ái, Mjödovitnir.

Veigur og Gandálfur,
Vindálfur, Þráinn,
Þekkur og Þorinn,
Þrár, Vitur og Litur,
Nár og Nýráður,
nú hefi eg dverga,
Reginn og Ráðsviður
rétt um talda.

Fíli, Kíli,
Fundinn, Náli,
Hefti, Víli,
Hannar, Svíur,
Frár, Hornbori,
Frægur og Lóni,
Aurvangur, Jari,
Eikinskjaldi



Staldráðu við ...


1. Í þessum kvæðaerindum leynast nöfn nokkurra dverga úr Hobbitanum. Leitaðu uppi hvað dvergarnir heita í sögu Tolkiens og finndu svo nöfn þeirra, eða mjög lík nöfn, í erindunum.



Vísir þú að ...?

Orðið gandur er gamalt orð sem var meðal annars notað yfir seiðstaf eða galdrastaf. Þannig að segja mætti að nafn galdramannsins Gandálfs (Gandalf á ensku) í sögum Tolkiens þýði galdrastafsálfur eða galdraálfur. Og eins og sjá má er nafnið hans í dvergatali Völuspár, þótt hann sé ekki dvergur í heimi Tolkiens.

Gandálfur grái er einn af fimm vitkum sem sendir voru til Miðgarðs til þess að aðstoða fólknið þar í baráttu sinni gegn myrku öflunum. Hann er fróðari en flestir um sögu, siði og galdra Miðgarðs, hann ferðast víða og er sá eini af vitkunum sem sýnir hinum smáu og friðsælu hobbítum einhvern áhuga. Vinátta hans við þá reynist dýrmæt þegar myrkrahöfðinginn Sauron kemst að því að Hringurinn hafi fundist.





4. KAFLI

HALLÓ, ER EINHVER ÞARNA?

Erum við ein í heiminum? Við þeirri spurningu er ekkert svar, enginn veit hvað kann að leynast í óráviddum geimsins. Í þessum kafla rifjum við upp daginn sem geimverur komu næstum til Íslands, veltum fyrir okkur raunveruleikasjónvarpi, bæði í skáldskap og utan hans; skoðum vísindaskáldskap, horfum á tunglið og hittum barn sem var rænt af geimverum.



Þær koma!

„Ef þær koma þá væri afleitt að missa af þeim. Ef þær koma ekki verður dvölin engu síðri, enda varst þú hvort sem er ekki einn af þeim sem trúðir á komu þeirra.“ Þannig hefst auglýsing frá hóteli á Snæfellsnesi sem birtist í Morgunblaðinu miðvikudaginn 3. nóvember 1993. Tilfnið var að fólk sem taldi sig vera í huglægu sambandi við geimverur hafði boðað komu þeirra með geimskipum á Snæfellsjökul, föstudaginn 5. nóvember klukkan 21:07. Málið vakti töluverða athygli og fjöldi fólks hélt upp á jökulinn til að taka á móti geimverunum. Hér fyrir neðan má lesa fréttir sem tengjast þessum viðburði.

Dagblaðið Vísir

5. nóvember 1993



Mynd: Rax

Háskólabíó: Ráðstefna um geimverur

Í kvöld ræðst hvort geimverur láta sjá sig á Snæfellsnesi. Um helgina er haldin alþjóðleg ráðstefna um fljúgandi furðuhluti og geimverur í Háskólabíói. Í dag fjölmenna allir geimveruvinir vestur á Snæfellsnes og bíða eftir að geimverurnar birtist þeim eins og sumir erlendir geimverusérfræðingar eru búnir að spá. Komið verður saman á Brekkubæ á Snæfellsnesi. Talsmaður ráðstefnunnar er Michael Dillon.

Á laugardag heldur ráðstefnan áfram frá kl. 9:40–16:35.

Dularfullir atburðir og sterkir straumar frá jöklinum

segir Skúli Alexandersson, fyrrverandi alþingismaður á Hellissandi.

„Því er ekki að neita að hér er ýmislegt að gerast sem okkur þykir í hæsta máta dularfullt. Við finnum vissulega alltaf sterka strauma frá Snæfellsjökli. En ég þori að fullyrða að þegar jökullinn hefur hreinsað sig undanfarna daga hefur fólk fundið fyrir sterkari straumum frá honum en nokkru sinni fyrr,“ sagði Skúli Alexandersson, fyrrverandi alþingismaður, í samtali við DV í gær. Skúli býr á Hellissandi undir jökli.

Það er einmitt í kvöld sem fróðir menn segja að geimskip með geimverum innanborðs muni lenda á Snæfellsjökli. Skúli sagði að fólk á Snæfellsnesi tæki þetta með lendingu geimskipa á jöklinum í kvöld alvarlega. Það væri búið að skipa móttökunefnd sem myndi bíða við jökulröndina í kvöld. Þar er um að ræða sveitarstjórn Eyrarhrepps utan Ennis, björgunarsveitir og lögreglu.

„Við tökum þetta alvarlega og ég þori að fullyrða að það muni hundruð manna mæta við jökulröndina,“ sagði

Skúli. Hann sagði líka frá dularfullum atburði sem átti sér stað vestra á dögnum. Mjólkurbílstjóri var að skila af sér mjólk í verslun á Hellissandi. Hann var að gera grín að komu geimskipa og hæddist mjög að þessu öllu saman. Afgreiðslustúlkurnar sögðu honum að tala ekki svona gáleysislega. Þegar bílstjórinn var búinn að afgreiða mjólkina ætlaði hann að gangsetja bílinn og halda áfram. Þá var eins og við manninn mælt, bíllinn fékkst ekki í gang. Þarna mátti hann síðan dúsa í 4 klukkustundir og verslunareigendur í öðrum þorpum urðu að koma til Hellissands til að sækja mjólkina. Þegar það var búið og að liðnum 4 klukkustundum fór bíllinn í gang eins og ekkert væri en engin bilun hafði fundist við ítarlega leit.

„Nei, menn skulu umgangast þetta allt með gát,“ sagði Skúli Alexandersson.
– S.dór

Að hreinsa sig: (hér) Þegar skýjahulan hverfur af jöklinum

Enni: hátt og bratt fjall vestan við Ólafsvík á Snæfellsnesi sem einnig er kallað Ólafsvíkurenni

Jökulrönd: þar sem jökullinn endar og landið tekur við

Gát: (hér) varkárni, gætni

Geimverur í fljúgandi furðuhlutum létu ekki sjá sig við Snæfellsjökul í gærkvöldi.

Hundruð manna við jökulinn

Hellissandi.

YFIR 500 manns biðu án árangurs eftir landingu geimvera við norðurjaðar Snæfellsjökuls í gærkvöldi. Fólk fylgdist með geimveruferðum víðar við jökulinn, meðal annars við Hellna, en ekki hafði frést af neinu óvenjulegu seint í gærkvöldi.

Í dreifibréfi sem borið var í öll hús á Hellissandi kom fram að von væri á geimverunum klukkan 21.07 í gærkvöldi. Fólk kom að jöklinum fyrir ofan Hellissand á

um 200 bílum. Fyrir hópnum fór oddvitinn á Hellissandi og hafði hann umboð hreppsnefndar til að taka á móti gestum utan úr geimnum. Geimverurnar létu þó ekki sjá sig þrátt fyrir að björgunarsveitin reyndi að leiðbeina þeim með því að skjóta upp flugeldum. Fólk fór að tínast heim þegar leið á kvöldið og allir höfðu gaman af uppákomunni þrátt fyrir kulda og éljagang.

— *Alfons*





Vísir þú að ...?

Geimförunum Voyager 1 og Voyager 2 var skotið á loft sumarið 1977. Tilgangurinn var upprunalega að kanna Júpíter og Satúrnus og tungl þeirra. Núna hafa förin þegar flogið fram hjá fjórum plánetum og Voyager 1 er sá manngerði hlutur sem er kominn lengst frá jörðinni. Um borð í förunum eru gullhúðaðar koparplötur sem innihalda myndir og hljóð frá Jörðinni, til dæmis kveðjur á fimmtíu og fimm tungumálum, náttúruhljóð á borð við regn, vind og kvak froska; allskonar tónlist, landslagsmyndir og myndir af fólki og meira að segja klukkutíma langa upptöku af heilabylgjum manneskju.

Staldræðu við ...



1. Lesið fréttirnar vandlega og búið til tímalínu þar sem helstu atburðir og staðsetningar koma fram. Segið sessunautnum eða bekkjarfélögum frá því sem gerðist, með hjálp tímalínunnar.



2. a) Hverjir eru í móttökunefndinni sem á að taka á mótí geimverunum?
b) Ef sambærilegir atburðir gerðust í dag, haldið þið að svipuð móttökunefnd biði geimveranna?



3. Hugsaðu þér að þú sért oddvitinn sem átt að taka á mótí geimverunum. Þær koma og þú þarft að bjóða þær velkomnar. Hvernig ferð þú að því?



4. Hugsaðu þér að þú gætir sent skilaboð út í geim. Hvað myndir þú senda og hvers vegna?

Hungurleikarnir — Suzanne Collins

Hungurleikarnir er fyrsta bókin í þrjú eftir Suzanne Collins. Sagan gerist í óskilgreindri framtíð í ríkinu Panem, sem er byggt á rústum Norður-Ameríku. Panem samanstendur af höfuðborginni Kapítal þar sem íbúarnir lifa við alsnægtir og tólf efnaminni umdæmum, þar sem kúgun og í flestum tilfellum alger örbirgð ríkir. Á hverju ári eru haldnir Hungurleikar þar sem hverju umdæmi er gert að leggja fram stúlku og dreng. Í leikunum berst ungt fólk upp á líf og dauða í beinni útsendingu, þar til einn stendur eftir. Söguhetjan er hin sextán ára gamla Katniss Everdeen frá hinu bláfátæka Tólfta umdæmi. Nú er Katniss komin í mikið klandur. Hún þarf að finna vatn, annars kemst hún ekki af.

Peeta: Sonur bakara úr Tólfta umdæmi, sem einnig er fórnað til Hungurleikanna.

Framar: [hér] Ungt fólk sem hefur hlotið þjálfun í bardagatækni og bjóða sig fram þegar þau eru átján ára. Framar eru frá efnameiri umdæmunum.

Haymitch: Leiðbeinandi Katniss og sigurvegari 50. Hungurleikanna.

Styrktaraðili: [hér] Áhorfendur frá Panem mega styrkja eftirlætiskeppendur sína með gjöfum.

Rabbinn: [hér] Svartur markaður í yfirgefinni kolaskemmu, þar sem íbúar tólfta umdæmis kaupa og selja ólöglegan varning svo sem matvæli og áfengi.

Rue: Tólf ára stúlka úr Ellefta umdæmi. Hún er smávaxin en úrræðagóð, þar af leiðandi vanmetin.

Prim: Systir Katniss.

Hungurleikarnir 12. kafli (brot)

Þegar líður á daginn veit ég að vandi steðjar að. Það litla þvag sem komið hefur frá mér er dökkbrúnt, ég hef höfuðverk og á tungunni er þurr blettur sem mér tekst ekki að væta. Mig sviður í augun af sólinni og gref því upp sólgleraugin en þau brengla einhvern veginn sjónina þegar ég set þau á mig svo að ég sting þeim aftur í bakpokann.

Seint um daginn held ég að ég hafi fundið björgun. Ég kem auga á þykkni af berjarunnum og flýti mér að tína berin til að sjúga sætan safann úr hýðinu. Um leið og ég ber þau upp að vörunum skoða ég þau samt betur. Ég hélt að þetta væru bláber en þessi eru aðeins öðruvísi í laginu og þegar ég kreisti þau í sundur reynast þau vera eldrauð að innan. Ég þekki ekki þessi ber, þau gætu verið æt en ég giska á að þau séu ljótur grikkur leiksmiðanna. Meira að segja plöntukennarinn í Þjálfunarmiðstöðinni lagði áherslu á að við skyldum forðast að borða ber nema við værum alveg handviss um að þau væru ekki eitruð. Ég vissi það að vísu fyrir, en ég er svo þyrst að án þeirrar áminningar hefði ég ekki haft þrek til að fleygja þeim frá mér.

Þreytan er farin að læsast um mig en ekki sama þreyta og fylgir venjulega langri göngu. Ég þarf oft að stansa til að hvíla mig, þó að ég viti að eina lækningin á því sem kvelur mig sé að halda leitinni áfram. Ég reyni nýja aðferð — klifra eins hátt upp í tré og ég þori svona veikburða — til að gá að einhverjum vísbendingum um vatn. Órofinn skógurinn teygir sig svo langt sem augað eygir í allar áttir. Ég er staðráðin í að halda göngunni áfram til kvölds og geng þangað til ég er farin að **hnjóta** um fæturna á mér.

Ég **dragnast** örmagna upp í tré og festi mig með beltinu. Ég hef enga matarlyst en sýg kanínubein til þess að munnurinn á mér hafi eitthvað að gera. Nóttin kemur, þjóðsöngurinn er leikinn og hátt á himni sé ég mynd af stelpunni sem reynist hafa verið úr Áttunda umdæmi. Stelpan sem Peeta fór og banaði endanlega.

Ótti minn við Framana er sáralítill í samanburði við brennandi þorstann. Auk þess héldu þau í áttina frá mér og núna hljóta þau líka

að hnjóta: að hrasa, detta hálfvegis við
dragnast: silast, mjakast áfram

að þurfa hvíld. Fyrst vatn er svona torfundið hafa þau kannski líka þurft að fara aftur niður að stöðuvatninu til að bæta á sig.

Kannski er það líka eina úrræðið fyrir mig.

Næsta morgun líður mér ömurlega. Mig verkjar í höfuðið við hvern hjartslátt. Einfaldar hreyfingar valda sárum stingjum í öllum liðamótum. Ég dett niður úr trénu fremur en að stökkva niður. Ég er margar mínútur að taka saman föggur mínar. Innst inni veit ég að þetta er rangt. Ég ætti að vera varkárari, hreyfa mig hratt og ákveðið. Hugsunin er aftur á móti þokukennnd og ég á erfitt með að ákveða hvað ég ætti að gera. Ég halla mér upp að trjábólnum og strýk fingri yfir tunguna sem er viðkomu eins og sandpappír á meðan ég velti fyrir mér hvaða úrræði ég hef. Hvernig get ég orðið mér úti um vatn?

Fara aftur niður að stöðuvatninu. Útilokað. Ég kæmist aldrei þangað.

Vonast eftir rigningu. Hvergi sést ský á himni.

Halda áfram að leita. Já, það er eina vonin. En svo dettur mér annað í hug og reiðin sem fer um mig við tilhugsunina kemur mér aftur til sjálfrar mín.

Haymitch! Hann gæti sent mér vatn! Ýtt á takka og látið senda mér það í silfurlitri fallhlíf innan nokkurra mínútna. Ég veit að ég hlýt að hafa styrktaraðila, að minnsta kosti einn eða tvo, sem hefðu efni á lítra af vökva handa mér. Já, það er dýrt en þetta fólk veður í seðlum. Og það veðjar líka á mig. Kannski skilur Haymitch ekki hvað þörf mín er brýn.

Ég segi orðið eins hátt og ég þori. „Vatn.“ Ég bíð vongóð eftir að fallhlíf svífi niður af himnum. En ekkert gerist.

Eitthvað er að. Er ég að blekkja sjálfa mig með að ég hafi styrktaraðila? Eða varð framkoma Peeta til þess að þeir halda allir að sér höndum? Nei, ég trúi því ekki. Einhver þarna vill kaupa handa mér vatn en Haymitch neitar að senda mér það. Hann er ráðgjafi minn og stjórnar því öllum gjafasendingum frá styrktaraðilunum. Ég veit að hann hatar mig. Hann hefur ekkert reynt að leyna því. En nógu

mikið til að láta mig deyja? Úr þessu? Hann getur það ekki, er það nokkuð? Ef ráðgjafi fer illa með framlögin sín draga áhorfendur hann til ábyrgðar og sama máli gegnir um fólkið heima í Tólfta umdæmi. Jafnvel ekki Haymitch myndi hætta á það. Eða hvað? Sama hvað má segja um aðra sem stunda vöruskipti með mér á Rabbanum þá efast ég um að hann yrði velkominn þar aftur ef hann léti mig deyja svona. Og hvar fengi hann þá brennivínið sitt? Svo að ... hvað? Vill hann að ég þjáist fyrir að hafa óhlýðnast honum? Beinir hann öllum styrktaraðilum til Peeta? Er hann kannski of fullur til að taka eftir því sem er að gerast núna? Ég hef einhvern veginn ekki trú á því og ég trúi því ekki heldur að hann sé að reyna að drepa mig með vanrækslu. Satt að segja hefur hann, á sinn ógeðfella hátt, reynt eins og hann getur að undirbúa mig fyrir þetta. Hvernig stendur þá á þessu?

Ég grúfi andlitið í höndunum. Núna er engin hætta á tárur. Ég gæti ekki kreist fram tár þó að líf mitt lægi við. Hvað er Haymitch að gera? Þrátt fyrir reiði mína, hatur og tortryggni hvíslar lítil rödd í hugskoti mínu svarið.

Kannski er hann að senda þér skilaboð, segir hún. Skilaboð. Sem þýða hvað? Svo veit ég svarið. Það getur bara verið ein gild ástæða fyrir því að Haymitch neitar mér um vatn. Hann veit að ég er næstum búin að finna það.

Ég gnísti tönnum og skreiðist á fætur. Bakpokinn minn virðist þrefalt þyngri en áður. Ég finn brotna grein sem ég get stutt mig við á göngunni og legg af stað. Sólin skín miskunnarlaust, ennþá heitari en fyrstu dagana tvo. Mér líður eins og gamalli leðurpjötlur, uppþornaðri og sprunginni í hitanum. Sérhvert skref er þrekvirki en ég neita að nema staðar. Ég neita að setjast. Ef ég sest niður eru allar líkur á að mér takist ekki að standa upp aftur, að ég muni ekki einu sinni hvaða verk mér er á höndum.

Mikið er ég auðveld bráð! Hvaða framlag sem vera skyldi, jafnvel píslin hún Rue, gæti ráðið niðurlögum mínum núna, hrint mér um koll og drepið mig með mínum eigin hníf án þess að ég hefði krafta til að

verjast. En ef einhver er nálægur í þessum hluta skógarins skiptir sá hinn sami sér ekkert af mér. Satt að segja finnst mér ég vera óravegu frá öllum öðrum lifandi verum.

Ekki samt ein. Nei, núna beina þau örugglega að mér myndavél. Ég renni huganum yfir öll árin sem ég hef horft á framlög svelta, frjósa, blæða og ofþorna til bana. Ég er í mynd, svo framarlega sem ekki eru hraustlegir bardagar annars staðar.

Ég fer að hugsa um Prim. Hún er líkast til ekki að horfa á mig í beinni útsendingu en samantektin er sýnd í hádegismatnum í skólanum. Hennar vegna reyni ég að leyna örvæntingu minni eins vel og ég get.

Síðdegis veit ég hins vegar að endalokin eru í nánd. Fæturnir skjálfa og hjartslátturinn er of hraður. Ég gleymi ítrekað hvað ég er að gera. Ég hef margoft hrasað og tekist að skreiðast aftur á fætur en þegar greinin sem ég styð mig við rennur undan mér skell ég loksins á jörðinni og tekst ekki að standa upp aftur. Ég loka augunum. Ég hef misreiknað Haymitch. Hann ætlar sér ekkert að hjálpa mér. Gerir ekkert til, hugsa ég. Það er ekkert svo slæmt að vera hér. Loftið er ekki eins heitt og bráðum fer að kvölda. Ég finn daufan, sætan ilm sem minnir mig á liljur. Ég strýk fingrunum yfir sléttan jarðveginn og mæti engri mótstöðu. Þetta er ekki sem verstur staður til að deyja, hugsa ég.

Fingur mínir teikna litla hringi í svalan, hálán jarðveginn. Ég elska for, hugsa ég. Oft og iðulega hef ég haft uppi á bráð með því að lesa í mjúka forina. Hún er líka góð við býflugnabitum. For. For. For! Ég galopna augun og gref fingurna í jörðina. Þetta er for! Ég hnusa af loftinu. Og þetta eru liljur! Vatnaliljur!

Núna skríð ég yfir **forina**, dragnast áfram í átt að ilminum. Fimm metra frá staðnum þar sem ég datt skríð ég í gegnum plöntuþykkni og út í tjörn. Á yfirborði hennar fljóta gul, útsprungin blóm, fallettu liljurnar mínar.

Ég get varla stillt mig um að stinga höfðinu í vatnið og svolgra eins


for: aur, drulla

joð: frumefni, fast efni sem gjarnan er blandað í vínanda til sótttreinsunar

mikið og ég get í mig látið. Mér tekst naumlega að hafa vit fyrir sjálfri mér. Ég tek flöskuna skjálfhent upp úr bakpokanum og fylli hana af vatni. Ég tel eins marga dropa af **joði** og mig minnir að sé rétt ofan í flöskuna til að hreinsa vatnið. Hálf tíminn sem ég þarf að bíða er alveg að gera út af við mig en ég þrauka. Ég held að minnsta kosti að það sé hálf tími en ég get alls ekki beðið lengur.

Hægt og rólega, segi ég við sjálfa mig. Ég drekk einn sopa og píni mig til að bíða. Svo annan. Næstu tvær klukkustundir klára ég alla tvo lítrana úr flöskunni. Svo tæmi ég aðra. Ég fylli flöskuna í þriðja sinn áður en ég kem mér fyrir uppi í tré þar sem ég held áfram að súpa vatn, borða kanínukjöt og læt meira að segja eftir mér að borða eina af dýrmætu kekkökunum mínum. Þegar þjóðsöngurinn hljómar líður mér miklu betur. Í kvöld sjást engin andlit, engin framlög dóu í dag. Á morgun ætla ég að halda mig hérna, hvílast, maka for á bakpokann til að fela litinn á honum, veiða nokkra af litlu fiskunum sem ég sá á meðan ég drakk og grafa upp rætur af vatnaliljum til að elda mér góða máltíð. Ég hnipra mig saman í svefnpokanum og held utan um vatnsflöskuna eins og hún geti bjargað lífi mínu sem vissulega er rétt.

Nokkrum klukkutímum síðar hrekk ég upp við hófadyn. Ég horfi ringluð í kringum mig. Það er ekki enn kominn dagur en ég sé hann þrátt fyrir sviðann í augunum.



Staldráðu við ...



1. Katniss er í mjög erfiðum aðstæðum, bæði vegna þess að hún þjáist af vatnsskort og hún er í sífellðri lífshættu en hún vill ekki drepa neinn. Reynið að setja ykkur í spor hennar. Hvað mynduð þið gera til þess að finna vatn í skóginum?



2. Hvað gerist næst? Margskonar ógnir bíða þátttakenda í Hungurleiknum. Leikvangurinn er fullur af hættum, svo sem eitruðum gróðri, þurrki, flóðum, óðum furðuskepnum og svo framvegis. Hinir keppendurnir reyna að drepa þig og leikjameistararnir (þeir sem stjórna leikunum) geta tekið upp á nánast hverju sem er. En það er líka hægt að vera heppin/n, til dæmis með því að finna gott skjól, bráð sem endist lengi eða félaga sem stendur með þér. Skriðið bæði ógnir (skepnur, skógareld o.s.frv.) og kosti (bráð, vopn, vin o.s.frv.) á litla miða og setjið þá í skál. Dragið þrjá miða hvert og skrifið framhald af sögu Katniss samkvæmt því sem stendur á miðunum. Í þessu verkefni getur verið gott að vinna nokkur saman í hóp.



Vísir þú að ...?

Manneskjan getur verið án matar í þrjár vikur en aðeins þrjá daga án vatns. Vatn er undirstaða alls lífs á jörðinni. Leitin að lífi á öðrum hnöttum, til að mynda á Mars, grundvallast á því að finna vatn, og út frá því lífræn efni. En ef til vill hefur líf myndast við aðrar aðstæður, án vatns, einhvers staðar þarna úti í alheiminum. Hver veit?

Raunveruleikasjónvarp

Í raunveruleikabáttum er fylgst með samskiptum fólks við tiltekna aðstæður. Fylgst er með því hvernig þátttakendur vinna saman, etja kappi hver við annan, hvernig þeir höndla aðstæðurnar, leysa vandamál og útkljá erjur. Spennan í þáttunum byggist á viðbrögðum keppenda, tilfinningum þeirra og uppátækjum. Oft er um útsláttarkeppni að ræða, keppendur eru kosnir burt eða dæmdir úr leik í samræmi við frammistöðu þeirra eða kænsku annarra keppenda, allt þar til einn stendur eftir. Sigurvegarinn er gjarnan leystur út með verðlaunum, oftast en ekki í formi hárrar peningaupphæðar.

Venjulegt fólk án leikaramenntunar er valið í þættina. Umhverfi og aðstæður eru mótaðar fyrirfram af handritshöfundum en ekki er gert ráð fyrir að þátttakendur hafi handrit til hliðsjónar. Það er þó ekki víst að alltaf sé allt sem sýnist í þeim efnum.

Nú á dögum eru til raunveruleikabættir um nánast hvað sem er: Megrún, giftingar, eldamennsku, fatahönnun, húðflúrun, humarveiðar — fátt er raunveruleikasjónvarpi óviðkomandi.


Staldráðu við ...



1. Hvers vegna ætli raunveruleikasjónvarp sé eins vinsælt og raun ber vitni? Ef þið hafið séð raunveruleikasjónvarp sem ykkur fannst skemmtilegt, reynið þá að átta ykkur á því hvað það var sem gerði það skemmtilegt.



2. Hvernig væri hið fullkomna raunveruleikasjónvarp? Þið eruð sendinefnd á leið á fund dagskrárstjóra stórrar sjónvarpsstöðvar. Þið eruð með frábæra hugmynd og þurfið að vera afskaplega sannfærandi til að koma hugmyndinni að. Búið til stuttan leikþátt og leikið hann fyrir bekkinn.



Veriði velkomin til Mars

Maðurinn mun heimsækja Mars. Hvenær og hvernig er óvíst. Hollenskir frumkvöðlar fullyrða að lausnin felist í raunveruleikasjónvarpi og léttgeggjuðum þátttakendum sem lítill skortur er á.

Tíu ár eru síðan könnunarförin Spirit og Opportunity héldu til plánetunnar. Þessir sendiherrar okkar hafa litlar áhyggjur af andrúmslofti plánetunnar sem fyrst og fremst samanstendur af koltvísýringi og geimgeislum og sólblossum sem skella á plánetunni og gætu tætt erfðaefni mannsins í sundur. Við höfum sent 43 ómönnuð geimför í átt að Mars og mistekist í 21 skipti.

Spurningin er þessi: hver er reiðubúinn að taka áhættuna og halda til rauðu plánetunnar og aldrei snúa aftur í fagra hlíð? Svo vill til að 200.000 manns hafa þegar tekið afstöðu og svarið er ákaft já.

Árið 2024 hyggst Mars One, sem ekki er rekið í ágóðaskyni, senda fjóra einstaklinga frá jafnmörgum heimsálfum til Mars. Tvo karla, tvær konur. Þessir hugrökku og/eða sturluðu

einstaklingar verða nýlenduherrar Mars. Þau munu aldrei snúa aftur til jarðar heldur verða þau greftruð í ryðrauðri jarðvegsþekju Mars.

Takist Mars One ætlunarverk sitt mun heimsbyggðin syrgja þessa einstaklinga þegar sú stund rennur upp. Hvert einasta mannsbarn mun þekka þá enda verða þeir raunveruleikastjórnur af áður óþekktri stærðargráðu. Mars One verður nefnilega fjármagnað með sjónvarpstekjum.

Verkefnið er hugarfóstur hollenska frumkvöðulsins Bas Lansdorp. Hann efnaðist mjög á stuttri veru sinni í orkugeiranum. Draumur hans er að stofna fyrstu nýlenduna á Mars. Öfugt við aðra stórhuga athafnamenn hefur Lansdorp aldrei einblínt á tæknilega annmarka verkefnisins (þeir eru margir) heldur hefur hann lagt áherslu á viðskiptamódelið.

Kostnaður við verkefnið nemur tugum milljarða evra. Hugljómunin kom þegar Lansdorp rýndi í tekjur af sjónvarpsútsendingum vegna Ólympíuleikanna í Lundúnum. Með

Um hvaða fögru hlíð heldur þú að blaðamaður sé að tala?

Hvers vegna ætli Marsfaranir geti ekki snúið aftur til jarðarinnar?

Því að þróa raunveruleikabátt um Mars One og umsækjendurna og senda út upplifun þeirra væri hægt að tryggja stöðugar tekjur upp á 6 til 7 milljarða dollara. Til þess að þetta gangi upp verður þessi sjónvarpsþáttur auðvitað að verða vinsælasta afþreyingarefni veraldar.

Umsóknir bárust frá rúmlega tvö hundruð þúsund manns. Sem stendur koma eitt þúsund umsækjendur til greina. Heimsbyggðin mun á endanum skera úr um hverjir fara til Mars.

Hópur umsækjenda er fjölbreyttur. Aðallega karlar og konur á þrítugsaldri, flest með brennandi áhuga á vísindum og vísindaskáldskap. Einnig er að finna eldra fólk í hópnum, margt hvert gift, sumt fráskilið.

Við fyrstu sýn virðast tæknilegar útfærslur Mars One vera traustar, að minnsta kosti áhugaverðar. Könnunarför munu fara nokkrar ferðir til Mars á undan ferðalöngunum og setja saman grunninn að búsvæðinu. Marsfararnir koma sér fyrir í 50 fermetra einstaklingsherbergjum. Saman deila þeir 200 fermetra rými – félagsmiðstöð í raun og veru. Grunnurinn að vel heppnaðri dvöl á Mars er ræktun. Geimfararnir munu rækta grænmeti og korn til næringar og um leið súrefni til öndunar. Skipuleggjendur Mars One fullyrða að hægt sé að ná þessum markmiðum með tækni sem er til staðar í dag. Það er að öllum líkindum rangt.

Hópur útskriftarnema við MIT-háskólann birti á dögnum ítarlega úttekt á hugmyndunum. Út frá þeim skilyrðum sem þar er að finna komust nemendurnir að því að fyrsta dauðsfallið á Mars myndi eiga sér stað 68 dögum eftir komu til plánetunnar.

Hætta er á að súrefni safnist saman í miklu magni með tilheyrandi sprengihættu. Í þokkabót er ómögulegt að losa súrefni án þess að losa nitur um leið. Lausnirnar eru dýrar. Svo dýrar að þær kollvarpa hugmyndum Lansdorps og félaga.

„Við erum byrjuð að tryggja fjármögnun, draumur okkar hefur grundvöll í veruleikanum,“ segir Lansdorp á vefsvæði sínu. „Stuðningur fjárfesta og styrktaraðila er nauðsynlegur og það að sjá verkefnið okkar þróast í þessa átt er draumi líkast.“

Mars One hefur tekið höndum saman við þá sem þróðu raunveruleikabáttinn Big Brother. Jafnframt hafa nokkur hollensk nýsköpunarfyrirtækið lofað fjármagni. Vísindasamfélagið hefur aftur á móti ekki tekið vel í verkefnið. Nokkrir vísindamenn hjá NASA fullyrða að ómögulegt sé fyrir einkarekið fyrirtæki að standa í mönnum ferðum til Mars. Aðrir benda á að sjálf vísindavinna Mars One sé fjarstæðukennd.

Yfirgnæfandi líkur eru á að áhyggjur vísindasamfélagsins reynist réttar. Það sem skiptir máli í öllu þessu er sjálf hugmyndin. Sjálf niðurstaðan er algjört aukaatriði, það er umræðan sem skiptir máli. Skyndilega eru allir að tala um Mars á ný og þessi umræða fylgir í kjölfarið á síndurteknum niðurskurði til NASA og vísindastofnana vítt og breitt um heiminn.

Vísindasagan sýnir að klikkaðar hugmyndir eru bráðnauðsynlegar. [...] „Við erum ekki að fara til Mars til að deyja. Við erum að fara þangað til að lifa,“ segir Lansdorp.

Myndir þú horfa á svona þátt?

Staldráðu við ...



1. Lesið greinina og leitið að aðalatriðunum um Mars One verkefnið. Skriðið þau niður og notið listann til að búa til stutta kynningu á verkefninu. Þið getið teiknað skýringarmyndir, búið til skriflega frásögn eða kynnt verkefnið munnlega.
2. Í greininni segir að klikkaðar hugmyndir séu bráðnauðsynlegar.
 - a) Eruð þið sammála því? Af hverju, af hverju ekki?
 - b) Munið þið eftir einhverjum hugmyndum sem einu sinni þóttu klikkaðar, en eru nú almennt viðurkenndar?
3. Hugsaðu þér að þér byðist að taka þátt í Mars One-verkefninu. Þú gætir ferðast til Mars og byrjað þar nýtt líf með þremur öðrum einstaklingum.
 - a) Gætir þú hugsað þér að kveðja allt sem þú þekkir og fara út í óvissuna?
 - b) Ef þú mættir aðeins taka þrjá hluti með þér, hverjir yrðu þeir?
 - c) Hvað fyndist þér um það að jarðarbúar fylgdust með þínu daglega lífi í sjónvarpinu?



Geimverurnar og barnið — Elísabet Jökulsdóttir

Eitt sinn komu geimverur fljúgandi til jarðarinnar frá ókunnri stjörnu og stálu þaðan barni sem hafði farið að heiman af því foreldrarir tóku ekki eftir því. Þegar barninu var skilað mörgum ljósárum seinna var það ekki deginum eldra en þegar það hvarf en foreldrar þess orðnir hundgamlir við arineld. Og sem þau sáu barnið vera að þvælast um stofuna spurðu þau hvort annað hvaða barn þetta gæti verið og komust að þeirri niðurstöðu að sennilega væri þetta eitt af helvítis barnabörnunum.

Hvers vegna ætli foreldrarir hafi ekki tekið eftir barninu?



Hvers vegna heldur þú að geimverurnar hafi rænt barninu?

Staldráðu við ...



1. Skrifðu samtal foreldranna, frá því að þeir taka eftir barninu og þangað til þau komast að niðurstöðu um hvaða barn þetta sé. Æfið ykkur í að leika samtalið og flytjið það fyrir annan hóp eða bekkinn.



2. Hvað verður um barnið? Skrifðu framhaldssögu í svipaðri lengd.



Vísir þú að ...?

Ljósár er lengdareining sem stjörnufræðingar nota til að mæla þá fjarlægð sem ljós fer á einu ári í tómarúmi. Ljós er hraðasta fyrirbærið í alheiminum, það ferðast u.þ.b. 300.000 kílómetra á sekúndu, sem þýðir að það ferðast $9,461 \times 10^{12}$ kílómetra á ári.

Vísindaskáldskapur

Möguleikar tækninnar, framtíð mannkyns, vélmenni, geimferðir og geimverur eru dæmi um umfjöllunarefni vísindaskáldskapar.


Upphaf slíkra sagna má rekja til iðnbyltingarinnar sem hófst í flestum heimshlutum um 1760 og stóð fram undir miðja nítjándu öld, þegar vélarafli tók að mörgu leyti við af handafli. Með tilkomu gufuafls, rafmagns og flugs vöknudu upp spurningar um þá óendanlegu möguleika sem mannkynið stóð frammi fyrir. Þessar nýjungar veittu höfundum innblástur til að segja nýstárlegar sögur og varpa fram spurningum um samband mannsins og tækninnar.

Sagt er að fyrsta vísindaskáldsagan sé Frankenstein eftir enska rithöfundinn Mary Shelley. Bókin kom fyrst út árið 1818 og fjallar um vísindamanninn Victor Frankenstein sem skapar veru í mannsmynd frá grunni og tekst að veita henni líf. Frankenstein brýtur siðferðisleg gildi vísindanna, hann gengur of langt og ögrar náttúrlögmálum.

Staldráðu við ...



1. Þær eru ekki ýkja margar, vísindaskáldsögurnar sem hafa komið út á íslensku.
 - a) Ræðið hvers vegna svo fáar íslenskar vísindaskáldsögur hafa komið út. Haldið þið að það eigi eftir að breytast?
 - b) Hvers konar vísindaskáldsögur mynduð þið vilja lesa á íslensku?
 - c) Skriðið niður tillögur ykkar og berið saman við tillögur annarra hópa.



Japönsk ljóð — hækur

Hæka er japanskur bragarháttur. Hæka hefur þrjár ljóðlínur með fimm atkvæðum í fyrstu línu, sjö í næstu og fimm í þeirri þriðju. Hækur eru náttúruljóð, eins og tönkur. Þær innihalda hvorki rím né stuðla.

Eftir tunglskins-hóf	5 atkvæði
héldum við heim að sofa	7 atkvæði
skugginn minn og ég.	5 atkvæði

Sódó

Nú er tunglið fullt -
ilmur af ljósi svífur
yfir vatninu.

Ransetsú, Hattóri (1654–1707)

Síðan hús mitt brann
get ég af alhug gengið
á vit
haustmánans.

Masalúde

Hvernig ilmar ljósið?



Þessi haustmáni
sem lét mig ganga kringum
vatnið heila nótt.

Basó, Matsúó (1643-1694)
Þýðing Helgi Hálfðánarson



Staldráðu við ...



1. Skrifaðu hæku eða hækur um náttúrupplifun, annaðhvort raunverulega eða ímyndaða.



5. KAFLI

UNDIR NORÐURLTJÓSUM

Í þessum síðasta kafla bókarinnar lesum við um bráðnun norðurskautsins og hlýnun jarðar, bæði í okkar heimi og í hliðarheimi, þar sem duft fellur af himnum og ísbirnir smíða sér rammgerðar brynjur. Við fylgjumst með örlögum hvítaljarna í okkar heimi og hlustum á brakið í ísnum. Við hlustum á jojk Sama og sláumst í för með ungum veiðimanni sem fellir sína fystu bráð. Klæðið ykkur vel, við höldum til norðurs.

Skuggasjónaukinn — Philip Pullman

Skuggasjónaukinn eftir Philip Pullman er lokabindi þrúleiksins um Lýru Belaqua og myrku efnin. Í heimi þar sem allar manneskjur eiga sér fylgjur, þar sem nornir og englar fljúga um loftið, brynjubirnir ríkja á ísnum, sígyptar sigla á síkjum og ám og Duft fellur af himnum, ferðast stúlkan Lýra á milli heima þar sem baráttan á milli góðs og ills verður sífellt harðari og hættulegri.



Brynjubirnir: Skyni gæddir, brynjuklæddir og talandi ísbirnir.

Serafína Pekkala: Drottning nornaetbálks.

Frú Coulter: Höfuð kirkjunnar, barnaræningi og móðir Lýru.

Jórekur Byrnisson: Konungur brynjubjarnanna.

Lee Scoresby: Loftbelgjaflugmaður. Vinur og samherji Jóreks.

Sígyptar: Farandþjóðflokkur sem ferðast um á bátum.


Faa lávarður: Höfðingi sígyptanna.

Moskóvítar: Fólk frá Moskóvíu. Her Moskóvíta samanstendur af málaliðum kirkjunnar.

Stanislaus Grumman: Fræðimaður frá okkar heimi sem villtist óvart yfir í heim Lýru.

Asríel Lávarður: Faðir Lýru. Vísindamaður sem sprengdi upp skilin á milli heimanna með ógnvænlegum afleiðingum.

Ruta Skadi: Norn.



3. kafli

Skransafnarar

Serafína Pekkala, drottning nornaættbálksins við Enaravatn, grét á meðan hún flaug um ókyrran himininn yfir heimskautssvæðinu. Hún grét af reiði og ótta og samviskubiti: reiði gagnvart þessari Coulterkonu sem hún hafði heitið að drepa, ótta við það sem var að gerast í ástkæru heimalandi hennar, og samviskubiti ... Hún gæti fengist við samviskubitið seinna.

Í millitíðinni varð henni litið niður á bráðnandi íshelluna, láglandisskógana sem flæddu yfir og ólgandi hafið, og hún var miður sín.

En hún staldraði ekki við til að heimsækja heimaland sitt eða til að veita systur sínum huggun og styrk. Þess í stað flaug hún í norður og enn lengra í norður, inn í þokurnar og stormana umhverfis Svalbarða, ríki Jóreks Byrnissonar, konungs brynjubjarnanna.

Hún ætlaði varla að þekkja stærstu eyjuna. Fjöllin voru snjólaus og svört og það var aðeins í örfáum dölum sem einhvern snjó var að finna í skuggsælustu lægðunum; en hvað var sólin eiginlega að gera hér á þessum árstíma? Allri náttúrunni hafði verið umturnað.

Það tók nornina mestallan daginn að finna ísbjarnakónginn. Hún sá hann innan um skerin undan norðurströnd eyjarinnar, á hröðu sundi á eftir rostungi. Það var erfiðara fyrir ísbirni að veiða í sjónum: þegar landið var þakið ís og sjávarspendýr þurftu að koma upp á yfirborðið til að anda voru birnirnir samlitir umhverfinu og bráð þeirra fjarri sínu rétta umhverfi. Þannig átti þetta að vera.

En Jórekur Byrnisson var svangur og meira að segja hvassar vígtennur rostungsins náðu ekki að fæla hann frá. Serafína fylgdist með viðureign skepnanna á meðan sjávarlöðrið tók á sig rauðan lit og hún sá Jórek draga hræið upp úr öldunum og yfir á breiða steinsyllu, en þrír tætingslegir refir fylgdust með úr hæfilegri fjarlægð og biðu eftir að röðin kæmi að þeim að gæða sér á leifunum.

Þegar bjarnakonungurinn hafði lokið máltíðinni flaug Serafína

Hvers vegna ætli Serafína sé með svona mikið samviskubiti?

Hvað tákna það
að leggja niður
vopnin?

niður til að tala við hann. Nú var kominn tími til að fást við samviskubitið.

„Jórekur Byrnisson konungur,“ sagði hún, „mætti ég eiga við þig orð? Ég legg niður vopn mín.“

Hún lagði boga sinn og örvar á votan steininn á milli þeirra. Jórekur leit sem snöggvast á vopnin og hún vissi að ef nokkurn svip mætti lesa úr andliti hans væri það undrun.

„Láttu vaða, Serafína Pekkala,“ urraði hann. „Við höfum aldrei átt í deilum, eða hvað?“

„Jórekur konungur, ég brást félagi þínum, Lee Scoresby.“

Litlu svörtu augun og blóðugt trýnið bærðust ekki. Hún sá hvernig vindurinn ýfði endana á beinhvítum hárunum á baki hans. Hann þagði.

„Herra Scoresby er dáiinn,“ hélt Serafína áfram. „Áður en hann fór gaf ég honum blóm til að boða mig til sín ef hann þyrfti á mér að halda. Ég heyrði að hann kallaði á mig og flaug til hans en það var um seinan. Hann dó í baráttu við herlið Moskvíta en ég hef ekki hugmynd um hvað þeir voru að gera þarna eða af hverju hann var að tefja för þeirra þegar hann hefði auðveldlega getað flúið. Jórekur konungur, ég er miður mín, ég kvelst af samviskubiti.“

„Hvar var þetta?“ sagði Jórekur Byrnisson.

„Í öðrum heimi. Það er nokkuð löng saga að segja frá því.“

„Segðu mér hana.“

Hún sagði honum frá fyrirætlunum Lees Scoresby: að finna manninn sem var þekktur undir nafninu Stanislaus Grumman. Hún sagði honum frá því er Asriel lávarður rauf skilin á milli heimanna og undan og ofan af afleiðingum þess — hvernig ísinn hafði bráðnað, til að mynda. Hún sagði honum frá flugi Rutu Skadi á eftir englunum og hún reyndi að lýsa þessum fljúgandi verum fyrir ísbjarnakónginum eins og Ruta hafði lýst þeim fyrir henni: ljósinu sem lék um þær, kristaltæru útlitinu, greind þeirra og visku.

Þá lýsti hún því sem hún sá þegar hún svaraði kalli Lees.

„Ég fór með þulu sem varnar því að líkami hans rotni,“ sagði hún.
„Áhrifin endast þangað til þú sérð hann, ef þig langar til þess. En þetta angrar mig, Jórekur konungur. Allt sem er að gerast angrar mig en þetta mest af öllu.“

„Hvar er stúlkan?“

„Ég skildi hana eftir í umsjá systra minna þegar ég þurfti að sinna kalli Lees.“

„Í sama heimi?“

„Já, þeim sama.“

„Hvernig kemst ég þangað?“

Hún útskýrði það. Jórekur Byrnisson hlustaði án þess að sýna nokkur svipbrigði og sagði svo: „Ég ætla að finna Lee Scoresby. Og síðan verð ég að halda í suður.“

„Suður?“

„Ísinn er horfinn af þessum slóðum. Ég hef verið að velta þessu fyrir mér, Serafína Pekkala. Ég er búinn að taka skip á leigu.“

Litlu refirnir þrír höfðu beðið polinmóðir. Tveir þeirra lágu með höfuðið fram á fætur sér og fylgdust með en sá þriðji sat enn og hlustaði á samræðurnar. Refirnir á heimskautssvæðinu voru skransafnarar í eðli sínu og höfðu sankað að sér einhverri þekkingu á tungumáli, en lögun heilans í þeim olli því að þeir gátu aðeins skilið setningar í nútíð. Flest af því sem Jóreki og Serafinu fór á milli var í eyrum þeirra óskiljanlegur orðaflaumur. Ekki nóg með það, þegar þau töluðu var mest af því sem þau sögðu bara lygi, svo það skipti ekki máli þótt þeir endurtækju orð þeirra: enginn gæti greint á milli hvað var satt og hvað ekki, þótt hinar auðtrúa klettavættir tryðu flestu sem sagt var og lærðu ekkert þótt þær yrðu fyrir vonbrigðum. Bæði birnir og nornir voru vön því að einhver hrifsaði glefsur úr samtöllum þeirra eins og kjötinu sem þau höfðu leift.

„Og þú, Serafína Pekkala?“ hélt Jórekur áfram máli sínu. „Hvað ætlar þú að gera núna?“

„Ég ætla mér að finna sígyptana,“ sagði hún. „Ég held að þeirra sé þörf.“



„Faa lávarður,“ sagði ísbjörninn, „já. Góðir bardagamenn. Gæfan fylgi þér.“

Hann sneri sér við, renndi sér hljóðlaust ofan í sjóinn og hóf sundið með taktföstum og þrotlausum sundtökum inn í nýjan heim.

* * * *

Og nokkru seinna var Jórekur Byrnisson á gangi yfir svartan botngróður og sviðna steina í jaðri skógar sem hafði brunnið til ösku. Sólin skaut sterkum geislum í gegnum reykjarmóðuna en hann lét hitann ekki á sig fá og heldur ekki kolarykið sem sverti hvíta feldinn hans eða mýflugurnar sem leituðu án árangurs að húð til að bíta í.

Hann hafði ferðast um langan veg og einhvers staðar á leiðinni fann hann að hann synti yfir í annan heim. Hann tók eftir breytingunni á sjávarbragðinu og lofthitanum, en hann gat ennþá andað að sér loftinu og sjórinn hélt honum á floti, svo hann synti áfram, og nú var sjórinn að baki og hann var næstum kominn til staðarins sem Serafína Pekkala hafði lýst fyrir honum. Hann svipaðist um og beindi svörtum augunum upp á sólgullinn kalksteinsklett fyrir ofan sig.

Á milli brennda skógarjaðarsins og fjallanna var stórgrýtt brekka þakin sviðnum og snúnum málmi: burðarbitum og stöngum sem höfðu verið í einhverjum flóknum vélbúnaði. Jórekur Byrnisson virti brakið fyrir sér með augum smiðs, sem og bardagamanns, en hann gat ekki nýtt sér neitt af þessu rusli. Hann risti með gríðarstórri kló í gegnum þá stöngina sem virtist einna heillegust og fannst málmurinn heldur haldlítill svo hann sneri sér frá og leit aftur rannsakandi augum á klettavegginn.

Þá kom hann auga á það sem hann leitaði að: þröngan skorning sem hvarf inn í skörðótt gil og rétt framan við mynnið var stór en lágur steinn.

Hann klöngraðist jöfnum skrefum í áttina þangað. Smellirnir í þurrum beinum sem brotnuðu undir fótum hans bergmáluðu í kyrrðinni, því á þessum stað höfðu margir menn fallið og orðið

sléttuúlfum, hrægömmum og óæðri skepnum að bráð; en ísbjörninn mikli leiddi þetta hjá sér og hélt varlega áfram með stefnuna á steininn. Grýttur jarðvegurinn var laus í sér og ísbjörninn þungur, og oftár en einu sinni rann urðin til undir fótum hans og dró hann með sér niður brekkuna þannig að mold og mül þyrlandist upp. En jafnóðum og hann rann til baka hóf hann klifrið á ný, ákveðinn og þolinmóður, þar til hann náði upp á klöppina þar sem fótfestan var meiri.

Steinninn var holóttur og skörðóttur eftir byssukúlur. Allt sem nornin hafði sagt honum var satt. Og til frekari sönnunar var þarna örsmátt heimskautablóm, fjólublár steinbrjótur sem blómstraði þótt ótrúlegt væri í skoru á steininum þar sem nornin hafði gróðursett hann sem vísbendingu.

Jórekur Byrnisson gekk upp fyrir steininn. Þar var ágætis skjól fyrir óvinum að neðan en samt ekki fullkomið; því innan um kúlparegnið sem olli því að flísast hafði upp úr steininum leyndust nokkrar kúlur sem hittu í mark og lágu þar sem þær höfðu stöðvast, í líkama mannsins sem hvíldi stjarfur í skugganum.

Þetta var líkami, grafkyrr, en ekki beinagrind, vegna þess að nornin hafði lagt á hann álög til að hindra að hann rotnaði. Jórekur sá hvernig andlit félaga hans var herpt og afmyndað af kvöl vegna sáranna sem hann bar, og hann sá óregluleg götin í fótunum þar sem kúlurnar höfðu farið í gegn. Álög nornarinnar náðu ekki til blóðsins sem hlaut að hafa runnið úr honum en það var gersamlega horfið af völdum skordýra og sólarinnar og vindsins. Lee Scoresby leit ekki út fyrir að vera sofandi og það var heldur enginn rósemdarsvipur á honum; hann leit út fyrir að hafa fallið í bardaga; en það var eins og hann vissi að hann hefði ekki barist til einskis.

Og þar sem loftfarsstjórinn frá Texas var einn þeirra fáu manna sem Jórekur virti þáði hann síðustu gjöf hans til sín. Hann brá klónum fimlega á loft og reif fötin utan af látna manningum, risti hann opinn með einu handbragði og hóf að háma í sig hold og blóð þessa gamla vinar. Þetta var fyrsta máltíð hans í nokkra daga og hann var farið að svengja.

Hvers vegna
leggur Serafína
álög á lík Lees
Scoresby?



Á meðan spannst flókin hugsanavefur í huga ísbjarnakóngsins og í þeim vef voru fleiri þræðir en hungur og saðning. Það var minningin um litlu stúlkuna Lýru sem hann gaf viðurnefnið Silfurtunga, en hann sá síðast á eftir henni þar sem hún gekk eftir veikbyggðri snjóbrú yfir jökulsprungu í heimalandi hans, Svalbarða. Einnig uppnámið meðal nornanna, sögusagnir um samninga og bandalög og stríð, og svo þessi nýja uppgötvun um tilvist annars heims og staðhæfing nornarinnar um að margir aðrir heimar væru til, og að örlög þeirra væru einhvern veginn samtvinnuð örlögum stúlkunnar.

Og svo var það ísinn sem var að bráðna. Hann og þjóð hans lifðu á ísnum, ísinn var heimili þeirra, ísinn var virki þeirra. Allt frá því að þessar víðtæku truflanir á heimskautssvæðinu hófust hafði ísinn verið að hverfa og Jórekur vissi að hann þyrfti að finna ísilagt svæði fyrir ættbálk sinn, því annars væri úti um hann. Lee hafði sagt honum að í suðri væru svo há fjöll að loftbelgur hans kæmist ekki einu sinni yfir þau, og þau væru snævi þakin allt árið. Næsta verkefni hans var að kanna þessi fjöll.

En á þessari stundu hafði nokkuð einfaldara hertekið hjarta hans, eitthvað bjart og hart og óbifanlegt: hefnd. Lee Scoresby, sem bjargaði Jóreki úr hættu með loftbelgnum sínum og barðist við hlið hans á norðurslóðum í hans heimi, var dáinn. Jórekur myndi hefna hans. Hold og bein þessa ágæta manns nærðu hann og settu jafnframt í hann óeirð sem hann myndi ekki jafna sig á fyrr en nægu blóði hefði verið úthellt.

Sólin var að setjast um það bil sem Jórekur lauk máltíðinni og loftið var tekið að kólna. Þegar hann var búinn að safna saman því sem eftir var í litla hrúgu tók ísbjörninn blómið upp með kjaftinum og lét það falla niður í hrúguna miðja, eins og mannfólkið var vant að gera. Nú hafði álögum nornarinnar verið aflétt: það sem eftir var af líki Lees stóð hverjum sem vildi til boða. Brátt myndi það næra tylft ólíkra lífvera.

Svo lagði Jórekur af stað niður brekkuna í áttina aftur til hafsins, í áttina suður.



Staldráðu við ...



1. Skriðu lýsingu með ykkar eigin orðum á því sem Serafína sér á flugi sínu, þangað til hún flýgur niður til að tala við Jórek.



2. Í kaflanum er margt allt öðruvísi en í okkar heimi, en sumt er mjög líkt eða alveg eins. Búið til tvo dálka og skrifu niður að minnsta kosti fjögur atriði sem passa við okkar heim og fjögur sem passa ekki. Berið svörin saman við hina hópana.



3. Hver er gjöf Lees Scoresby til Jóreks? Hvað finnst ykkur um þá gjöf?



4. Norn, brynjubjörn, sígypti, engill, heimskautarefur sem skilur talað mál ... Veldu þér persónu eða veru úr kaflanum og teiknaðu hana, eða túlkaðu á annan hátt, til dæmis í tónlist eða dansi.



Mýrdalsjökull

Þegar snjórinn lemur gluggana, vegir lokast vegna ófærðar og skaflarnir hlaðast upp, getur verið erfitt að sjá fyrir sér áhrif hnattrænnar hlýnunar á Íslandi. Samt sýna niðurstöður rannsóknna að hlýnun hér á landi, síðan snemma á 19. öld, nemur rúmlega 0,7°C á öld. Merki þessarar hlýnunar sjást greinilega í náttúru Íslands. Sem dæmi má nefna að gróður vex hraðar og meira en áður og skógarmörk birkis færast ofar í landið. Hlýnunin gerir norðlægum fuglategundum, svo sem stuttnefju, erfiðara uppdráttar og umhverfisbreytingar í hafinu hafa valdið mikilli fækkun sjófugla. Jafnframt nema sífellt fleiri suðlægar fuglategundir land.

Allir jöklar landsins sem ekki eru framhlaupsjöklar hopa hratt og þynnast. Íslenskir jöklar þynnast nú um u.þ.b. 1 m á ári að meðaltali. Mýrdalsjökull, syðsti jökull landsins og sá fjórði stærsti, er þar engin undantekning.

Undir Mýrdalsjökli leynist ein þekktasta eldstöð landsins, Katla, sem jafnframt er meðal þeirra sem gosið hafa hvað oftast síðan land byggðist. Mýrdælingar fylgjast vel með þessum völduga nágranna sínum og þekkja vel þær breytingar sem hafa orðið á jöklinum undanfarna áratugi.

Systkinin Þorgerður og Grétar Einarsbörn eru fædd og uppalin í Reynishverfi í Mýrdal. Þau fluttu bæði

til Víkur á fullorðinsárum og hafa fylgst með Mýrdalsjökli í áratugi, hvort á sinn hátt.

Þorgerður segir svo frá:

„Það hafa orðið miklar breytingar á jöklinum síðan ég fæddist árið 1960, en ég fór ekki að fylgjast með honum að ráði fyrr en ég flutti í húsið mitt í Vík, tuttugu og tveggja ára gömul. Þar horfi ég á Mýrdalsjökul út um eldhúsgluggann.

Ég sé hann gægjast upp á milli tveggja fjalla, svolítið eins og húfu. Stundum er jökullinn hvítur, stundum er hann skellóttur og stundum er hann grár. Mér finnst hann alltaf lang fallegastur á haustin þegar fyrstu snjóarnir koma. Þá er hann skjannahvítur og sléttur. Hann var hinsvegar ljótastur í gosinu úr Eyjafjallajökli. Þá varð hann kolsvartur.

Fljótlega eftir að ég flutti í húsið fór ég að taka eftir því að jökullinn skrapp saman. Það var ekkert sem gerðist frá einum degi til annars, heldur hægt og sígandi. Árið 2005 endurnýjaði ég eldhúsgluggann og þá var settur í hann miðjupóstur. Eftir það varð enn greinilegra hvernig jökullinn minnkaði, því þá hafði ég viðmið í glugganum. Jökullinn náði upp undir póstin þegar nýi glugginn var settur í, en hann hefur lækkað mikið miðað við póstin og nú er hann kominn langt niður fyrir.“

Grétar gjörþekkir jökulinn og segir hér frá nokkrum af þeim breytingum sem hann hefur orðið var við:

„Ég hef flakkað í kringum jökulinn, á honum og yfir hann síðustu tuttugu og sjö ár. Á þeim tíma hef ég orðið var við miklar breytingar á jöklinum, mestar á jaðrinum, þar sem hann hefur bæði hopað mikið og lækkað. Sem dæmi má nefna að inni í Höfðabrekkuafrétt upp af Þakgili féll áður einskonar ísfoss frá jöklinum ofan í gil og til hliðar við hann var samfelld snjóhella. Nú eru hliðarnar auðar og ísfossinn er nánast horfinn.

Upp af Hafursey rétt fyrir austan Vík var fyrir tólf árum hægt að ganga beint inn á jökulinn af heiði sem heitir Moldheiði. Þar er núna dalur og djúpt stöðuvatn þar sem áður var jökull. Það sama hefur gerst hjá Sólheimaskriðjökli. Fyrir tíu árum þurfti að klifra hátt upp þykkann jökulsporðinn til að komast upp á jökulinn. Nú er 45 metra djúpt stöðuvatn við endann á jöklinum, þar sem jökulsporðurinn var áður.

Árið 1952 fórst bandaríska herflugvélin Neptún á Mýrdalsjökli. Björgunarmenn komust ekki að henni vegna óveðurs og hún hvarf í jökulinn. Árið 1980 skilaði jökullinn braki flugvélarinnar og líkamsleifum áhafnarinnar. Síðan þá hefur jökullinn hopað 400–500 metra þannig að það sem eftir er af brakinu stendur á landi, um 500 metra frá jökuljaðrinum. Þetta eru bara nokkur dæmi, en svona gæti ég haldið lengi áfram.“



Hvers vegna ætli hlýnunin hafi svona mikil áhrif á fuglana?

Af hverju ætli jökullinn breyti svona um lit?

Hvers vegna skyldi flugvélin hafa horfið í jökulinn?

Hvernig skyldi jökullinn hafa farið að því að skila vélinni og þeim sem í henni voru?

Staldráðu við ...



1. Skoðaðu vandlega myndirnar sem sýna Mýrdalsjökul árin 1986 og 2014. Skrifaðu stutta lýsingu á myndunum og muninum á þeim.



2. Lesið textann og viðtölin hér að framan. Veljið eitt atriði sem ykkur finnst mikilvægt eða áhugavert. Skrifið það niður og aflið ykkur frekari upplýsinga, til dæmis á netinu. Skrifið stutta kynningu og flytjið hana fyrir bekkinn.

3. Í textanum eru nokkur örnefni. Skrifið þau niður, útvegið ykkur kort af svæðinu, til dæmis í landabréfabók eða á netinu, og athugið hvað þið finnið mörg þeirra á kortinu.



Vísir þú að ...?

Til er rýmingaráætlun fyrir hvern einasta íbúa á láglandinu í Víkurþorpi og í nágrennasveitunum, þar sem hætta er á jökulhlaupum. Í áætluninni eru allir íbúar skráðir og upplýsingar um hvert á að fara ef Katla gýs. Áætlunin er endurskoðuð árlega, nýjum íbúum bætt við, flutningar og andlát skráð. Rýming þorpsins er æfð reglulega. Síðasta Kötlugos var 1918 og er Katla því komin „á tíma“ en aldrei hefur liðið svona langt á milli gosa frá landnámi.



Mýrdalsjökull
1986



Mýrdalsjökull
2014

Ísbirnir

Ísbirnir, eða hvítabirnir, eru öflug rándýr og geta drepið önnur dýr sem eru allt að þrefalt þyngri en þeir sjálfir. Til að mynda hefur sést til þeirra ráðast á og éta fullvaxta rostunga. Að öðru leyti er helsta fæða bjarnanna minni dýr á borð við seli og ef árferðið er erfitt gæða þeir sér á nánast hverju sem er, jafnvel hræjum sem þeir finna. Enda lifa þeir við erfiðar aðstæður í kulda á ísbreiðum við Norðurheimskautið.

Bráðnun jökla og hafíss vegna hnattrænnar hlýnunar gerir það að verkum að ísbirnir eiga æ erfiðara með að lifa af í náttúrulegum heimkynnum sínum. Þegar ísinn og snjórinn bráðnar eiga ísbirnir mjög erfitt með að finna æti. Af þessum sökum eru þeir í útrýmingarhættu.

Ísbirnir hafa verið tíðir gestir á Íslandi frá örófi alda og er þeirra getið í ýmsum Íslendingasögum. Þá hefur rekið hingað á land með hafís úr norðri en vegna bráðnunar hefur heimsóknun þeirra fækkað í seinni tíð. Nokkrir hafa þó skotið upp kollinum undanfarin ár en ekki hefur reynst unnt að fanga þá lifandi svo hægt væri að flytja þá heim til sín. Ef þeir komast nálægt mannabyggð er voðinn vís. Eftir flakkið yfir hafið eru þeir hungraðir og stórhættulegir, því þótt þeir virðist stórir og klunnalegir geta þeir sannarlega sprett úr spori yfir stuttar vegalengdir og náð allt að 40–50 kílómetra hraða á klukkustund. Fáir gætu því hlaupið af sér ísbirni.

Staldráðu við ...



1. a) Notið veraldarvefinn til þess að finna upplýsingar um hvar ísbirnir lifa helst á norðurhveli jarðar.
b) Mælið síðan og áætlið eftir bestu getu hversu langt ísbirni rekur á hafís til Íslands.



2. a) Hvernig haldið þið að best væri að fanga ísbjörn lifandi?
b) Hvort væri betra: Að hann fengi heimili hér á landi, til dæmis í húsdýragarðinum, eða að hann yrði fluttur aftur á norðurheimskautið?
Skiptið ykkur í hópa og skrifið niður rök með og á móti báðum kostunum. Berið listana saman og veljið þá leið sem ykkur líst betur á, út frá þessum rökum. Undirbúið kynningu á ykkar sjónarmiði og flytjið hana fyrir bekkinn.



Samar og jojk

Samar er samheiti yfir þjóðfélagshópa sem hafa búið í norðurhluta Svíþjóðar, Noregs, Finnlands og á hluta af Kólaskaga í Rússlandi í þúsundir ára. Þeir eru afkomendur einu upprunalegu þjóðflokkanum í Skandinavíu sem vitað er um; hirðingja sem lifðu þar flökkulífi. Í dag hafa flestir Samar sest að meðal annarra Norðurlandabúa og starfa á öllum sviðum mannlífsins. Sumir þeirra starfa við hreindýrabúskap, helstu atvinnugrein Sama. Hreindýrabúskapur er ekki ósvipaður íslenskum sauðfjárbúskap, hreindýrin lifa frjáls í skógum og fjöllum og er síðan safnað í réttir þegar líða tekur á haustið.

Áður fyrr bjuggu Samar sunnar í Skandinavíu en áttu síðan undir högg að sækja þegar aðrar þjóðir settust þar að og tóku yfir landsvæðin. Í dag njóta flestir Samar fullra réttinda og í mörgum bæjum í norðri, eins og Jokkmokk í Norður-Svíþjóð, er menningu þeirra gert hátt undir höfði.

Hinir samísku þjóðflokkar hafa varðveitt listir sínar, menningu og hefðir. Eitt af því þekktasta úr samískri list er jojk, einstakur söngur sem lýsir stöðum, einstaklingum og tengslum manns og náttúru, stundum með yfirnáttúrulegum skírskotunum. Sumt jojk er ævafornt, það hefur varðveist í munnlegri geymd og sagt er að í því sé að finna uppruna hins norræna seiðs. Í sumum tilfellum er jojkað án orða en í öðrum er um ljóðasöng að ræða, blöndu af ljóði og söng. Jojk getur verið dýrleg ljóðlist en einnig hversdagslegur kveðskapur. Umfjöllunarefni eru mörg og mismunandi: forfeður, hreindýr, stjörnur, ást og hatur, fjöllin, ísinn, veiðibráð — ljóðasöngur Samanna er til þess gerður að ná betri tengslum við umhverfi sitt. Langt fram á 20. öld var litið hornauga á jojk og sumir gengu það langt að segja að söngvarnir væru frá Satan komnir. En svo er ekki lengur.

Þrátt fyrir andstreymið varðveittist jojkið. Það er í fullum blóma enn þann dag í dag og er blandað inn í ýmsar tónlistarstefnur. Einn af þekktari samískum listamönnum heims er söngkonan Mari Boine sem hefur vakið athygli fyrir notkun sína á samískum menningararfi í heimstónlist sinni. Hún jojkar oft í lögunum og syngur einnig um stöðu Sama í dag. Hún vinnur með ljóðsönginn og þróar hann en þannig telja margir að jojkið varðveittist best.

Norrænn seiður,
hvað heldur þú
að það sé?

Hvernig hefur
jojkið varðveist
á milli kynslóða?



Staldræðu við ...



1. Sagt er að Samar séu afkomendur hirðingja sem lifðu flökkulífi. Kynntu þér lifnaðarhætti Sama, þá og nú, og skrifaðu stuttan texta:
 - a) Hvernig bjuggu þeir? Hvernig voru híbýli þeirra?
 - b) Hvað störfuðu þeir helst við?
 - c) Hvernig öfluðu þeir sér matar?
 - d) Hvar og hvernig búa Samar í dag?

Svartir steinar

Sótugir steinar í hring,
hrís ennþá í kring,
fjalhöggið fúnað,
hjallurinn fallinn.

Allt er kafið grasi,
mótar varla fyrir neinu.
Hvað varð af fólkinu
sem bjó hér forðum?

Eitt sinn voru hér börn að leik,
jojkkvað við á degi hverjum.
Nú er ekki annað eftir
en sótugir steinar í hring.

— Ellen Marit Gaup Dunfjeld
(ísl. þýðing: Einar Bragi)

Staldræðu við ...



- Skrifaðu niður stutta útskýringu á því sem ljóðmælandi lýsir í hverju erindi.
 - Settu því næst útskýringarnar í samhengi og skrifaðu stutta en samfellda frásögn, t.d. örsögu þar sem þú nýtir útskýringarnar sem efnivið.
 - Hverju er verið að lýsa í ljóðinu?
 - Hver er þín túlkun á svörtu steinunum? Hvað heldur þú að þeir tákni?
- Flettu aftur á bls. 4 og lestu ljóðið „Heyr rödd formæðranna“. Jojkk er persónuleg túlkun á umhverfi og fyrirbærum og getur fjallað um nánast hvað sem er.
 - Ef þú værir Sami sem byggir á Íslandi, hvað myndir þú jojka um?
 - Skrifaðu tíu lína jojkkvað um eitthvað sem skiptir þig miklu máli. Form textans má vera frjálst, eins og ljóð án stuðla, höfuðstafa og ríms.



Vísir þú að ...?

Grænland er stærsta eyja jarðarinnar. Landið tilheyrir Norður-Ameríku landfræðilega en hefur tengst Evrópu menningarlega allt aftur til þess tíma þegar víkingar frá Íslandi numu þar land. Grænland hlaut sjálfstjórn árið 2009 en tilheyrir ennþá danska konungsríkinu. Á Grænlandi er mikil hefð fyrir sel- og hvalveiðum en fiskveiðar eru mikilvægasta tekjulind landsins.



Fyrstu skrefin — Nuka K. Godtfredsen

Við erum stödd í norðri fyrir 4500 árum, í landi sem við þekkjum í dag sem Grænland. Í kulda og ís er mikilvægt að kunna réttu tökun til þess að finna sér æti og leita skjóls. *Fyrstu skrefin* er myndasaga um ættbálk fólks sem fluttist búferlum frá Norður-Asíu,

Snemma síðdegi eitt fóru Kimik og yngri bróðir hans, Qisuk, út á ísinn til þess að veiða í vök, og tóku þeir Nanu með sér. Þetta var fyrsta skiptið hans og honum þótti erfitt að gera sér í hugarlund hvernig hægt væri að fanga sel í gegnum vök. Nanu var fullur eftirvæntingar! Hann hafði svo oft heyrt um veiðar í vök, nú fengi hann loksins að taka þátt í þeim og því barst frá honum spurningaflóð. Kimik var góður maður með mikla kímigáfu og honum og Nanu kom vel saman. Kimik var góður leiðbeinandi, hann sagði Nanu allt um veiðarnar og hvernig verkfærin væru búin til og þeim haldið við. Það sem Nanu var í þann mund að upplifa var allt öðruvísi en héraveiðar.

Kimik, hvers vegna koma selir upp til þess að anda?

Sjáðu, Nanu! Hér er vök! Bráðum kemur selur upp til þess að anda. Þegar hann stingur nefinu upp úr vatninu skutla ég í hann eins snögg og ég get.

Nanu, ég bjó til þennan skutulsodd úr hreindýrahorni. Sjáðu, ég gerði holu í skaftið svo að hann smellpassar.


Blaðið þarf að vera skorðað í skutulsoddinum.

Nanu, við þurfum að brýna blaðið áður en við festum það í skutulsoddinn. Ég þarf bara að ná í verkfærin mín!

Fylgstu nú með, Nanu. Þú þrýstir hér, mjög varlega ... svona, og nuddar litlu flísarnar af. Á þann hátt verður egg blaðsins beitt. Alveg eins og ný.

Áður fyrr batt ég blaðið fast með snæri en það átti til að slitna þegar ég skutlaði í dýr. Þannig að þegar þú verður stór, Nanu, verður þú að muna að festa blaðið á skutulsoddinn á þennan hátt. Hah! Sérðu hvernig blaðið lítur út? Það er eins og að dýr hafi bitið í það.


yfir hafísinn og til Grænlands. Aðalpersónan er Nanu, ungur strákur sem er að taka sín fyrstu skref í hinum stóra heimi ísbreiðunnar. Hér sjáum við brot úr myndasögunni, þar sem Nanu er kennt að útbúa skutul og veiða sel í gegnum vök.



Staldráðu við ...



1. Munið þið eftir fleiri frásögnum af veiðum og fæðuleit í Töfraskinnu? Hvað finnst ykkur vera líkt og ólíkt með sögunum?
2. Á köldum vetrarkvöldum hefur fólk íð að öllum líkindum sagt hvert öðru sögur. Getið þið gert ykkur í hugarlund um hvað sögurnar voru? Hafið umhverfi og tíma í huga.
3. Skoðaðu myndirnar í myndasögunni aftur. Hvað á myndunum gefur til kynna að sagan gerist í fortíðinni?
4. Hvað sýnist þér að barnið í sögunni sé gamalt?
5. Hvaða aðferðum beita fullorðnu mennirnir við að kenna Nanu veiðar?
6. Berðu saman myndirnar og textann. Eru einhverjar upplýsingar aðeins á myndunum en ekki í textanum?
7. Skoðaðu litina á myndunum. Má lesa eitthvað úr þeim?




Desemberbréf

til De La Mare

Kæri Walter,
það er farið að snjóa
hérna, hvernig er það
í handanlandinu þínu?
Eru dvergarnir nógu vel
klæddir, hafa tröllin
eitthvað hlýtt um háls,
ertu með kveikt á ljós-
ofninum þínum í gler-
kúlunni? Þú sendir mér
kannski línu eftir
áramótin

Gyrðir Elíasson



Staldráðu við ...



1. Hver gæti þessi Walter verið? Þurfum við að vita það til að skilja ljóðið? Eða þarf kannski ekkert að skilja ljóð til að njóta þeirra?



2. Settu þig í spor Walters. Svараðu ljóðmælandanum, til dæmis með þínu eigin ljóði, með stuttu bréfi eða á annan hátt.

Heimildir

- Andersen, Kenneth Bøgh. 2014. *Teningur Mortimers*. Harpa Jónsdóttir þýddi. Björt-Bókabeitan, Reykjavík.
- Andri Snær Magnason. 2013. *Tímakistan*. Mál og menning, Reykjavík.
- Angel, Gemma. „Tattooing in Ancient Egypt Part 2: The Mummy of Amunet.“ *Researchers in Museums*. (Skoðað 17.02.2015).
- Anna Th. Rögnvaldsdóttir. 2010. *Ritun kvikmyndahandrita*. Ax, Reykjavík.
- Árni Björnsson. 1990. *Íslenskt vættatal*. Mál og menning, Reykjavík.
- Baldur Hafstað. 2011. „Snör mín hin snarpa og, tengdó.“ *Morgunblaðið* 03.07.11. Sjá Tímarit.is (Skoðað 15.01.15).
- Baldur Jóhann Þorvaldsson. 2002. „Ógnvætturinn á ísnum.“ *Lifandi vísindi*. 14 tlb. 2002.
- Buckley, Michael. 2012. *Ævintýraspæjarar*. Marta Hlín Magnadóttir og Birgitta Elín Hassel þýddu. Bókabeitan, Reykjavík.
- Collins, Suzanne. 2011. *Hungurleikarnir*. Magnea J. Matthíasdóttir þýddi. JPV útgáfa, Reykjavík.
- „Dægurflugur.“ *Vefur Náttúrufræðistofnunar Íslands*. (Skoðað 10.03.2015).
- „Dularfullir atburðir og sterkir straumar frá jöklinum.“ 1993. *Dagblaðið Vísir* 05.11.1993. Sjá Tímarit.is (Skoðað 20.01.2015).
- Eddukvæði*. 1999. Umsjón útgáfu Gíslis Sigurðsson. Mál og menning, Reykjavík.
- Elisabet Kristín Jökulsdóttir. 1998. *Galdrabók Ellu Stínu: hjartasögur*. Mál og menning, Reykjavík.
- Emil Hjörvar Petersen. „Hvað eru furðusögur?“ Fyrirlestur á Lestrarhátíð í Reykjavík, 7. október 2014, Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO.
- Encyclopedia of Fantasy, The. 1997. Ritstj. John Clute og John Grant. 2. útg. Orbit, London.
- Gerður Kristný. 2007. *Höggstaður*. Mál og menning, Reykjavík.
- „Geimverur í fljúgandi furðuhlutum létu ekki sjá sig við Snæfellsjökul í gærkvöldi.“ 1993. *Morgunblaðið* 06.11.1993. Sjá Tímarit.is (Skoðað 20.01.2015).
- Godtfredsen, Nuka K., *The First Steps*. 2009. Emil Hjörvar Petersen þýddi. Síðurnar tvær í Töfraskinnu eru hluti af þýðingu fyrir Bókmenntahátíð í Reykjavík 2013.
- Grétar Einarsson, rófubóndi. Viðtal 20. febrúar 2015.
- Gylfi Magnússon. „Hvað er gullfötur og hverjir eru kostir hans og gallar?“ *Vísindavefurinn* (Skoðað 12.3.2015).
- Gyrðir Elíasson. 1991. *Vetraráform um sumarferðalag*. Mál og menning, Reykjavík.
- Halldór Björnsson. „Líklegar breytingar á Íslandi.“ *Vefur Veðurstofu Íslands*. (Skoðað 25.1. 2015).
- Halldór Björnsson. „Jöklar við Norður-Atlantshaf rýrna hratt.“ *Vefur Veðurstofu Íslands*. (Skoðað 25.1. 2015).
- Hannes Pétursson. 1962. *Stund og staðir*. Helgafell, Reykjavík.

- „Háskólabíó: Ráðstefna um geimverur.“ 1993. Dagblaðið Vísir 05.11.93. Sjá Tímarit.is (Skoðað 20.01.2015).
- Helgi Björnsson. „Hver verður líkleg staða jökla hérlendis eftir 50 ár miðað við óbreytta þróun?“ Vísindavefurinn (Skoðað 25.1.2015).
- Helgi Björnsson. 2009. *Jöklar á Íslandi*. Opna, Reykjavík.
- Hvísla að klettinum: Ljóð, jojk, þjóðsögur og ævintýri úr fórum Sama*. 1981. Einar Bragi þýddi. Menningarsjóður, Reykjavík.
- Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*. Safnað hefur Jón Árnason. I–VI. 1954–1961. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfuna. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík.
- Japönsk ljóð frá liðnum öldum*. 1976. Helgi Hálfðanarson þýddi. Heimskringla, Reykjavík.
- Jóhann Ævar Grímsson og Ottó Geir Borg. 2007. „Astrópía“ – handrit. Kisi Production, Reykjavík.
- Jón Gunnar Þorsteinsson. „Hvað er elsta tré í heimi og hvað er það gamalt?“ Vísindavefurinn (Skoðað 15.3.2015).
- Jón G. Friðjónsson. 2014. *Orð að sönnu: íslenskir málshættir og orðskviðir*. Forlagið, Reykjavík.
- Jón Már Halldórsson. „Er það satt að ísbirnir éti stundum dýr sem eru þrisvar sinnum stærri en þeir sjálfir?“ Vísindavefurinn (Skoðað 24.2.2015).
- Kjartan Hreinn Njálsson. 2014. „Veriði velkomin til Mars.“ Fréttablaðið 15. nóvember 2014, bls. 38.
- Kremer, William. „Why did men stop wearing high heels?“ BBC News Magazine. (Skoðað 27.01.2015).
- McCloud, Scott. 2000. *Understanding Comics*. Ritstj. Mark Martin. Paradox, New York.
- „Nicolas Flamel.“ History of Alchemy. (Skoðað 01.02. 2015).
- Pratchett, Terry. 1997. *Flóttinn*. Þorgerður Jörundsdóttir þýddi. Mál og menning, Reykjavík.
- Ragnheiður Gestsdóttir. 2011. *Gegnum glervegginn*. Veröld, Reykjavík.
- Ritið: Staðleysur. 2001. 1. hefti, 2. árgangur, ritstj. Guðni Elísson og Jón Ólafsson. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Rowling, J. K. 1999. *Harry Potter og viskusteinninn*. Helga Haraldsdóttir þýddi. Bjartur, Reykjavík.
- Scott, Michael. 2009. *Gullgerðarmaðurinn: leyndardómurinn um hinn ódauðlega Nicolas Flamel*. Guðni Kolbeinsson þýddi. JPG-útgáfa, Reykjavík.
- Simek, Rudolf. 1993. *Hugtök og heiti í norrænni goðafræði*. Ritstj. Heimir Pálsson, Ingunn Ásdísardóttir þýddi. Heimskringla, háskólaforlag Máls og menningar, Reykjavík.
- Snorri Sturluson. 2003. *Snorra-Edda*. Heimir Pálsson annaðist útgáfuna. Mál og menning, Reykjavík.
- Tolkien, J. R. R. 2104. *Hobbitinn; eða út og heim aftur*. Þorsteinn Thorarensen þýddi, 2. útg. Sena, Reykjavík.
- Undir norðurljósum: samísk ljóð*. 2003. Einar Bragi þýddi. Ljóðbylgja, Reykjavík.
- Unnar Árnason. „Hvaða rómversku guðir samsvöruðu ekki forngrísku guðunum?“ Vísindavefurinn (Skoðað 19.2.2015).
- Úlfhildur Dagsdóttir. 2014. *Myndasagan: hetjur, skrýmsl og skattborgarar*. Froskur, Reykjavík.

Vandenbeusch, Marie. „Tattoos in ancient Egypt and Sudan.“ The British Museum Blog. (Skoðað 17.02.2015).

Vera Illugadóttir. 2008. „Ísbirnir.“ Skakki turninn 6. tlb. Reykjavík. Bls. 52–54.

„Voyager.“ NASA Jet Propulsion Laboratory: California Institute of Technology. Andrea Angrum, umsjónarmaður vefs. (Skoðað 17.02.2015).

„Voyager to the Outer Planets and Into Interstellar Space.“ NASA Jet Propulsion Laboratory: California Institute of Technology. Andrea Angrum, umsjónarmaður vefs. (Skoðað 17.02.2015).

Þorgerður Einarsdóttir, deildarstjóri. Viðtal 7. febrúar 2015.

Þuríður Jónasardóttir. 2007. *Mening Sama og staða kvenna í samískum samfélögum*. Lokaverkefni í Félagsvísinda- og lagadeilda Háskólans á Akureyri.

Teikningar og ljósmyndir

Bls. 23 © 2016 Bata Shoe Museum, Toronto, Canada, ljósmyndarar: David Stevenson og Eva Tkaczuk

Bls. 26 Wellcome Library, London. Wellcome Images/Wikimedia

Bls. 75 Birt með leyfi Ingvars Þórðarsonar

Bls. 90 Mbl/Rax

Bls. 102 Mars One / Bryan Versteeg

Bls. 123 NASA

Bls. 129 miðja: Visit Greenland A/S / Mads Pihl, Nordic photos

Bls 129 neðst: Jenny Ross, Visit Greenland A/S / Mads Pihl

Shutterstock: 31, 55, 69, 70–71, 73, 92, 104–105, 110–111, 112, 119, 120, 124–125, 127, 129 (2), 133

Töfraskinna

Ævintýrin geta gerst hvar sem er. Geimverur lenda næstum á íslenskum jökli, brjálaður risi gengur berserksgang, fornir guðir standa í stórræðum og sjálfur dauðinn íhugar tilgang lífsins.

Í Töfraskinnu fá lesendur tækifæri til að fara í huganum um framandi slóðir og ævintýraheima og kynnast sögum og menningu úr ólíkum áttum.

Töfraskinna er þriðja bókin í röð lestrarbóka og er einkum ætluð nemendum á miðstigi grunnskóla.

Emil Hjörvar Petersen bókmenntafræðingur og rithöfundur og Harpa Jónsdóttir grunnskólakennari og rithöfundur völdu efni, sömdu texta og verkefni.

Kennsluleiðbeiningar eru aðgengilegar á vef Menntamálastofnunar www.mms.is

m MENNTAMÁLASTOFNUN
40039

ISBN 978-9979-0-1999-2



9 789979 019992